


**skoðun** 16

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk




## Nýtist börnum vel

*Jógakennarinn Eva Rún Þorgeirsdóttir hefur kennt börnum jóga við barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík í vetur.*

**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**3. júlí 2012**
154. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012






**GINNUNGAGAPI LOKAÐ** Verið var að leggja brú niður Kárastaðastíg í Almannagjá þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær. Tíu til fjórtán metra djúp hola myndaðist í gjánni í fyrra og sagði Einar Á. Sæmundsen, fræðslufulltrúi garðsins, þá að um hálfgert Ginnungagap væri að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Feta í fótspor Þórbergs

*Baldur Sigurðsson, Eva Benediktsdóttir og framhjágangan.*

**tímamót** 22

## Aftur í dansþáttinn

*Lag með hljómsveitinni Steed Lord var notað í hinn vinsæla sjónvarpsþátt So You Think You Can Dance.*

**popp** 34



## Stjarnan upp í 3. sæti

*Níunda umferð Pepsi-deildar karla kláraðist í gær.*

**sport** 30

### veðrið í dag




**HÆGUR VINDUR** í dag má búast við hægum vindi eða hafgolu. Það verður bjart með köflum suðaustan til en heldur skýjað í öðrum landshlutum og horfur á rigningu eða skúrum, einkum NV- og N-lands.

VEÐUR 4

# Yfirmenn fá laun leiðrétt en aðrir borgarstarfsmenn ekki

**Laun starfsmanna Reykjavíkurborgar sem eru undir kjararáði hafa hækkað vegna ákvörðunar ráðsins. Aðrir starfsmenn fá ekki hækkun. Stéttarfélög segja verið að svíkja samninga um tímabundna lækkun.**

**REYKJAVÍK** Sumir yfirmenn Reykjavíkurborgar hafa fengið leiðréttingu á kjaraskerðingu sem samið var um í janúar 2009 afturvirkt frá 1. október 2011. Það gildir ekki um aðra starfsmenn Reykjavíkurborgar, aðeins þá sem bundnir eru ákvörðun kjararáðs, en það ákvað leiðréttinguna.

Borgarráð ákvað í kjölfar bankahrunsins að semja upp á nýtt og þeir starfsmenn sem voru með yfir 300 þúsund krónur í mánaðarlaun lækkuðu í launum um 4 til 10 prósent. Ákvörðun kjararáðs leiðréttir þá skerðingu fyrir hluta starfsmanna borgarinnar.

Bandalag háskólamanna (BHM) hefur ritað borgarráði bréf og krafist þess að leiðréttingin nái til allra starfsmanna. Þar er bent á að í samningum sem gerðir voru í janúar 2009 var skýrt kveðið á um að um tímabundna lækkun væri að ræða. Í svari borgarritara, Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur, við bréfi BHM, hafnar borgin því að um vangoldin laun sé að ræða. Yfirvinna hafi verið minnkuð og hámark hennar lækkað úr 48 klukkustundum á mánuði í 35.

**10%** lækkun varð á launum hæstlaunuðu starfsmanna borgarinnar 2009.

Birgir Guðjónsson, formaður Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga segir borgina mismuna með því að leiðrétta ekki hjá öllum.

**- kóp /** **sjá síðu 4**

Bardagakappinn Gunnar Nelson á í samningaviðræðum við UFC:

# Á leiðinni í hóp þeirra bestu

**BARDAGAÍÞRÓTTIR** „Það má líkja þessu við að spila í Meistaradeildinni í fótbolta,“ segir Haraldur Nelson, faðir og umboðsmaður bardagakappans Gunnars Nelson.

Gunnar á nú í samningaviðræðum við UFC (Ultimate Fighting Championship), stærsta bardagasamband heims og ef af samningnum verður yrði hann fyrsti Íslendingurinn til að semja við UFC.

> Gunnar er kominn á þann stað sem hann hefur stefnt á leynt og ljóst.
>
> **HARALDUR NELSON**
> FAÐIR GUNNARS NELSON

„Þetta er langstærsta keppnin í heiminum og Gunnar er kominn á þann stað sem hann hefur stefnt á leynt og ljóst,“ segir Haraldur.

Haraldur vill ekki gefa upp launin sem Gunnar gæti fengið hjá UFC.

„En þetta þýðir að hann getur stundað sitt sport og þarf ekki að hafa áhyggjur af kostnaði.“

Fari svo að Gunnar semji við UFC má gera ráð fyrir að hann heyi sinn fyrsta bardaga hjá sambandinu í Nottingham á Englandi í lok september.

**- kh /** **sjá síðu 34**


Sumar-
sprengja
dagana
3. til 9. júlí
– sjá síðu 13




Fosshals 5-7
110 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is
Útilegu maðurinn




Skagfirskur sveitabiti
Mýksti brauðosturinn á markaðnum nú á tilboði!
Fáanlegur 26% og 17%.

Aspirin
Actavis
– fæst án lyfseðils í apótekum



actavis

## SPURNING DAGSINS



*Páll, þarftu þá ekki að drífa í að stofna nýtt félag?*

„Drífuvinafélagið er það drífandi að það þarf ekki að dreifa því.“

Páll Reynisson stóð að stofnun Drífuvinafélagsins sem vann að því að safna 120 haglabyssum sem Jón Björnsson smíðaði og voru kallaðar Drífur vegna langdrægni sinnar. Sú síðasta kom í leitirnar fyrir nokkrum dögum.

Dagforeldrar í Reykjavík ósáttir við misvísandi skilaboð frá yfirvöldum:

# Segja starfsöryggi sínu ógnað

**SAMFÉLAGSMÁL** Reykjavíkurborg hefur nú ákveðið að hefja innritun barna sem eru fædd í janúar 2011 í leikskóla borgarinnar.

„Þetta gæti sett strik í reikninginn hjá þeim dagforeldrum sem eru búnir að fylla hjá sér í öll pláss og vísa börnum annað. Sumir gætu endað með tvö, þrjú börn í staðinn fyrir fjögur, fimm,“ segir Bergljót Snorradóttir, einn forsvarsmanna Barnsins, samtaka dagforeldra í Reykjavík.

Fyrir rúmri viku birtust fréttir af því að Reykjavíkurborg hygðist ekki innrita börn fædd árið 2011 í leikskóla á þessu ári.

Þessi viðsnúningur kemur sér afar illa fyrir dagforeldra.

„Það er komið fram við okkur eins og þetta sé hobbý hjá fólki. Það vantar algjörlega virðingu fyrir starfsframlagi okkar,“ segir Bergljót og bendir á að fólk í öðrum stéttum myndi varla sætta sig við álíka viðsnúning í vinnu.

Bergljót segir tímasetninguna á tilkynningunni afleita. Flestir dagforeldrar taki sér sumarfrí í júlí. Það sé fyrirséð að mörgum dagforeldrum verði kippt úr fríinu með símtölum varðandi uppsagnir plássa.

„Það er komin ofboðsleg kergja í dagforeldra og það hefur komið til tals að segja upp samstarfi við borgina. Núna verður farið í að skoða það mál alvarlega. Það er ekki hægt að vinna undir þessu. Starfsöryggi okkar er ekkert.“ **-ktg**



**LEIKSKÓLABARN** Reykjavíkurborg hefur nú hafið innritun á börnum fæddum í janúar 2011 í leikskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Starfsmenn á mjólkurbíl:

## Fundu ófleygan fálka í vegkanti

**DÝRALÍF Starfsmenn Mjólkursamsölunnar á Vestfjörðum voru að sækja mjólk á bæinn Hól í Önundarfirði þegar þeir tóku eftir fálka í vegkantinum. Héldu þeir fyrst að um hrafn væri að ræða en áttuðu sig þegar nær var komið.**

**„Þegar við komum að honum hoppaði hann frá en flaug ekki og því datt okkur í hug að hann þyrfti á hjálp að halda,“ sagði Sæmundur Guðmundsson við vestfirska fréttaritið Bæjarins besta. Fálkinn var fluttur á Náttúrustofu Vestfjarða þar sem Böðvar Þórisson líffræðingur skoðaði fuglinn. „Hann virðist hafa lent illa í grút, sem getur verið mjög hættulegt fyrir svona rándýr,“ sagði Böðvar.** **- bþh**



**EYÐILEGGING** Íslamskir uppreisnarmenn í norðurhluta Malí ráðast á grafhýsi. NORDICPHOTOS/AFP

Uppreisnarmenn í Malí:

## Fornar minjar lagðar í rúst

**MALÍ, AP** Herskáir íslamistar hófu um helgina víðtæka eyðileggingu á menningarminjum í Timbúktú, bæði bænahúsum múslíma og grafhýsum helgra manna.

Þeir segja húsin, sem eru á menningarminjaskrá Sameinuðu þjóðanna, notuð til hjáguðadýrkunar og hyggjast útrýma þeim áður en sharia-lög múslíma verða innleidd. Oumar Ould Homaha, talsmaður uppreisnarliðsins, sagðist ekki hafa minnstu áhyggjur af áhrifum eyðileggingarinnar á ferðamennsku í landinu. **- gb**

# Gagnrýna nýtt gjald fyrir kafanir í Silfru

**Eigandi Arctic Adventures segir nýtilkomið gjald Þingvallanefndar á kafara og snorklara í gjánni Silfru mismuna gestum þjóðgarðsins og koma á óvart. Helmingur gjaldsins fari væntanlega í laun starfsmanns sem eigi að rukka það.**

**FERÐAMÁL** „Þetta er ævintýralega skrýtið,“ segir Torfi Yngvason, eigandi Arctic Adventures, um nýtt 750 króna þjónustugjald sem Þingvallanefnd leggur á þá sem kafa eða snorkla í gjánni Silfru.

Torfi segir að í hálft annað ár hafi starfað nefnd með fulltrúum Sportkafarafélagsins, Þingvallanefndar og fyrirtækjanna sem nýta Silfru. Þar hafi verið málefnaleg umræða og áhersla á samstarf og almenna sátt. Runnið hafi tvær grímur á menn eftir viðtal við Ólaf Haraldsson þjóðgarðsvörð í Fréttablaðinu í vor þar sem málið virtist lengra komið en þeir töldu.

„Okkur var þá tjáð að við þyrftum engar áhyggjur að hafa því það yrði ekkert gert fyrr en í fyrsta lagi eftir sumarið og með ríkum fyrirvara,“ segir Torfi. Annað hljóð hafi verið komið í strokkinn á fundi 21. júní. Þar hafi Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar, flutt þau tíðindi að þjónustugjald yrði lagt á strax frá 1. júlí.

Torfi segir hefð fyrir því í ferðaiðnaðinum að slíkar breytingar séu gerðar með eins árs fyrirvara enda séu verðskrár gefnar út og ferðir gjarnan seldar með löngum fyrirvara. Litlar skýringar hafi fengist á því í hvað þjónustugjaldið ætti að fara og hvernig og hver ætti að innheimta það. Samkvæmt lögum megi ekki innheimta þjónustugjald nema til að mæta kostnaði við veitta þjónustu.

„Það eina sem er víst er að þau ætla að ráða heilan starfsmann til að standa þarna og rukka okkur. Þetta er algjörlega fáránlegt. Væntanlega fer helmingurinn af gjaldinu í að borga honum laun,“ segir Torfi sem kveður vissulega þörf á



**TORFI YNGVASON** Snorkl og köfun í Silfru nýtur vaxandi vinsælda. Hér flýtur eigandi Arctic Adventure í snorklbúningi á yfirborði gjárinnar og kannar undirdjúpin. MYND/ARCTIC ADVENTURES

> Ég skil ekki hvers vegna við eigum að borga sérstaklega fyrir þessa þjónustu þegar allir aðrir fá hana ókeypis.
>
> **TORFI YNGVASON**
> EIGANDI ARCTIC ADVENTURES

þjónustu við Silfru og fyrir hana séu köfunarfyrirtæki reiðubúin að greiða. Fyrst og fremst vanti salerni og aðstöðu til að skipta um föt.

Viðkomandi starfsmaður mun einnig eiga að sinna öryggisgæslu. Torfi segir lítið gagn af manni uppi á bakka við köfunarslys. Auk þess fari yfir sjötíu prósent af gestum Silfru ekki í köfun heldur snorkl og séu ekki í neinni hættu því þeir fljóti á yfirborðinu.

Að sögn Torfa sinna starfsmenn þjóðgarðsins nú þegar sams konar störfum og ætluð eru hinum nýja starfsmanni. „Ég skil ekki hvers vegna við eigum að borga sérstaklega fyrir þessa þjónustu þegar allir aðrir fá hana ókeypis. Við hljótum að eiga að fá einhverja sértæka þjónustu umfram það sem allir aðrir gestir garðsins fá en það fást engin svör um það,“ segir Torfi.

Byrja átti að innheimta þjónustugjaldið við Silfru í fyrradag. Þá var áðurnefndur starfsmaður ekki mættur. Torfi segir að á fundi í síðustu viku hafi þjóðgarðsvörður sagst ætla að reyna að fá gjaldinu frestað um tvo mánuði. Fyrirtækin vilji hins vegar fresta því um eitt ár. Engar fréttir hafi borist af málinu síðan. **gar@frettabladid.is**



**FYRSTA GLASABARNIÐ** Louise Brown, nokkurra ára gömul, í hópi félaga sinna. NORDICPHOTOS/AFP

Glasafrjóvganir æ algengari:

## Fimm milljón glasabörn fædd

**BRETLAND** Um það bil fimm milljón börn hafa nú fæðst með aðstoð glasafrjóvgunar.

Fyrsta glasabarnið fæddist í Bretlandi árið 1978. Það var stúlka, sem fékk nafnið Louise Brown, en móðir hennar lést í síðasta mánuði.

Tæknin hefur þróast mjög síðan þá, en vísindamenn á alþjóðlegri ráðstefnu um glasafrjóvganir, sem haldin var í Tyrklandi um helgina, ráða fólki frá því að bíða með barneignir í von um að geta gripið til glasafrjóvgana síðar meir.

Nú eru um það bil 1,5 milljónir glasafrjóvgana reyndar á ári hverju, en af þeim heppnast um 350 þúsund. **- gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fíkniefnasali tekinn á Ísafirði

Lögreglan á Vestfjörðum handtók á sunnudag ísfirskan mann sem er grunaður um að selja fíkniefni í bænum. Leitað var heima hjá honum og fundust þar fíkniefni og umbúðir, ásamt tækjum og tólum sem tilheyrðu sölumennskunni.




www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


## HVER ÞREMILLINN!

Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. *thremillinn@frettabladid.is*

# Fallegri undirgöng í vændum

Veggjakrotarar voru ekki lengi að setja mark sitt á nýmálaða veggi í göngunum undir Miklubraut við Lönguhlíð. Stutt er síðan göngin voru máluð.

„Þessi göng eru ásetin og vinsæl hjá þeim sem hafa verið í veggjakroti. Þau eru nokkuð fjölfarin og við höfum viljað koma á betra ástandi þarna. Nú vinnum við að því,“ segir Guðmundur Vignir Óskarsson, verkefnastjóri hjá Framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar.

„Það var dregið mikið úr fjármagni við hreinsun eftir hrunið. Það fól í sér að ekki var hreinsað jafn oft í þessum undirgöngum og áður. Það hefur komið niður á útliti,“ segir Guðmundur.

Ástandið stendur þó til bóta.

„Nú er verið að vinna að því að koma undirgöngunum í lag aftur og halda þeim við með sómasamlegum hætti. Við erum bara að vinna niður hala í því. En það er krafa borgarinnar að undirgöngin séu hrein.“

Guðmundur segir mismunandi hversu lengi veggir haldist hreinir af kroti.



**VERKSUMMERKI** Úðabrúsar, eins og sá sem liggur í þessum polli, eru títt notaðir til þess að krota á veggi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ef þetta er málað reglulega dregur verulega úr veggjakroti og göngin geta haldist mjög lengi hrein.“ **- ktg**



# BÓKAÐU SÆTI Í SÓLINA!

## ALICANTE / BARCELONA / PARÍS / BOLOGNA / BASEL / VERÐ FRÁ:

# 13.800 KR.*

**BÓKAÐU NÚNA!**
Takmarkað sætaframboð.

**ÚT MEÐ HÓPINN!**
Sendu okkur línu á hopar@icelandexpress.is og fáðu tilboð fyrir hópinn þinn.

Iceland Express býður flugsæti til fimm frábærra áfangastaða í sumar á einstöku verði, frá 13.800 kr. aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Bókaðu núna á www.icelandexpress.is**

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug. Ferðatímabil: 3. júlí til 30. ágúst 2012.

**Iceland Express**
- lækkar verð

FÍTON / SÍA

## COSTA BRAVA
13.–20. JÚLÍ



SÓLARFERÐ

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn 2-11 ára

**81.666 KR.**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hotel Fenals Garden ásamt morgunverði.

## ALICANTE
22.–29. ÁGÚST



SÓLARFERÐ

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn 2-11 ára

**99.900 KR.**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum og gisting á Hotel Maya Alicante með morgunverði.

## PRAG
22.–29. ÁGÚST



MENNINGAR- OG SKEMMTIFERÐ
MEÐ BERKI GUNNARS

Verð á mann í tvíbýli

**129.900 KR.**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* hóteli ásamt morgunverði. Íslensk fararstjórn.

**Express ferðir**
590 0100 | www.expressferdir.is

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

## GENGIÐ 02.07.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,89 | 125,49 |
| Sterlingspund | 195,87 | 196,83 |
| Evra | 157,59 | 158,47 |
| Dönsk króna | 21,194 | 21,318 |
| Norsk króna | 20,91 | 21,034 |
| Sænsk króna | 18,016 | 18,122 |
| Japanskt jen | 1,5671 | 1,5763 |
| SDR | 189,71 | 190,85 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,5337

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ferðamaður á farfuglaheimili kom konunni í næsta herbergi til bjargar aðfaranótt mánudags:

# Stungin 22 sinnum á farfuglaheimili

**SVÍÞJÓÐ** Ung kona var stungin 22 sinnum á herbergi á farfuglaheimili í Stokkhólmi aðfaranótt mánudags. Lögreglan segir að annar gestur á farfuglaheimilinu hafi bjargað lífi hennar.

Konan var gestur á farfuglaheimilinu og dvaldi þar ásamt manninum sem réðist á hana. Ferðamaður frá Suður-Afríku var í næsta herbergi við þau og heyrði mikil læti. Hann heyrði konuna biðja manninn vægðar og ákvað þá að skerast í leikinn. Hann braut upp hurðina og stöðvaði árásina, en maðurinn réðst þá á hann. Maðurinn náði að halda árásarmanninum niðri þar til lögregla kom á staðinn.

Konan var flutt á spítala með 22 stungusár en þrátt fyrir það er hún í stöðugu ástandi og búist við því að hún lifi af. Lögreglumaður í Stokkhólmi segir að ef maðurinn hefði ekki skorist í leikinn hefði hún látist. „Hann bjargaði lífi hennar.“ Sjálfur vildi maðurinn, sem kom fram nafnlaust í viðtali við sænska blaðið Expressen, ekki kannast við að vera hetja. Hann sagði konuna hafa þakkað sér margsinnis, en einhver hafi einfaldlega þurft að bjarga henni. **- þeb**



**STOKKHÓLMUR** Konan dvaldi á farfuglaheimili í höfuðborg Svíþjóðar ásamt manninum sem réðst á hana. Ekki er þó vitað nánar um tengsl þeirra.



**VINSÆLL FORSETI** Pútín gefur eiginhandaráritun. NORDICPHOTOS/AFP

Pútín nýtur stuðnings víða:

## Litlar vinsældir í höfuðborginni

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti nýtur stuðnings 60 prósenta Rússa, en einungis 38 prósent íbúa höfuðborgarinnar Moskvu eru ánægðir með hann.

Þetta eru niðurstöður skoðanakönnunar, sem fréttastofan AP birti í gær.

Niðurstöðurnar staðfesta þann mikla mun sem er á fylgi Pútíns í Moskvu og annars staðar í Rússlandi, nú þegar hann er tekinn við forsetaembættinu á ný. Í Moskvu hafa fjölmenn mótmæli gegn Pútín verið haldin reglulega, stundum í óþökk stjórnvalda. **- gb**

### LÖGREGLUMÁL

**Nær allir á löglegum hraða**

Aðeins þrír ökumenn óku yfir afskiptahraða þá einu klukkustund sem lögreglan mældi í gær. Ökutæki sem ekið var í austur við Gunnarshólma voru mæld og alls ók 461 bíll þar um. Meðalhraði hinna brotlegu var 100 kílómetrar á klukkustund.

**Nær helmingur ók of hratt**

Lögregla hafði afskipti af níu ökumönnum í gær þegar þeir óku of hratt um Breiðagerði í Reykjavík. Þar er hámarkshraði 30 kílómetrar á klukkustund. Sá sem hraðast ók mældist á 58. 22 ökutæki fóru þar um þann klukkutíma sem lögreglan mældi.

# Jafnræði að laun allra sem lækkuðu séu hækkuð á ný

**Kópavogsbær hækkaði laun allra starfsmanna sem tóku á sig launalækkun 2009, líka þeirra sem ekki heyra undir kjararáð. Vildum tryggja jafnræði, segir upplýsingafulltrúi bæjarins. Kallað er eftir því að Reykjavíkurborg geri slíkt hið sama. Formaður kjarafélags segir borgina mismuna starfsmönnum sínum.**

**KJARAMÁL** Bæjarráð Kópavogs samþykkti í febrúar að draga launahækkanir allra þeirra sem urðu fyrir launaskerðingu árið 2009 til baka. Ákvörðunin var tekin í kjölfar ákvörðunar kjararáðs, en hluti yfirstjórnenda fylgir ákvörðunum þess í launum.

Arna Schram, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar, segir að með þessu hafi bæjaryfirvöld viljað tryggja jafnræði starfsmanna sinna.



ARNA SCHRAM

„Þegar kjararáð ákvað í vetur að draga til baka launalækkanir þeirra sem heyra undir ráðið, ákvað Kópavogsbær að láta þær leiðréttingar ekki einungis ná til þeirra yfirstjórnenda sem eiga samkvæmt ráðningarsamningum að fylgja kjararáðsákvörðunum um starfsmenn ríkisins, heldur einnig til þeirra millistjórnenda hjá bænum sem líka höfðu tekið á sig launalækkanir árið 2009.

Þannig vildi bærinn tryggja jafnræði meðal þeirra starfsmanna sem tekið höfðu á sig beinar launalækkanir árið 2009. Að óbreyttu hefðu einungis æðstu stjórnendur bæjarins fengið launalækkanir sínar til baka en ekki millistjórnendur.“

Bandalag háskólamanna (BHM) hefur kallað eftir því að Reykjavíkurborg geri slíkt hið sama. Samið var um launaskerðingu í janúar 2009 og laun yfir 300 þúsund krónum voru lækkuð um 4 til 10%. Það var gert með minni yfirvinnu. Skýrt var tekið fram að lækkunin ætti að vera tímabundin. Hjá Kópavogsbæ var lækkunin 5 til 10% á laun yfir 500 þúsund krónur.

Laun þeirra yfirmanna hjá borginni sem tengjast kjararáði hækkuðu við ákvörðun ráðsins, en ekki annarra. Í svari Reykjavíkurborgar við umleitan BHM segir að hámark yfirvinnu hafi verið lækkað úr 48 klukkustundum á mánuði í 35. Þar er því hafnað að um vangoldin laun sé að ræða.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**BORGARRÁÐ** Reykjavíkurborg er sökuð um að mismuna starfsmönnum sínum eftir því hvort laun þeirra heyra undir kjararáð eða ekki. Hvorki náðist í borgarstjóra né formann borgarráðs við vinnslu fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Segir borgina mismuna starfsfólki

„Við teljum þetta vera mismunun. Starfsmenn tóku á sig tímabundna skerðingu strax eftir kreppu og hún er ekki komin til baka,“ segir Birgir Guðjónsson, formaður Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga. „Við erum ósátt við þetta og viljum að leiðréttingin komi til baka, enda átti þetta að vera tímabundið.

Þetta er einkennilegt. Við vorum fyrstu starfsmennirnir sem tóku á okkur niðurskurð, frá og með janúar 2009. Þetta átti að vera tímabundið, en sú hefur ekki orðið reyndin.“

„Við erum ósátt við þetta og viljum að leiðréttingin komi til baka“

**BIRGIR GUÐJÓNSSON**
FORMAÐUR KJARAFÉLAGS VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐINGA


# 60 ára og eldri

*Frábær félagsskapur, aðhald og stuðningur*



- Hefst 9. júlí (4 vikur).
- Mán og mið kl. 11:00-12:00.
- Verð kr. 9.900,-

Skráning á mottaka@heilsuborg.is
eða í síma 560 1010

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is



**Komdu og prófaðu!**
„Það er svo gott að koma í Heilsuborg. Ég vissi ekki hverju ég ætti von á og hvort ég ætti eitthvað erindi í Heilsuborg en strax eftir fyrsta tímann var ég ákveðin í að halda áfram.“
**Margrét Eiríksdóttir**


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**HÆGVIÐRI** Það verður hægur vindur eða hafgola ríkjandi næstu daga. Horfur eru á skúrum í flestum landshlutum, síst suðaustan til. Hitinn er heldur á niðurleið, einkum á NV-landinu en hlýjast verður í innsveitum suðvestanlands og austan til, allt að 16-17°C.







**Á MORGUN**
2-6 m/s víðast hvar.




**FIMMTUDAGUR**
Fremur hægur vindur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 20° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 30° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 21° |
| París | 23° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN AUGLÝSIR

ÞEIR SEM VERSLA Í SPORTBÚÐINNI VEIÐA MEIRA

# TAX FREE VIKA
## Í SPORTBÚÐINNI

LOKSINS

**VALDAR HAGLABYSSUR Í GÆSINA Á „TAX FREE“ VERÐI DAGANA 28. JÚNÍ TIL 7. JÚLÍ**

**Gott úrval af pumpum, hálfsjálfvirkum og tvíhleypum.
Takmarkað magn í boði.**



Tax Free tilboð er 21% afsláttur
Virðisaukaskatti er að
sjálfsögðu skilað í ríkissjóð

SPORTBÚÐIN

KRÓKHÁLSI 4 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

*Í leiðinni úr bænum*

MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

BEITAN Í VEIÐIFERÐINA

**ORMAR OG MAKRÍLL**

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér Íslendingar ganga vel um umhverfi sitt?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 15,8% |
| NEI | 84,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að auka eigi fjölda meðmælenda sem þarf að afla fyrir forsetaframboð?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is vísir

Vísindamenn í Sviss skýra frá fundi „Guðseindarinnar" í öreindahraðli í rannsóknarstöðinni CERN:

# Næstum örugg sönnun fengin um Higgs-eind

**VÍSINDI, AP** „Við höfum fundið eitthvað sem samrýmist því að vera Higgs-eind," sagði John Ellis, breskur eðlisfræðingur sem unnið hefur við evrópsku kjarnorkurannsóknarstöðina CERN í aldarfjórðung.

Vísindamenn við CERN ætla á morgun að kynna niðurstöður rannsókna sinna, sem þeir segja hafa leitt í ljós nánast örugga sönnun þess að „Guðseindin" svonefnda, Higgs-bóseindin, sé til.

Þeir vilja þó ekki fullyrða að hún hafi beinlínis sést, en þeir hafa fengið það margar vísbendingar um tilvist hennar að þeir telja sig nú geta fullyrt að hún hljóti að vera til.

Vísindamenn við CERN tóku árið 2008 í notkun stærsta öreindahraðal heims í von um að geta notað hann til að finna Higgs-eindina.

Tilvist hennar er sögð útskýra massa efnisheimsins og þar með tilurð alheimsins. Þess vegna hefur hún verið nefnd Guðseindin.

Rob Rosen, einn yfirmanna rannsóknanna, segir mjög miklar kröfur gerðar til rannsókna í kjarneðlisvísindum. Hann segir meginniðurstöður tilraunanna síðastliðin fjögur ár sambærilegar við það að fótspor risaeðlu hafi fundist: „Það má sjá fótsporið og skuggann af hlutnum, en hann sjálfur sést samt ekki." - gb




**SPENNTIR** Myndin er tekin þegar stóri öreindahraðallinn í CERN var tekinn í notkun haustið 2008. NORDICPHOTOS/AFP



**Í VILNÍUS** Iceland Express flýgur nú í fyrsta sinn beint til Vilníusar.

Iceland Express á Akureyri:

## Úr Eyjafirði til Danmerkur

**FERÐAMÁL** Beint áætlunarflug Iceland Express frá Akureyri til Kaupmannahafnar hófst í gær. Flogið verður einu sinni í viku næstu sex vikurnar en svo verður séð til með framhaldið, segir Heimir Már Pétursson, upplýsingafulltrúi Iceland Express. Síðastliðinn þriðjudag hóf Iceland Express beint áætlunarflug til Vilníusar í Lettlandi og segir hann eftirspurnina með ágætum í báðum þessum tilfellum. - jse

Stundvísitölur Túrista:

## WOW stundvísast flugfélaga

**SAMGÖNGUR Tafir á flugi til og frá landinu voru mjög litlar síðastliðnar tvær vikur.**

**WOW air var þar stundvísast íslensku flugfélaganna og meðalseinkun allra fluga aðeins ein mínúta.**

**Ferðum Iceland Express seinkaði að meðaltali um átta mínútur og Icelandair um tvær mínútur.**

**Hlutfall brottfara á réttum tíma í allar ferðir félaganna var níu af hverjum tíu ferðum. Meðalseinkun koma á áfangastað var engin hjá WOW air, sex mínútur hjá Iceland Express og fjórar hjá Icelandair.**

**Hlutfall allra ferða á tíma var mest hjá WOW air eða 96 prósent en slakast hjá Icelandair eða 85 prósent ferða.** - bþh



**VITNAÐ Í BÆNASKJALIÐ** Sigurður Már hvatti ráðamenn borgarinnar til að minnast þess að þeir verði líka einhvern tímann aldraðir ef guð lofar. Björk Vilhelmsdóttir hlýðir á, tilbúin að veita skjalinu viðtöku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hópur aldraðra sér eftir leiðbeinendum

**Hópur aldraðra segir skipulagsbreytingar ætla að ríða félagsþjónustunni á slig. Hann afhenti formanni velferðarráðs bænaskjal um að hverfa frá þeim.**

**VELFERÐARMÁL** Hópur aldraðra afhenti Björk Vilhelmsdóttur, formanni velferðarráðs Reykjavíkurborgar, bænaskjal, eins og hann kallaði það, þess efnis að horfið verði frá skipulagsbreytingum sem hópurinn segir að séu að ríða félagsstarfi aldraðra á slig.

Undir bænaskjalið rituð 450 manns sem sjá sárt eftir tuttugu og tveimur leiðbeinendum sem starfa ekki lengur við félagsþjónustuna.

Á síðastliðnu ári fækkaði Reykjavíkurborg um tæp níu stöðugildi í félagsþjónustunni sem tuttugu og tveir fastráðnir leiðbeinendur höfðu sinnt. Þeirra í stað komu átján sjálfstætt starfandi leiðbeinendur.

Sigurður Már Helgason, sem forgöngu hafði fyrir hópnum, var ómyrkur í máli og sagði þessar breytingar ekki hafa gefið góða raun. „Ég hélt ég væri búinn að gefa nóg öll þessi ár og gæti farið að þiggja svona á efri árum en það ætlar greinilega ekki að verða," sagði hann.

Undir það tók Sveinbjörg Egilsdóttir sem sagði að félagsstarfið væri ekki aðeins mikilvægt fyrir aldraða heldur ómetanlegt skjól fyrir atvinnulausa sem og geðfatlaða. „Ég var vön að fara í Gerðuberg þrisvar í viku en í vor var orðið ósköp lítið um að vera, ég hélt bara að allir væru komnir í sumarfrí en það var ekki vandamálið," segir hún.

Fréttablaðið spurði hvort þessir 450 manns sem sjá eftir leiðbeinendunum verði bænheyrðir. „Að sjálfsögðu hlustum við alltaf á þá sem eru að nota þjónustuna okkar," sagði Björk. „Við höfum viljað fá meiri fjölbreytni í starfið svo að þeir sem nota þjónustuna hafi um meira að velja og því var ákveðið að fá leiðbeinendur sem ekki eru fastráðnir. En við erum bara rétt að leggja af stað í svona breytingar og auðvitað verðum við að skoða það í ljósi gagnrýninnar hvort við erum að standa okkur vel eða hvort við verðum að breyta til. Það gæti líka verið að við verðum að upplýsa betur því það er til dæmis ekki rétt að það séu engir leiðbeinendur að störfum og forstöðumenn starfi einungis í hálfri vinnu eins og komið hefur fram hér á þessum fundi."

Fulltrúar allra borgarstjórnarflokkanna sem og Ellý Þorsteinsdóttir, starfandi sviðsstjóri velferðarsviðs, voru viðstaddir afhendinguna. Þó Sigurður Már og hópur hans hafi mætt með bænaskjal voru þau langt frá því að leggjast á hné því skjalinu fylgdi hvöss og umbúðalaus gagnrýni.

jse@frettabladid.is




Guðmundur Steingrímsson segir að forsetinn verði að taka harðari gagnrýni:

# Hugsa þarf embættið upp á nýtt

**STJÓRNMÁL** Guðmundur Steingrímsson, þingmaður og formaður stjórnmálaflokksins Bjartrar framtíðar, segir að breytingar verði að gera á umhverfi embættis forseta Íslands eigi stefna Ólafs Ragnars Grímssonar að ríkja.

Ólafur Ragnar segir í viðtali við Fréttablaðið í gær að kjör hans í forsetakosningunum á laugardag gefi til kynna að þjóðin vilji að forsetinn láti til sín taka í umræðunni um stærstu málin.

„Í kosningabaráttunni gat ég ekki skilið Ólaf Ragnar öðruvísi en að forseti ætti að hafa sjálfstæða utanríkisstefnu," sagði Guðmundur í samtali við fréttastofu Stöðvar 2. „Þá þurfum við að hugsa embættið upp á nýtt. Það gengur ekki að embættið, þar sem eru aðeins forsetaritari og bílstjóri, sé með sjálfstæða utanríkisstefnu. Fjölga þarf í liði forsetans á skrifstofu hans svo hann hafi allar forsendur og aðbúnað til að móta utanríkisstefnuna."



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON**

Í ljósi þess að forsetinn hefur sagt að hann ætli að taka þátt í stóru málunum spyr Guðmundur spurninga eins og hvort forseti ætli að taka þátt í rökræðum á síðum blaða, hvort andsvör verði leyfð við ræðum hans við setningu Alþingis og hvort hann taki þátt í rökræðum við fulltrúa andstæðra sjónarmiða í sjónvarpsþáttum.

Guðmundur segir jafnframt að ef forsetinn ætli að lýsa skoðunum sínum á annað borð verði allt annað sem tilheyrir lýðræðislegum skoðanaskiptum og gagnrýni umræðu að fylgja með. „Meiri pólitísk afskipti þýða meiri þátttöku í umræðunni." - bþh

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI Way of Life!




Hugtök Markaðsráðgjöf, júní 2012

# Suzuki Swift – kraftur, öryggi, úthald




**Verð frá 2.550 þús.**
Eyðsla frá 5,0L/100km
(í blönduðum akstri, beinskiptur)
$CO^2$ 116g/km

Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár enn betri og flottari - stærri og rúmbetri og með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél. Býðst beinskiptur og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur. Swiftinn hlaut 5 stjörnur i N-CAP öryggisprófuninni og kemur með ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.

# Komdu og reynsluaktu

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir bæjarstjóri Vesturbyggðar?
2. Fyrir hvað er Hrefna Rósa Sætran landsþekkt?
3. Hvaða lag flutti Of Monsters and Men hjá Jay Leno?

SVÖR

1. Ásthildur Sturludóttir 2. Hún er matreiðslumeistari 3. Little talks

Vinnuveitandi Litháa sem fengu dóm fyrir mansal krafðist sautján milljóna:

# Fær ekki bætur fyrir varðhaldsvist

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað íslenska ríkið af bótakröfu íslensks atvinnurekanda sem sat í gæsluvarðhaldi um þriggja vikna skeið haustið 2009 grunaður um aðild að mansalsmáli. Maðurinn var ákærður í málinu en fundinn sýkn saka.

Málið hófst þegar ung litháísk stúlka kom til landsins í gríðarlegu uppnámi og var færð til yfirheyrslu í kjölfarið.

Að endingu voru fimm litháískir menn dæmdir í fimm ára fangelsi hver fyrir að hafa flutt stúlkuna nauðuga til landsins og ætlað henni að vinna hér gegn vilja sínum.

Íslendingurinn var fljótlega handtekinn vegna málsins, þegar í ljós kom að hann hafði átt í miklum samskiptum við Litháana í kringum komu stúlkunnar. Maðurinn neitaði hins vegar alltaf sök og þegar hann var loks sýknaður fór hann í skaðabótamál vegna varðhaldsvistarinnar og atvinnumissisins og krafðist sautján milljóna í bætur.

Dómurinn kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu að framburður mannsins hafi alla tíð verið mjög misvísandi um tengsl hans við Litháana og vitneskju um málið. Hann hafi þannig stuðlað að því að honum yrði haldið í gæsluvarðhaldi og varðhaldstíminn hafi því ekki verið óhóflega langur. **- sh**




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Maðurinn þótti ekki samvinnufús við rannsókn málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framboð til forseta:

# Ætti að fjölga undirskriftum

**KOSNINGAR** Þröskuldur til framboðs til forseta Íslands hefur lækkað mikið frá því að stjórnarskráin var gerð árið 1944. Í henni er kveðið á um að forsetaefni skuli hafa meðmæli 1.500 kosningabærra manna. Miðað við kjörskrá nú er það 0,6 prósent kjósenda, en ætti að vera um tvö til þrjú, að sögn Bjargar Thorarensen prófessors í lögfræði. „Ég teldi vera skynsamlegt að auka fjölda meðmælenda miðað við ákveðinn hærri þröskuld til að gera það ekki jafn einfalt að bjóða sig fram," segir Björg.






# Fjórir í stærðfræði með ágætiseinkunn

**Fjórir stærðfræðinemar brautskráðust úr grunnnámi með yfir níu í meðaleinkunn frá Háskóla Íslands fyrir viku. Stærðfræði er nytsamleg, segir einn þessara nema, hún er notuð í hvert skipti sem lesa þarf úr talnagögnum.**

**MENNTUN** Fjórir af þeim tíu stærðfræðinemum, sem brautskráðust úr grunnnámi frá Háskóla Íslands í síðustu viku, hlutu ágætiseinkunn. 1.238 nemendur brautskráðust úr grunnnámi við skólann og þar af voru 26 með ágætiseinkunn. Það er hæsta einkunn sem hægt er að fá við skólann en hana fá þeir sem eru með níu eða hærra í meðaleinkunn.

Trausti Sæmundsson er einn þeirra fjögurra nemenda sem brautskráðust með ágætiseinkunn úr stærðfræði. Hann segir uppskriftina að árangrinum einfalda.

„Maður þarf að hafa áhuga á stærðfræði og vera þrjóskur," segir Trausti.

Hann segir námið hafa verið ákaflega krefjandi.

„Ég þurfti að skila mörgum heimaverkefnum í hverri viku og í hverju fagi og ég var í fjórum til fimm fögum á hverri önn.

Það voru ein skil nánast daglega og daginn áður en ég átti að skila var ég langt fram á nótt að reyna að klára verkefnin því þau voru virkilega erfið."

Hjörtur Björnsson var samnemandi Trausta og brautskráðist einnig með ágætiseinkunn. Hann segir stærðfræðina nytsamlega.

„Ég held að tölfræði sé með praktískasta námi sem til er. Hún er notuð í hvert einasta skipti sem einhver þarf að lesa út úr gögnum sem notuð eru til rannsókna.

Svo er þetta líka að stærstum hluta hjálparfag við aðrar greinar. Eðlis- og efnafræðingar þurfa til dæmis stöðugt að vera að reikna."



**STÆRÐFRÆÐI** Trausti Sæmundsson, Eiríkur Þór Ágústsson og Hjörtur Björnsson standa við planið þar sem Féló var áður. Á myndina vantar Ögmund Eiríksson en hann fékk einnig ágætiseinkunn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Maður þarf að hafa áhuga á stærðfræði og vera þrjóskur.
>
> **TRAUSTI SÆMUNDSSON**
> STÆRÐFRÆÐINGUR

Strákarnir eru sammála um að samvinnan hafi gert gæfumuninn til að koma þeim í gegnum námið.

„Ég, Hjörtur, Ögmundur og fleiri lærðum bara sleitulaust saman í þrjú ár. Alltaf eftir skóla hittumst við í Féló."

Trausti útskýrir að Féló hafi verið lítið hús fyrir utan skólann, en þar hafi nemendur haft aðstöðu til hittast og læra saman.

„Féló var okkar griðastaður þar sem við lærðum, drukkum kaffi, skrifuðum upp á töflu og hugsuðum dæmi. Þar gátum við komist í gegnum þetta nám."

Bæði Trausti og Hjörtur vinna í sumar hjá háskólanum. Hjörtur er að vinna við stærðfræðivef ætlaðan menntaskólanemum sem mun innihalda bæði spurningar og fyrirlestra.

Trausti vinnur hins vegar að forriti sem púslar saman bútum úr DNA-streng.

Þeir stefna báðir á frekara nám.

**katrin@frettabladid.is**





Nú í vikulokin flytur LSR starfsemi sína á Engjateig 11.

Afgreiðsla sjóðsins verður lokuð frá hádegi fimmtudaginn 5. júlí og fyrir hádegi föstudaginn 6. júlí.

**Við opnum kl. 12 næstkomandi föstudag að Engjateigi 11.**

LSR

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is
www.lsr.is


Handverkskonur í Þingeyjarsýslu senda frá sér fréttatilkynningu:

# Drottningin dregin í svaðið

**VERSLUN** Hópurinn Handverkskonur á milli heiða gagnrýnir harðlega að íslenskar lopapeysur séu framleiddar í Kína eða löndum með ódýru vinnuafli. Fjórar vikur eru síðan Fréttablaðið benti á að íslenskar lopapeysur væru í miklum mæli prjónaðar erlendis.

Fréttatilkynning frá handverkshópnum var birt á vef stéttarfélagsins Framsýnar í gær. Félagið mun á næstunni óska eftir upplýsingum um kjör og aðbúnað fólks sem framleiðir lopapeysur erlendis.

„Það kemur fram á peysunum að þær séu íslensk hönnun og úr íslenskri ull. En það kemur ekkert fram hvaðan þær koma. Mér finnst það alveg fyrir neðan allar hellur að menn merki vörur sínar þannig að kaupendur viti ekki að þetta er ekki framleitt á Íslandi," segir Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Framsýnar.

Ósk Ingadóttir, ein handverkskvennanna, vill vekja fólk til umhugsunar.

„Við gerum okkur grein fyrir því að við munum ekki stoppa innflutning á lopapeysum. En það er allt í lagi að við förum að hugsa um hvað við bjóðum gestum okkar upp á. Íslenska lopapeysan er drottningin okkar og með því að draga hana niður í gróðasvaðið er síðasta vígið fallið." **- ktg**



**LOPAPEYSUR** Farmers Market er eitt þeirra fyrirtækja sem lætur meðal annars handprjóna peysur sínar erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





FYRIR BAÐIÐ
ÓDÝRT OG GOTT
verð frá 25.900 stgr.
verð frá 19.900 stgr.
28.900* stgr.
58.900 stgr.
Blöndunartæki og spegill fylgja ekki þessari innréttingu
Sturtusett með hitastýrðu blöndunartæki
Sturtusett með hitastýrðu blöndunartæki
P-7195 Stærð: 46x46 sm
* Blöndurnartæki fylgja ekki þessum innréttingum
YTG44 95 x 46 sm
til afgreiðslu af lager
STURTU/BAÐTÆKI 14.900
STURTUTÆKI m/STÚT UPP EÐA NIÐUR 11.900
STURTUhorn
Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja
SUMAR verð!
SUMARverð! 28.900
SUMARverð! 27.900
HERT ÖRYGGISGLER
HERT ÖRYGGISGLER
RÚNNAÐ STÆRÐIR: 80x80 og 90x90
KANTAÐ STÆRÐIR: 80x80 og 90x90
SPEGLAR með ljósum
50% afsláttur
Stærð sm: áður - 50%
60 x 80 47.800.- 23.900.-
80 x 80 51.800.- 25.900.-
90 x 80 53.800.- 26.900.-
100 x 80 55.800.- 27.900.-
120 x 80 57.800.- 28.900.-
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • Lokað á laugardögum
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**SVEKKT** Francesca Schiavone frá Ítalíu beit í tennisboltann eftir að henni mistókst að ná honum í leik gegn Petru Kvitovu frá Tékklandi á Wimbledon-mótinu í Englandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fasteignafélagið Reginn, sem á og rekur meðal annars Smáralind og Egilshöll, var skráð á markað í gær:

# Kauphallarstjóri ánægður með breytt umhverfi

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf í fasteignafélaginu Regin, sem meðal annars á og rekur Smáralind og Egilshöll, voru tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands í gærmorgun. Gengi bréfa félagsins stóð í stað í 8,2 í lok dags, en heildarvelta viðskipta með bréf í félaginu nam tæplega 40 milljónum á þessum fyrsta viðskiptadegi. Með Regin hafa nú tvö ný félög verið skráð á markað frá hruni, en auk Regins hefur smásölurisinn Hagar, sem á og rekur Bónus og Hagkaup, einnig verið skráður á markað.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands segist ánægður með það umhverfi sem sé að verða til eftir hrunið, þar sem eignarhald á fyrirtækjum sé dreifðara en var fyrir hrun fjármálakerfisins og hlutabréfamarkaðarins, fyrir tæplega fjórum árum, og konur í ríkara mæli við stjórnvölinn, en 35 prósent stjórnarmanna í skráðum félögum á Íslandi eru nú konur. Til samanburðar er meðaltalið um 13 prósent í Evrópu, eins og fram kom í frétt Stöðvar 2 fyrir tveimur vikum. „Þessar breytingar eru mjög til bóta að mínu mati,“ sagði Páll eftir að bjöllunni hafði verið hringt í Kauphöllinni, til marks um að viðskipti með bréf Regins á skráðum markaði væru formlega hafin.



**BJALLAN GLYMUR** Fjórar konur skipa fimm manna stjórn Regins. Elín Jónsdóttir, Fjóla Þ. Hreinsdóttir, Guðríður Friðriksdóttir, Hjördís Halldórsdóttir og Stanley Pálsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landsbankinn, sem átti Regin að öllu leyti, hefur nú selt tæplega 75 prósent af eign sinni í félaginu, en er þrátt fyrir það stærsti eigandi félagsins með ríflega fjórðungshlut. Meðal annarra stórra eigenda eru Lífeyrissjóður verzlunarmanna með 8,2 prósenta hlut og Gildi lífeyrissjóður með ríflega fjögurra prósenta hlut. - mþl







**ENRICO PENA NIETO** Sigur hans varð ekki jafn glæsilegur og skoðanakannanir höfðu spáð. NORDICPHOTOS/AFP

# Byltingarflokkurinn kemst til valda á ný

**Gamli valdaflokkurinn í Mexíkó, Byltingarflokkurinn, vann sigur í forseta- og þingkosningum um helgina. Hann hefur verið í stjórnarandstöðu í tólf ár en snýr nú aftur með nýrri kynslóð forystumanna og fyrirheit um betri tíð.**

**MEXÍKÓ, AP** „Við erum ný kynslóð. Það verður ekki aftur snúið,“ sagði Enrico Pena Nieto þegar ljóst þótti að hann hefði sigrað í forsetakosningum í Mexíkó á sunnudag með um það bil 38 prósentum atkvæða.

Nieto er 45 ára gamall og frambjóðandi PRI-flokksins, gamla Byltingarflokksins sem hefur verið í stjórnarandstöðu í tólf ár en hafði þar á undan stjórnað landinu samfleytt í 71 ár.

Sjö áratuga valdatíð Byltingarflokksins aflaði honum mikilla óvinsælda. Stjórnarhættir hans einkenndust af spillingu og kúgun, en flokkurinn stærði sig engu að síður af því að hafa byggt upp stofnanir samfélagsins og almannaþjónustu.

Það var Vicente Fox, þáverandi leiðtogi hægri manna, sem steypti Byltingarflokknum af stóli með stórsigri í forsetakosningum árið 2000.

Vinsældir hægriflokksins PAN hafa hins vegar dalað mjög á seinni árum, sem má meðal annars rekja til þess að efnahagskreppan 2008 bitnaði hart á Mexíkó, auk þess sem landsmenn eru orðnir langþreyttir á ofbeldinu í stríði stjórnvalda gegn gengjum fíkniefnasmyglara undanfarinn áratug, sem harðnaði mjög eftir að Vicente Fox tók við völdum árið 2000. Átökin hafa kostað meira en 50 þúsund manns lífið á síðustu árum.

Josefine Vazquez Mota, frambjóðandi PAN-flokksins, fékk aðeins fjórðung atkvæða í forsetakosningunum, og lenti í þriðja sæti. Næstflest atkvæði fékk hins vegar Andrés Manuel Lopez Obrador, frambjóðandi Lýðræðislega byltingarflokksins, sem er töluvert lengra til vinstri en PRI-flokkurinn.

Byltingarflokknum hefur tekist að ná til kjósenda með nýrri forystusveit af yngri kynslóðinni. Auk þess virðast kjósendur vonast til þess að gamli valdaflokkurinn geti náð betri tökum á fíkniefnabarónum, sem flokknum tókst jafnan að halda sæmilega í skefjum meðan hann var við völd.

Árangur Nietos og PRI-flokksins varð hins vegar engan veginn jafn glæsilegur og skoðanakannanir höfðu gefið fyrirheit um fyrir nokkrum vikum. Allt stefndi í að hann fengi meira en 50 prósent atkvæða í þessum kosningum, en úrslitin urðu þegar til kom þau að Nieto fékk um 38 prósent atkvæða.

Hann lét það hins vegar ekki á sig fá og sagði við fjölmiðla: „Þetta er bara upphafið að því verki sem framundan er hjá okkur.“ gudsteinn@frettabladid.is

Ferðamenn eru hvattir til að afla sér upplýsinga um ferðaleið við brottför:

# Veðurupplýsingar geta forðað slysi

**FERÐALÖG** Vindar og vindhviður skapa ferðalöngum með húsvagna oft mikla hættu. Dæmi eru árlega um að húsbílar fjúki af þjóðvegum landsins vegna strekkings, jafnvel svo að þeir velti og lífi fólks sé stefnt í hættu. Á landinu eru þjóðvegir þó misvarasamir.

Sjóvá starfrækir vefsíðu þar sem er að finna ýmsar nytsamlegar upplýsingar fyrir ferðalanga. Þar má finna kort yfir vindasama staði og aðvaranir um hvar vindhraði er meiri en 15 metrar á sekúndu. Einnig má á kortinu finna almennar vegaupplýsingar frá Vegagerðinni ásamt þjónustustöðvum og umboðsaðilum tryggingafélagsins.

Ef slóðin Sjova.is/vindakort er slegin inn í vafra tölvu eða snjallsíma opnast gagnvirkt kort sem auðvelt er að nota sér til upplýsingaöflunar. Mikil vinna hefur verið lögð í að kortleggja vindasama staði. - bþh



**FÓR ILLA** Bílstjórinn ók löturhægt en hélt ekki stjórn á bílnum þegar vindhviða hreif hann með sér svo bíllinn valt. MYND/VÍS




# BRAGÐGOTT SUMAR MEÐ SANTA MARIA

Grill marineringarnar frá Santa Maria eru einfaldar og bragðgóðar lausnir fyrir grillið.

Þær innihalda ekkert MSG.

Gerðu engar málamiðlanir – Notaðu Santa Maria marineringar næst þegar þú grillar.



1. OPNAÐU



2. SETTU KJÖTIÐ Í POKANN



3. LOKAÐU POKANUM OG LÁTTU KJÖTIÐ MARINERAST Í A.M.K. KLUKKUSTUND

BÓNUS HAGKAUP Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus



**ELDUR UM ALLT** Þyrla reynir að slökkva gríðarmikinn eld sem kviknaði í Altura í nágrenni Valencia á Spáni í gær. Yfir þúsund slökkviliðsmenn unnu að því að slökkva eldinn í gær, en það gekk erfiðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tíu starfsmönnum Hyrnunnar sagt upp af því að ekki nást samningar við N1:

# Starfsmenn Hyrnunnar í lausu lofti

**ATVINNUMÁL** Tíu starfsmönnum Hyrnunnar í Borgarnesi var sagt upp störfum í síðustu viku. Ástæðan er sú að leigusamningur Samkaupa, sem reka Hyrnuna, við N1 rennur út um áramót og ekki hefur náðst saman um nýjan.

„N1 á húsið og þeir hafa viljað taka við rekstrinum og reka þetta sjálfir,“ segir Sigurður Guðmundsson, rekstrarstjóri Hyrnunnar og einn þeirra sem fékk uppsagnarbréf í síðustu viku.

Ómar Valdimarsson hjá Samkaupum segir í samtali við Skessuhorn að þar á bæ sé fullur vilji til að reka Hyrnuna áfram en að það sé hins vegar háð samþykki N1 sem sé ekki til staðar.

> Það mun þurfa fólk til að reka þetta hús áfram og ég á nú ekki von á öðru en að allir hérna fái vinnu sem vilji vinna fyrir N1.
>
> SIGURÐUR GUÐMUNDSSON REKSTRARSTJÓRI HYRNUNNAR

Ráðningarsamningar starfsfólks Hyrnunnar verða lausir í október og nóvember, áður en leigusamningurinn rennur út, og að óbreyttu verður því hlé á starfseminni í lok árs.

Þetta segir Sigurður vera óþægilegt óvissuástand. „Það mun þurfa fólk til að reka þetta hús áfram og ég á nú ekki von á öðru en að allir hérna fái vinnu sem vilja vinna fyrir N1. En það ríkir óvissa í nokkra mánuði og það er alltaf óþægilegt.“

Hann segist þó binda vonir við að málið leysist fyrir lok september. **- sh**



**HYRNUTORG** Byrjað var á að segja upp starfsmönnunum með lengstan starfsaldur, enda þeir líka með lengstan uppsagnarfrest.


FINLUX

ÞÚ FÆRÐ MIKIÐ FYRIR LÍTIÐ. HENTA VEL HVORT SEM ER Í STOFUNA, HERBERGIÐ, Á HÓTELIÐ, SUMARBÚSTAÐINN EÐA HJÓLHÝSIÐ.




12/230v

Finlux 22FLX850DVUD

22" HD LCD SJÓNVARP með DVD spilara, 1366x768p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og er 12/220v. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, HDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

TILBOÐ 49.990

FULLT VERÐ kr. 59.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.


# Ættum að framleiða okkar eigið eldsneyti

**Efnafræðingurinn Surya Prakash segir að Ísland sé betur til þess fallið en nokkur önnur þjóð að verða sjálfu sér nægt um eldsneyti. Íslenskt fyrirtæki hefur uppi áform um að framleiða 80 milljón tonn af metanóli á ári.**

**ORKUMÁL** „Íslendingar búa við slíkar kjöraðstæður að þeir geta hæglega orðið sjálfbærir með eldsneyti,“ segir Surya Prakash, prófessor í efnafræði við University of Southern California og forstjóri Locker-kolefnisstofnunarinnar.

„Ísland er betur til þess fallið að nota einungis endurnýtanlega orku en nokkur önnur þjóð,“ bætir hann við. „Þið hafið jarðvarmann, heita vatnið, stór landsvæði, eruð velmenntuð þjóð og fámenn svo það er allt til alls. Ég myndi segja það fullkomlega raunsætt ef Íslendingar settu sér það markmið að nota eingöngu endurnýtanlegt eldsneyti eftir tíu ár bæði fyrir bíla- og fiskiflotann. Vandinn við Ísland er hins vegar sá að regluverkið stendur í vegi fyrir því, eins og er, að þið getið látið af þessu verða.“

Prakash er höfundur bókarinnar Metanólhagkerfið sem fjallar um eldsneyti framtíðarinnar. Hann er þeirrar skoðunar að mun fleiri en Íslendingar líti fram hjá þeim tækifærum sem auðlindirnar hafa upp á að bjóða. Slík yfirsjá, segir hann, valda því að mengun verður meiri og sjálfbærni minni. „Það ætti hver þjóð að stefna að því að vera sjálfbær um eldsneyti, sjáðu bara hvað er að gerast í Bandaríkjunum. Þar kostar kostar olíugallonið fjóra dollara en þegar búið er að skattleggja það kostar það átta. Ástæðan er sú að það kostar mikla fjármuni að verja olíuauðlindirnar í Mið-Austurlöndum.“



**EFNAFRÆÐINGURINN MEÐ METANÓLVIFTUNA** Surya Prakash lét ekki nægja að tala á ráðstefnu sem RCI og Samtök iðnaðarins stóðu fyrir í gær heldur gerði hann litla tilraun með metanólviftu sem bar tilætlaðan árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Benedikt Stefánsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Carbon Recycling International (RCI) sem rekur einu metanólverksmiðju landsins í Svartsengi við Grindavík, segir að núverandi reglugerðir geri ekki ráð fyrir að metanól fari yfir þrjú prósent í blönduðu eldsneyti. Ísland hefur þó skuldbundið sig til þess að ná því marki fyrir 2020 að 10 prósent af eldsneytiseyðslu landans verði endurnýtanlegt eldsneyti. Verið er að vinna að breytingum sem taka mið af því og bindur Benedikt miklar vonir við þær.

Hægt er að vinna fimm milljónir lítrar af metanóli á ári í verksmiðjunni í Svartsengi. „Við höfum svo verið að rannsaka möguleikann á því að framleiða á bilinu 40 til 80 milljón lítra, svona í fyrsta kasti, úr sorpi,“ segir hann. „Til viðbótar við það er svo hægt að framleiða miklu meira með rafmagni. Reyndar eru til staðar verkefni í orkugeiranum sem gætu gert okkur kleift að framleiða eldsneyti sem myndi anna allri eftirspurn.“ Eldsneytisþörf alls bílaflotans er um 350 milljón lítrar á ári. **jse@frettabladid.is**

Starfsfólk Kópavogs hefur unnið að gæðavottuninni undanfarin fjögur ár:

# Gæðaeftirlitsmenn skoða verkferla

**KÓPAVOGUR** „Embættismenn Kópavogsbæjar hafa lagt ómælda vinnu við það undanfarin fjögur ár að endurskoða og skrá niður alla vinnuferla innan stjórnsýslusviðs sem snerta til dæmis vistun skjala, innheimtu, innkaup, fjárhagsáætlunargerð, upplýsingagjöf og mannaráðningar,“ segir Arna Schram, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar.

Hún segir verkferlana stranga og meðal annars hafi utanaðkomandi gæðaeftirlitsmenn og úttektaraðilar úr röðum starfsmanna farið reglubundið yfir þá.

Með vottuninni vilja embættismenn bæjarins tryggja að allir þeir sem þurfa á þjónustu stjórnsýslunnar að halda sitji við sama borð og allir geti sótt sér upplýsingar um þær 85 verklagsreglur sem starfsmönnum stjórnsýslusviðs ber að fara eftir.

Kópavogsbær hefur fyrst íslenskra sveitarfélaga hlotið alþjóðlega vottun (ISO 9001) fyrir gæðakerfi stjórnsýslusviðs. Unnið hefur verið að innleiðingu gæðakerfisins síðustu misseri. Markmiðið er að tryggja góða og skilvirka þjónustu, gagnsæja stjórnsýslu, aukið öryggi og bætt eftirlit með kostnaði. **- sv**



**TÓK VIÐ VOTTUNINNI Á FIMMTUDAG** Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, tók við ISO 9001-vottuninni á fimmtudag fyrir hönd bæjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sumarsprengja

## dagana 3. til 9. júlí








Sýnum 10 mismunandi gerðir af þýskum Dethleffs hjólhýsum í hæsta gæðaflokki með ríkulegum staðalbúnaði þar sem gæði og falleg hönnun fara vel saman.

Dagana 3. til 9. júlí bjóðum við upp á flotta sumarsprengju sem inniheldur 200.000kr afslátt af öllum Dethleffs hjólhýsum auk sólarsellu og markísu. Sumarsprengjan er að verðmæti 540.000kr.
Tilvalið tækifæri til að skella sér á hágæða hjólhýsi tilbúið í útileguna.

**Sumar-sprengja**

- ☑ 200.000kr afsláttur af Dethleffs
- ☑ Sólarsella að verðmæti 150.000kr
- ☑ Markisa að verðmæti 190.000kr

**afsláttur 540.000kr**

---

## Rockwood fellihýsi fyrir íslenskar aðstæður
### með frábærri sumarsprengju

Rockwood A-hýsi 12 fet.



Verð: 2.898.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet.
Torfæru útgáfan fyrir þá sem vilja komast lengra.



Verð: 2.998.000kr
- upphækkað á 15” dekkjum
- sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.

Rockwood Premier 10/12 fet.



Rockwood Premier 1904 10 fet.
Verð: 2.798.000kr

Rockwood Premier 2317G 12 fet.
Verð: 3.198.000kr m/ útdraganlegri hlið.

Flott sumarsprengja fyrir **A-hýsi** inniheldur 200.000kr afslátt auk sólarsellu samtals að verðmæti 350.000kr.

**Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum**

- **Galvaníseruð grind**
- **Evrópskar þrýstibremsur**
- **Upphitaðar 12 cm springdýnur**
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13” álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrými
- 2ja feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi

**Sumar-sprengja**

- ☑ 200.000.kr afsláttur af fellihýsum
- ☑ Sólarsella að verðmæti 150.000kr
- ☑ Fortjald að verðmæti 99.900kr
- ☑ Listar og fleiri aukahlutir

**afsláttur 500.000kr**

---

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fossháls 5-7 I 110 Reykjavík
Sími 551 5600 I utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn®

husa.is

# FERÐA DAGAR

## Í HÚSASMIÐJUNNI





1.390 kr.

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Moscow**
6°C
Stærð 230 x 80/50 cm
0,95 kg
Efni: 190T Polyester
Fylling: Hollow fiber 200gr/m²
3000421



## 2 MANNA

**Riga**
Stærð: 200 x 140 x 100 cm
Efni: 170T Polyester PA 450 mm
Stangir: Fiberglass 6,9 mm
Þyngd 1,7 kg
3000410

2.490 kr.

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

# TJÖLD Á FRÁBÆRU VERÐI



**Athina**
2 herbergi
Stærð að utan: (140 x 180 x 140) x 210 x 190 cm
Stærð að innan: 120 x 120 x 150 cm
Ytra efni: 190T Polyester PU 1500 mm
Innra efni: Öndunarefni úr Polyamid
Stangir: Fiberglass 9,5 / 8,5 mm
Lóðrétt stöng úr stáli, 16 mm
Gólfefni: PE
Þyngd 8 kg
3000414

**4 MANNA** ......... **20.895 kr.**
**6 MANNA** ......... **24.990 kr.**



## 3 MANNA

**Madrid**
Stærð að utan: (130 x 210 ) x 210 x 130 cm
Stærð að innan: 210 x 210 x 130 cm
Ytra efni: 190T Polyester PU 1500 mm
Innra efni: Öndunarefni úr Polyamid
Stangir: Fiberglass 9,5 / 8,5 mm
Gólfefni: PE
Þyngd 3,5 kg
3000412 ......................... **10.489 kr.**



## 2 MANNA

**Apia**
Stærð að utan: (95 + 205 ) x 160 x 110 cm
Stærð að innan: 205 x 160 x 110 cm
Ytra efni: 190T Polyester PU 1500 mm
Innra efni: Öndunarefni úr Polyamid
Stangir: Fiberglass 7,9 mm
Gólfefni: PE
Þyngd 2,2 kg
3000411 ......................... **5.649 kr.**

# FERÐAVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI




**Vindsængur margar stærðir**




**Tjaldstóll**
3901474




**Tjaldborð og bekkir**
113 x 68 x 72 cm
3899360



**Pottasett**
5 stk
3900630

**2.990 kr.**



**Tjaldlugt**
M innbyggðum kompás
3900605

**3.949 kr.**



**Áhaldasett**
3901532

**890 kr.**



**1.999 kr.**

**Kanna og 4 glös**
Hart plast, fleiri litir
2009737

# ÚTIVISTARFATNAÐUR Í MIKLU ÚRVALI



**11.990 kr.**

**Garsport gönguskór**
Gartex öndun
5863884




**ÚTIVISTARBUXUR BARNA**
**5.990 kr.**
**DÖMU OG HERRA**
**7.990 kr.**

5871335




**8.990 kr.**

**Flatflíspeysa á dömur**
5870799

**Heilgallar**
Bleikir, svartir, gráir og bláir
5871404/25



**BARNA 6.990 kr.**
**FULLORÐINS 8.590 kr.**



**29.900 kr.**

**Rafmagnskælibox T35 DC**
12V, 35 ltr
3899293




**Kælitaska**
30 ltr
6 litir
3899254




**Kælibox**
24 ltr
3899342

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956**

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Aflaregla fyrir helztu nytjastofna stuðlar að skynsamlegri nýtingu auðlinda:

# Freistingum pólitíkusa fækkað

Uppbyggingu þorskstofnsins á síðustu árum og sterka stöðu hans nú má ekki sízt þakka aflareglunni, sem fyrst var tekin upp árið 1995 og er í sinni síðustu útgáfu nokkurn veginn á þá leið að ekki skuli veiða meira en fimmtung af þorski eldri en fjögurra ára, að því gefnu að hrygningarstofninn haldist í 220.000 tonnum eða yfir.

Jóhann Sigurjónsson forstjóri Hafrannsóknastofnunar spáði því þegar kynntar voru tillögur stofnunarinnar um að auka þorskaflann upp í 177.000 tonn á næsta fiskveiðiári að heildarkvóti í þorski gæti farið upp í allt að 250.000 tonnum árið 2016. Það yrði væn búbót fyrir þjóðarbúið.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Undanfarin ár hafa sjávarútvegsráðherrar staðizt þrýsting frá hagsmunaaðilum um að auka þorskkvótann umfram aflaregluna. Það er rétt og ábyrg afstaða, sem er byrjuð að skila árangri og mun gera það áfram til framtíðar.

Hins vegar hafa ráðherrarnir notað aðra stofna sem skiptimynt og leyft veiði umfram ráðgjöf Hafró til að sætta hagsmunaaðila í sjávarútveginum við aðhaldið í þorskveiðum. Sérstaklega hafa ýsa og ufsi farið illa út úr þessum hrossakaupum. Menn hafa væntanlega hugsað sem svo að þar væru minni hagsmunir í húfi en í þorskinum, færi svo að þessir stofnar yrðu ofveiddir.

Það blasti út af fyrir sig við að þessu væri ekki hægt að halda áfram til langframa; það myndi koma niður á minni nytjastofnum sem þó eru ekki síður mikilvægir en þorskurinn þegar á heildina er litið. Ástandið á ýsustofninum er nú orðið mjög alvarlegt og Hafró útilokar ekki að setja þurfi algjört veiðibann á ýsu.

Stofnunin hefur nú lagt fram tillögur um nýtingarstefnu og aflareglu fyrir ýsu, eins og fjallað var um í Fréttablaðinu síðastliðinn laugardag. Reglan sem er lögð til er með öðrum hætti en í þorskinum; Hafró vill láta veiða 40% af ýsu sem er 45 sentímetrar og stærri. Þessa reglu segir Jóhann Sigurjónsson „standast allar ýtrustu kröfur um sjálfbærni og varúðarsjónarmið. Eins að hún gefi hámarksafrakstur til langs tíma litið.“

Í undirbúningi er sömuleiðis aflaregla fyrir ufsann. Hafró mælir með sams konar reglu og fyrir þorskinn til að ná hámarksafrakstri úr stofninum til lengri tíma litið.

Það er jákvæð þróun að setja aflareglur fyrir sem flesta af nytjastofnum sjávar við Ísland. Þær þarf að sjálfsögðu að ræða á sem breiðustum grundvelli, þannig að bæði stjórnvöld og þeir sem hafa hagsmuni af því að nytja sjávarauðlindina hafi sem beztan skilning á gildi þeirra og sæmileg sátt ríki um að beita þeim.

Kjarni málsins er að nýtingarstefna og aflareglur fyrir einstaka fiskistofna draga úr freistingum stjórnmálamanna að hunza ráðgjöf vísindamanna og leyfa of mikinn afla til að ná skammtímamarkmiðum. Við þurfum ekki að horfa langt út fyrir landsteinana til að sjá skelfilegar afleiðingar þess að pólitíkusarnir geta ekki staðizt þrýsting hagsmunaaðila. Hér á landi eiga menn orðið að vita betur.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

ÞJÓÐ-
FÉLAGS-
UMRÆÐAN

vísir
- oft á dag


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þriðjungi er alveg sama

Ólafur Ragnar Grímsson var endurkjörinn forseti á laugardag. Honum varð tíðrætt um mikilvægi forsetaembættisins þar sem traust á Alþingi væri lítið. Segja má að hann hafi stillt sjálfum sér upp sem mótvægi við Alþingi. Í því ljósi hlýtur það að vera forsetanum áhyggjuefni að tæplega þriðjungi Íslendinga er alveg sama um hver gegnir embætti forseta Íslands, en kjörsókn var rétt rúm 69%. Til samanburðar var kjörsókn í síðustu Alþingiskosningum 85,1% og því mun fleiri sem hafa áhuga á því hver situr á þingi en á Bessastöðum. Þegar Ólafur var kjörinn árið 1996 var kjörsókn 85,94%. Á 16 ára valdatíð hans hafa því æ fleiri misst áhugann á því hver gegnir hans stöðu.

### Oftúlkanir Ólafs



Hógvær og auðmjúkur maður hefði kannski tekið þetta til sín. Ólafur hefur verið duglegri við yfirlýsingar um að úrslitin sýni að þjóðin vilji að hann láti til sín taka í umræðunni um stóru málin. Það er mikil oftúlkun. Úrslitin sýna það eitt að 52,8% þeirra sem nenntu á kjörstað vildu frekar Ólaf sem forseta en einhvern hinna fimm frambjóðendanna.

### Þá hefði Andrea unnið



Ef túlkanir Ólafs Ragnars Grímssonar væru réttar þá væri staðan nefnilega sú að Andrea Ólafsdóttir hefði unnið kosningarnar. Hún gekk manna lengst í því að vilja auka veg forsetaembættisins í stjórnsýslunni og talaði jafnvel um að leggja fram eigin þingfrumvarp. Menn ættu því að fara varlega í að draga stórar og miklar ályktanir um óskir um breytt eðli íslenskrar stjórnsýslu, sama hversu vel það hentar þeim sjálfum.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Yfirvegun í lyfjaumræðunni


Heilbrigðismál



Jakob Falur Garðarsson
framkvæmdastjóri Frumtaka


Undanfarna daga hefur umræðan um skaðlegar aukaverkanir lyfja verið fyrirferðarmikil í fjölmiðlum. Auk þess hefur einnig verið fjallað um óhefðbundnar lækningar í baráttunni við krabbamein og jafnvel leitt að því getum að þau krabbameinslyf og meðferðarúrræði sem einstaklingum, sem greinast með þennan vágest, stendur til boða sé hægt að kasta fyrir róða.

Í allri umfjöllun um lyfjaiðnaðinn og lyfjanotkun er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir aðalatriðinu. Það sem mestu máli skiptir fyrir okkar samfélag er að við viðurkennum mikilvægi þess að vera tilbúin til að fjárfesta í heilbrigðisgeiranum. Þegar til lengri tíma er litið þá er það fjárhagslegur ávinningur fyrir samfélagið í heild sinni að fjárfesta í vísindum, rannsóknum og lyfjaprófunum, þ.e. heilbrigðiskerfinu, einum af mikilvægustu málaflokkum þess velferðarþjóðfélags sem er okkur öllum svo mikilvægt. Annað var ekki að skilja á Jóhönnu Sigurðardóttur á fundi sem fór fram í Lofoten í Noregi fyrr í vor með forsætisráðherrum annarra norrænna ríkja. Lokaályktun þess fundar var að nauðsynlegt væri fyrir Norðurlöndin öll að renna styrkari stoðum undir lýðheilsu og heilbrigði þegna sinna. Mikilvægt sé að Norðurlönd tapi ekki þeirri forystu sem þau hafa haft í álfunni þegar kemur að því að veita þegnum sínum öryggi í heilbrigðismálum.

Aukaverkanir af lyfjum geta verið alvarlegt mál sem bæði læknar og starfsfólk heilbrigðisstétta eru meðvitaðir um. Það hlýtur að vera markmið þeirra, sem taka þátt í og stuðla að lyfjaþróun, að lágmarka skaðsemi aukaverkana eins mikið og mögulegt er. Nauðsynlegt skref í átt að því er sameiginlegur vilji starfsfólks í heilbrigðiskerfinu, lyfjafyrirtækja, vísindasamfélagsins og stjórnvalda til að renna styrkari stoðum undir velferðarkerfið. Öflugasta verkfærið til þess er fjárfesting í heilbrigðiskerfinu.

Frumtök telja umræðu um lyf og lyfjanotkun vera af hinu góða. Þegar öllu er á botninn hvolft stuðla lyf að því að tugmilljónir einstaklinga geti lifað við sjúkdóm sinn á þann hátt að hann raskar lífi þeirra eins lítið og mögulegt er. Vissulega geta aukaverkanir verið alvarlegar, en í stað þess að kasta vopnum okkar í baráttunni við alvarlega sjúkdóma væri nær að efla þau og styrkja með auknum rannsóknum og fjárveitingum til að við öll getum lifað eins heilbrigðu og góðu lífi og lækna- og lyfjavísindin gera okkur kleift á hverjum tíma.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Læknisvottorð og gildi þeirra

HEILSA



Teitur Guðmundsson
læknir

Það er þekkt að læknar eru reglubundið beðnir um að gefa út vottorð vegna veikinda skjólstæðinga sinna, einnig vegna starfshæfni eða annarrar hæfni sem þykir þurfa læknisfræðilega nálgun og staðfestingu eins og við stjórnun ökutækja, skipa og flugvéla svo eitthvað sé nefnt. Þá er snar þáttur heimilislækna orðinn að votta um ástand skjólstæðinga með tilliti til tryggingartöku þeirra, gagnvart hinu opinbera og lífeyrissjóðum vegna langvarandi veikinda eða jafnvel ferða viðkomandi innanlands þegar hann sækir sér læknishjálp. Læknisvottorð geta verið gögn í dómsmálum og þurfa læknar að geta staðið við þau fyrir dómi ef svo ber undir.

Þetta er býsna mikil skriffinnska og talsverður munur á því hvaða augum læknar líta þessi vottorð en samkvæmt reglugerð um útgáfu læknisvottorða nr. 586/1991 segir orðrétt í fyrstu grein „Lækni ber skylda til að votta samskipti sín og sjúklings, óski sjúklingur eftir því, eftir atvikum foreldri eða forráðamaður eða annar umboðsmaður hans“. Þá getur verið óskað eftir vottorði læknis eins og þekkt er af hálfu tryggingarfélags eða opinberra aðila eins og sýslumanns eða flugmálastjórnar, samanber hér að ofan. Þetta er ekki alltaf svona auðvelt því í þriðju grein segir „Læknir skal ekki staðhæfa annað í vottorði en það sem hann hefur sjálfur sannreynt“ og þar liggur flækjustig málsins.

Læknirinn getur þetta alls ekki í nokkrum hluta þeirra vottorða sem hann gefur út dags daglega, en það eru vottorð vegna veikinda til atvinnurekenda og vegna fjarveru frá skóla. Þarna getur verið mikið í húfi fyrir skjólstæðing læknisins en einnig fyrir atvinnurekandann til dæmis og hvaða hagsmuni ætti læknirinn að verja í slíkum tilfellum?

Þessu er býsna auðsvarað því læknar hafa lært það í gegnum tíðina eins og segir einhvers staðar að sértu í vafa þá eigir þú fyrst að hugsa um hagsmuni sjúklingsins. Þetta gildir sérstaklega um meðferð og læknisfræðilega nálgun á veikindi einstaklinga en mögulega ekki jafn mikið þegar reynir á veikindarétt kjarasamninga og hagsmuni launþega gagnvart atvinnurekanda sínum, eða hvað?

> Samskiptavandi á vinnustað, vanlíðan, einelti og heilsuspillandi umhverfi auk annarra vandamála eiga sér farveg í markvissu heilsu- og vinnuverndarstarfi innan fyrirtækja með fulltingi trúnaðarlæknis.

Það hvarflar ekki að mér að ætla að draga úr rétti sjúklinga, né heldur að gera lítið úr vinnu við læknisvottorð þar sem ég er sannfærður um að rétt sé með farið í yfirgnæfandi meirihluta tilfella. En mér þykir umræðan um „rétt“ vera dálítið einhliða hjá launþeganum þó svo ég þykist vita að víða er pottur brotinn í samskiptum í atvinnulífinu. Ég ætla því til skýringar að taka einfalt dæmi sem er ekki raunverulegt en á sér hins vegar margar hliðstæður í dag:

Einstaklingur, sem hefur starfað hjá sama fyrirtæki í 20 ár og er sagt upp störfum vegna samdráttar, hefur verið við hestaheilsu og óskað er eftir að hann vinni út uppsagnarfrest sem er 3 mánuðir. Einum degi eftir uppsögn er hann veikur ótímabundið samkvæmt læknisvottorði til loka uppsagnarfrests. Við eftirgrennslan reynist hann ekki hafa neina greiningu, virka meðferð, né áætlun um endurmat veikinda hans, hann er einfaldlega ósáttur við vinnuveitanda sinn vegna uppsagnar og ætlar sér ekki til vinnu aftur og vill fá greitt út uppsagnarfrest sinn með því að beita fyrir sig vottorði.

Er þetta réttlátt og gerði læknirinn rétt í því að staðfesta slík veikindi? Getur atvinnurekandi gert eitthvað í slíkum málum?

Kjarasamningar eru æði mismunandi, veikindarétturinn er almennt mjög sterkur sem ber að fagna og atvinnurekandinn á almennt ekki rétt á neinum upplýsingum um heilsufar einstaklinga. Hann á hins vegar sama rétt til þess og launþeginn að rétt sé farið með og heiðarlega komið fram. Sjónarmið beggja ættu auðvitað að geta fengið málefnalega umræðu. Samskiptavandi á vinnustað, vanlíðan, einelti og heilsuspillandi umhverfi auk annarra vandamála eiga sér farveg í markvissu heilsu- og vinnuverndarstarfi innan fyrirtækja með fulltingi trúnaðarlæknis í vinnuverndarlöggjöfinni. Sé misbrestur á slíku starfi getur það leitt til aukinnar fjarveru vegna veikinda sem kunna að vera raunveruleg eða jafnvel ekki, en slíkt er vont fyrir alla hlutaðeigandi.

# Skýr lög um vörslusviptingar

Vörslusviptingar

Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra



Um vörslusviptingar er ekki hægt að alhæfa. Einstaklingur gerir samning um að kaupa bifreið, fær bílinn í hendur en stendur ekki í skilum. Hann er sviptur umráðum yfir bílnum. Annar einstaklingur stendur í skilum lengi vel en springur á limminu í kjölfar efnahagshrunsins vegna verðbólguskots og kjaraskerðingar. Til er í dæminu að einstaklingur hafi talið sig vera búinn að greiða eignina upp en kaupleigufyrirtækið telji svo ekki vera. En þrátt fyrir ágreining voru þess mörg dæmi að handhafi hinnar umdeildu eignar hafi verið sviptur henni með valdi án þess að leitað hefði verið eftir úrskurði og heimildum sem lög þó kváðu á um.

Aftur og ítrekað komu inn á mitt borð kvartanir vegna slíkra vörslusviptinga eftir að ég tók við embætti ráðherra dómsmála og mannréttinda.

### Groddalegar aðfarir

Kvartanirnar komu bæði frá einstaklingum og samtökum. Ég brást ítrekað við í fjölmiðlum þar sem ég reisti þá kröfu á hendur kaupleigufyrirtækjum að þau færu að lögum í þessum efnum og á heimasíðu innanríkisráðuneytisins komu þessi tilmæli skýrt fram. Fram kom að telji einhver sig eiga skýlausan rétt á að fá umráð eignar sem er í vörslu annars, þarf hinn fyrrnefndi almennt að leita til opinbers aðila til að fá þessa heimild sína staðfesta. Slíkt væri unnt að gera með skjótum hætti á grundvelli 78. gr. laga um aðför. Samkvæmt henni væri að sama skapi aðila sem teldi sér með ólögmætum hætti aftrað að neyta réttinda sem honum bæri og hann gæti fært sönnur á rétt sinn, heimilt að beina til héraðsdómara beiðni um að hluturinn yrði færður honum í hendur. Dómari tæki þá afstöðu til þess hvort réttur gerðarbeiðanda væri svo ótvíræður að heimila mætti honum umráð hlutarins. Samkvæmt 3. mgr. 83. gr. aðfararlaga skal að jafnaði hafna aðfararbeiðni ef varhugavert þykir að láta gerðina ná fram að ganga á grundvelli sönnunargagna. Það þýðir að leiki vafi á réttmæti kröfu gerðarbeiðanda skal hafna því að aðför fari fram. Sé slíkri aðfararbeiðni hafnað er gerðarbeiðanda óheimilt að taka eign í sína vörslu þar til leyst hefur verið úr ágreiningi aðila.

> Ég tel að hér sé um mikilvæga réttarbót að ræða. Hér eftir er ljóst að sá sem taka vill eign sína úr vörslu umráðamanns verður að fá samþykki hans til þess.

Þetta er afdráttarlaust enda urðu þessar ábendingar til þess að verulega dró úr vörslusviptingum sem stundum fóru þó fram með vægast sagt groddalegum hætti. Þótt ástandið lagaðist bárust þó áfram kvartanir.

### Ný löggjöf

Í framhaldinu óskaði ég eftir því við réttarfarsnefnd ráðuneytisins að nefndin útbyggi lagafrumvarp þar sem tekið væri á þessu vandamáli og þeir sem stunduðu slíkar aðferðir yrðu knúnir til að fara að reglum aðfararlaga vildu þeir ná til sín eignum sem þeir teldu sig eiga. Þótt lögin væru skýr, eins og hér hefur komið fram, væri þó greinilegt að skerpa þyrfti á þeim þannig að engin tvímæli væru. Frumvarp þessa efnis leit nú dagsins ljós og var það útbúið sem breyting á innheimtulögum. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hafði þessi mál einnig til skoðunar í góðri samvinnu við innanríkisráðuneytið. Úr varð að frumvarpið var flutt á vegum nefndarinnar og varð það að lögum nú í þinglok. Ég tel að hér sé um mikilvæga réttarbót að ræða. Hér eftir er ljóst að sá sem taka vill eign sína úr vörslu umráðamanns verður að fá samþykki hans til þess. Fáist samþykki ekki verður að fara að þeim reglum sem kveðið er á um í lögum um aðför og leita atbeina dómstóla og svo sýslumanns til aðgerðanna. Jafnframt er ljóst að þeir sem stunda vörslusviptingar þurfa nú leyfi stjórnvalda til þess.

AF NETINU

### Forsetakosningarnar, pólitíkin og fjölmiðlarnir

Breytingar á stjórnarskrá eru í farvatninu – í tillögum stjórnlagaráðs heldur forsetinn völdum sínum og það er jafnvel bætt í. Þetta eru hlutir sem þarf að ræða miklu betur í ljósi afstaðinna kosninga. Það er líka verið að ræða um hlut fjölmiðlanna í kosningunum. Staðan var að vissu leyti skrítin, Þóra Arnórsdóttir kom beint úr sjónvarpinu og fór í framboð, og það er ekkert launungarmál að innan fjölmiðlastéttarinnar er Ólafur Ragnar ekkert sérlega vinsæll.
Ég sé samt ekki betur en að flestir fjölmiðlar hafi staðið sig ágætlega – og ásakanir um að Ríkisútvarpið hafi dregið taum eins frambjóðanda fremur en annars eru algjörlega út í hött. Þeir sem hæst tala um þetta hafa þann leiða sið að kalla aðra alls kyns ónefnum – sem lenda eins og bjúgverplar á höfði þeirra sjálfra. Sumir segja að þarna sé verið að færa þjóðmálaumræðuna aftur á tíma manna eins og Jónasar frá Hriflu, en líklega er nær að segja að þarna ráði fremur andi gamalla skólablaða.

eyjan.pressan.is/silfuregils
**Egill Helgason**



Útsala

Útsalan hófst í morgun. Allur fatnaður með 40% afslætti, og allir skór með 30% afslætti.

TIIA býður upp á dásamleg merki eins og Munthe plus Simonsen, Lolly's Laundry, Maison Scotch, Ambre Babzoe, Mexicana, Mes Demoiselles, Moncocrom, By Koah ásamt fleiri fallegum merkjum.

Tiia

LAUGAVEGUR 46, 101 REYKJAVIK
Tel: 571 8383

# Stjórnun fiskveiða skilar greinilegum árangri

Nýting og stjórnun norrænna hafsvæða




Kjartan Hoydal
Norrænu hugveitunni um sjávarútvegsmál



Hans Lassen
Norrænu hugveitunni um sjávarútvegsmál


Í alþjóðlegri umræðu um ástand hafsins vilja menn einblína á áhrif fiskveiða á lífríki sjávar. Ef málið er skoðað frá sjónarhóli líffræðilegrar fjölbreytni kemur þó í ljós að afleiðingar fiskveiða eru hverfandi litlar. Helsti vandinn eru þau áhrif sem lífmassi örvera í hafinu verður fyrir af mannanna völdum enda eru þær mikilvægar fyrir hringrás kolefnis og brennisteins í úthöfum.

Fiskveiðar hafa áhrif á hafið en þau áhrif verða ekki hnattræn nema þegar fiskveiðiflotinn færir sig á milli hafsvæða líkt og gerðist þegar hvalveiðar voru stundaðar á árum áður eða í dag þegar túnfiskur og aðrar tegundir eru veiddar í fjarlægum höfum.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ (FAO) telur að ofveiði sé stunduð á um 28% fisktegunda í heiminum, gengið sé á 3% þeirra en aðeins 1% tegunda sé að rétta sig við.

Iðulega er vísað til fyrrnefndrar skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SÞ þegar spjótum er beint gegn fiskveiðum og þær taldar ógna líffræðilegri fjölbreytni hafsins.

Rangt er að draga upp svo einhliða neikvæða mynd af ástandinu. Fjölmiðlar hafa fjallað mikið um gagnslitla fiskveiðistjórnun og ólöglegar veiðar en minna um það sem vel hefur tekist. Norrænu ríkin hafa sýnt fram á hvernig stunda megi arðbærar og sjálfbærar veiðar.

Hér verða nefnd tvö dæmi um góða fiskveiðistjórnun, þ.e. á þorski og norskri vorgotssíld í Norðaustur-Atlantshafi.

Pólarþorskur í Barentshafi er að mestu veiddur á norskum og rússneskum hafsvæðum. Í lok síðari heimsstyrjaldar má segja að stofninn hafi verið friðaður í 5-6 ár og var hann 12 milljón tonn þegar hæst bar. Skortur á eftirliti með veiðunum leiddi síðar til þess að gengið var á stofninn en frá lokum 6. áratugar til 9. áratugar síðustu aldar var stofninn aðeins um 2 milljón tonn. Frá 10. áratug síðustu aldar hefur stjórnun veiðanna verið markviss og ströng um leið og spornað hefur verið við ólöglegum veiðum og er stofninn nú aftur orðinn 12 milljónir tonna að stærð.

Veiðar á norsku vorgotssíldinni eru stundaðar í rússneskum, norskum, færeyskum, íslenskum og alþjóðlegum höfum. Strandríki eiga samstarf um að stjórna veiðum á síldinni en að því koma ESB, Íslendingar, Færeyingar, Norðmenn og Rússar. Ákvarðanir strandríkjanna eru háðar samþykki Norðaustur-Atlandshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Fiskistofninn var sá stærsti í heimi árið 1950. Auknar veiðar og ný tækni gerðu fiskveiðiflotanum kleift að veiða á öllum hafsvæðum og öllum æviskeiðum síldarinnar með þeim afleiðingum að árið 1970 hvarf hún sporlaust. Í lok 8. áratugarins fór hún að birtast í smáhópum í norskum fjörðum. Norðmenn stjórnuðu veiðunum með harðri hendi og þannig tókst stofninum að endurnýja sig og var hann orðinn 4 milljónir tonna árið 1990.

> Það er þörf á gagnkvæmri virðingu, breiðum skilningi og samstarfi milli atvinnugreina.

Árið 2010 var stofninn orðinn 10 milljónir tonna og hafði næstum náð sinni upphaflegu stærð.

**Umhverfisáhrif**

Eins og áður kom fram væri rangt að álykta, t.d. á grundvelli yfirlýsingar PEW Environment Group, að fiskveiðar séu stærsti og jafnvel eini vandinn sem steðjar að ástandi hafsins og auðlindastjórnun þess en því miður er af miklu fleira að taka.

Í því sambandi er rétt að benda á skýrslur OSPAR-nefndarinnar sem unnar eru á tíu ára fresti um ástand lífríkis í Norðaustur-Atlantshafi. Síðasta skýrsla nefndarinnar – Quality Status Report – kom út í september 2010 (QSR 2010).

OSPAR sýnir fram á að allir þessir þættir séu vandkvæðum bundnir og mælir með ýmsum aðgerðum til að tryggja betur lífríki hafsins. Hafsvæði í norðan- og vestanverðu Norðaustur-Atlantshafi eru í þokkalegu ástandi en ástandið er verra í Norðursjó, í höfum vestur af Bretlandseyjum og í Biskajaflóa. Niðurstöður skýrslunnar eru að fiskveiðar, rétt eins og aðrar athafnir mannanna, hafi mikil áhrif á lífríki sjávar. Því vekur furðu að sumir vísindamenn skuli einblína á fiskveiðar sem helsta skaðvaldinn.

**Fiskveiðar**

Hægt er að færa sönnur fyrir því að fiskveiðar færa okkur holl matvæli, skapa atvinnu og hagsæld á strandsvæðum og stuðla að matvælaöryggi um allan heim. Engu að síður stendur á vef PEW:

„Um allan heim eru fiskistofnar í mikilli hættu, allt frá síldinni sem er lítill fiskur og étinn af ránfiskum og mannskepnunni til hins stórfenglega túnfisks sem með sínum bláu uggum er einn verðmætasti nytjafiskurinn.“ (þýðing höfunda)

Almennar staðhæfingar sem þessar geta verið skoðun þess sem skrifar en þær geta aldrei verið grundvöllur skynsamlegrar stjórnunar þegar á hólminn er komið. Skynsamleg stjórnun miðast við stofna en ekki tegundir, t.d. eru ellefu mismunandi þorskstofnar viðfangsefni Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Skynsamleg stjórnun byggir á þekkingu en þar sem hana skortir er stuðst við varúðarreglur. Viðhorf og skoðanir koma til skjalanna þegar ákveðið er hvernig taka skuli tillit til mismunandi hagsmuna.

**Niðurstaða**

Til að tryggja gott ástand hafsins þurfa margir að leggja hönd á plóg og gæta ber að ólíkum hagsmunum. Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (NEAFC), OSPAR-samningurinn og fiskveiðistefna ESB frá 2008 skuldbinda stofnanirnar til að vernda umhverfi sjávar óháð því hvaðan ógnirnar koma.

En við verðum einnig að gæta vel að því hvar við stígum til jarðar og leggja áherslu á græna tækni. Það er þörf á gagnkvæmri virðingu, breiðum skilningi og samstarfi milli atvinnugreina. Einhliða og trúarbragðakennd viðhorf í dulargervi vísinda sem miða að því að varpa ábyrgðinni á eina atvinnugrein eru ekki farsæl til framtíðar.

Kjartan Hoydal starfaði við mat og stjórnun á fiskstofnun, m.a. sem framkvæmdastjóri Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) þar til hann lét af störfum 2011.

Hans Lassen starfaði við mat á fiskistofnum og alþjóðlega ráðgjöf, m.a. sem skrifstofustjóri ráðgjafaráætlunar Alþjóðahafrannsóknastofnunarinnar (ICES) þar til hann lét af stjórn árið 2010.

Norræna hugveitan um sjávarútvegsmál:
http://www.norden.org/is/a-doefinni/frettir/ny-norraen-hugveita-a-ad-efla-sjavarutvegsumraeduna

*Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á Vísi.*

# Samningur getur bjargað lífum

Vopnaviðskipti


Kristján Sturluson
framkvæmdastjóri Rauða krossins




Það er sorgleg staðreynd að víða um heim er aðgengi að vopnum og skotfærum þannig að nánast hver sem er getur komist yfir vopn. Þetta hefur og mun að óbreyttu leiða til fleiri stríðsátaka með tilheyrandi mannréttindabrotum, drápum og þjáningum fyrir almenna borgara sem eru þeir sem oftast verða fyrir barðinu á stríðsátökum.

Á hverju ári líða hundruð þúsunda almennra borgara fyrir nær óheft aðgengi stríðandi aðila að vopnum sem er misbeitt gagnvart þeim. Alþjóðlegar takmarkanir eru til staðar varðandi ýmiss konar hættulegan varning. Hins vegar er ekki til neinn alþjóðlegur samningur sem kveður á um hvaða reglur eigi að gilda um vopnaviðskipti milli ríkja.

Nú í júlí fá aðildarríki Sameinuðu þjóðanna einstakt tækifæri til að taka mikilvægt skref fram á við þegar sest verður að samningaborðinu til að ræða alþjóðlegan vopnaviðskiptasamning. Mikilvægt er að samkomulag náist og að útkoman verði öflugur vopnaviðskiptasamningur sem mun draga úr eða koma í veg fyrir dráp og þjáningar þeirra sem ekki eiga aðild að stríðsátökum.

Í daglegum störfum sínum víða um heim verða sjálfboðaliðar og starfsmenn Rauða krossins og Rauða hálfmánans vitni að eyðileggingarmætti átaka. Stór hluti hjálparstarfs Rauða krossins fer í að sinna heilbrigðisþjónustu fyrir þúsundir fórnarlamba stríðsátaka víða um heim. Því miður gerist það allt of oft að hjálparsamtök geta ekki sinnt starfi sínu vegna hótana um beitingu vopnavalds gagnvart þeim. Slíkt mun halda áfram svo lengi sem vopn verða auðfáanleg.

Undanfarin ár hefur sífellt meiri samstaða myndast um nauðsyn þess að koma í veg fyrir óhefta vopnasölu. Alþjóðahreyfing Rauða krossins hefur ítrekað beint þeim tilmælum til ríkisstjórna að auka vernd almennra borgara í átökum með því að setja ströng viðmið og reglur um vopnaviðskipti á milli landa.

Öll ríki heims hafa með samþykkt Genfarsamninganna frá 1949 skuldbundið sig til að virða alþjóðleg mannúðarlög í stríði og tryggja að aðrir geri það sömuleiðis. Sú skuldbinding felur í sér að tryggt sé að vopn og skotfæri endi ekki í höndum þeirra sem augljóst er að muni nota þau til að brjóta alþjóðleg mannúðarlög, s.s. með því að fremja stríðsglæpi og þjóðarmorð.

Til að ná því markmiði er gríðarlega mikilvægt að vopnaviðskiptasamningur feli í sér áhættumat á því hvort vopn muni verða notuð til að brjóta á mannréttindum. Ekki er síður mikilvægt að samningurinn nái utan um flutning á vopnum og skotfærum. Þannig gæti það komið í hlut Íslands að framfylgja slíkum samningi í framtíðinni og það ekki síst ef siglingaleiðin um Norður-Íshafið opnast.

Ríkisstjórnir hafa nú tækifæri til að endurnýja þær skuldbindingar sem þær hafa undirgengist með aðild að Genfarsamningunum með því að koma taumhaldi á viðskipti með vopn og skotfæri sem augljóslega á að nota til að brjóta alþjóðleg mannúðar- og mannréttindalög. Rauði krossinn á Íslandi skorar á íslensk stjórnvöld að styðja ötullega við gerð öflugs alþjóðlegs vopnaviðskiptasamnings því slíkt getur sannarlega bjargað mannslífum.

Evrópumál

# Ólíklegt að evra myndi víkja fyrir „euro“

**AF EVRÓPUVEFNUM**

Er rétt að evran verði að heita "euro" í öllum aðildarríkjum ESB?


Þórhildur Hagalín
Evrópufræðingur og ritstjóri Evrópuvefsins




Á fundi leiðtogaráðs Evrópusambandsins í Madríd árið 1995 var tekin ákvörðun um að nafnið á sameiginlegum gjaldmiðli sambandsins skyldi vera einfalt og táknrænt fyrir Evrópu og enn fremur vera eins á öllum tungumálum aðildarríkjanna. Leiðtogarnir ákváðu að nefna gjaldmiðilinn „euro“ og skiptist hver einstök eining hans í hundrað hluta sem var gefið heitið „cent“.

Í opinberum skjölum ESB á öllum tungumálum sambandsins verður gjaldmiðillinn að heita „euro“ í nefnifalli eintölu, að teknu tilliti til tungumála sem nota annað stafróf en það latneska. Aðrar myndir af orðinu „euro“ eru leyfðar í aukaföllum og í fleirtölu svo fremi sem ekki er horfið frá eur-stofni orðsins. Samkvæmt alþjóðlegum staðli ber enn fremur að nota styttinguna „EUR“ með tölum sem vísa til upphæðar í evrum þegar táknið € er ekki notað.

Um samræmda notkun orðsins „cent“ á öllum opinberum tungumálum ESB gilda ekki jafn strangar reglur. Það skýrist fyrst og fremst af því að í ófáum aðildarríkjum var orðið „cent“ notað áður en evran var innleidd og hafði verið aðlagað að viðkomandi tungumáli. Finnar notuðu til að mynda, og nota enn, orðið „sentti“ og Spánverjar „céntimo“.

Í öðrum skjölum en lagatextum ESB, svo sem í landslögum aðildarríkjanna, er annar rithattur orðsins „euro“ leyfilegur, í samræmi við ólíkar málfræðireglur og hefðir hvers tungumáls. Þess eru allnokkur dæmi að aðildarríki ESB noti annað orð en „euro“ í daglegu tali. Þannig er lettneska orðið fyrir evru eiro, hið ungverska euró og hið maltneska ewro. Í yfirlýsingu við Lissabon-sáttmálann lýstu Lettar, Ungverjar og Maltverjar því yfir að hinn samræmdi evrópski ritháttur hefði engin áhrif á þær reglur sem gilda um ritun lettnesku, ungversku og maltnesku.

Ef Íslendingar ákveða að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru yrði orðið „euro“ notað um hinn sameiginlega gjaldmiðil í íslenskum útgáfum evrópskra laga og reglna. Hins vegar verður að teljast ólíklegt að hið ágæta orð evra myndi víkja fyrir „euro“ í venjulegu ritúðu máli á íslensku og því síður í daglegu tali Íslendinga.

# Eilífur forseti

Kosningar


Guðný Gústafsdóttir
kynjafræðingur




Kim Jong-il hvað?!“ sagði vinkona mín nokkuð æst. Við vorum að tala um forsetakosningarnar. Hún æsir sig annars aldrei, alltaf pollróleg og með húmor fyrir hlutunum. Hún hefur verið að stúdera asíska pólitík og fannst rökrétt að vísa til Norður-Kóreu til að undirstrika hvað væri í gangi. Ég var ekki eins fljót að tengja og hváði. „Ha? Kim Jong-il?“ „Já, þessi með sveipinn í hárinu og ógnarstjórnunina í Norður Kóreu manstu?!“

Einmitt. Já, ég man eftir honum. Hann fæddist upp úr 1940 í heimalandi sínu við rætur hárra fjalla. Hann gekk í kommúnistaflokkinn og sýndi fljótt leiðtogahæfileika enda náði hann langt á því sviði. Hann varð svo leiðtogi landsins í kringum 1995 og fékk titilinn „Eilífur forseti“.

Hann var þekktur fyrir að rækta vináttusambönd við auðjöfra og gera vel við sjálfan sig. Sennilega er hann samt þekktastur fyrir að halda völdum með því að hræða þjóðina reglulega. Hann varaði stöðugt við utanaðkomandi ógn; fór víst með einhvers konar ótta-möntru í tíma og ótíma. Eða þegar honum fannst að eigin valdi vegið.

Nema hvað. Þegar ég var stelpa var mér gert að vera góð við minnimáttar. Það skilaði sér í því að ég vorkenndi fólki, þjóðum og heilu heimsálfunum fram eftir öllum aldri ef mér fannst einhver eiga undir högg að sækja. Eða bara verið plötuð eða plataður. Eins og Norður-Kórea.

Eða Ísland í hruninu svokallaða. Þegar þjóðin var plötuð og rænd. Þá vorkenndi ég minni eigin þjóð. Öllu fólkinu sem hafði látið blekkjast af fagurgala stjórnmálamanna og -kvenna sem afnámu regluverkið sem átti að vernda fjármagn fólksins. Fólkinu sem lét þá plata sig sem nýttu sér glufurnar, hirtu góssið og fóru svo. Fólkinu sem sat í súpunni. Þessi innræting mín var tekin til rækilegrar endurskoðunar í gærkvöldi.

Nú get ég ekki lengur vorkennt meirihluta þessarar þjóðar. Sem þrátt fyrir nýafstaðin hrunadans lætur plata sig í útjaskaða skóna og þiggur enn einn darraðardansinn.



**RÁÐ VIÐ SVEFNLEYSI**
**Vaknaðu alltaf á sama tíma, minnkaðu notkun á örvandi efnum, hreyfðu þig reglulega og ekki borða og drekka rétt fyrir svefninn. Skrifaðu niður á blað minnisatriði, viðfangsefni eða áhyggjur morgundagsins svo þær trufli ekki svefninn.**



# KENNIR BÖRNUM JÓGA

**RÓAR HUGANN** *Eva Rún Þorgeirsdóttir jógakennari hjá Yoga Shala kennir jóga í Hjallastefnuskólanum í Reykjavík. Hún segir mikilvægt í nútímasamfélagi að börnum sé kennt að róa líkamann og hugann á eigin spýtur.*

Um 130 börn frá fimm til níu ára nutu þeirra forréttinda að fá kennslu í jóga á liðnum vetri í við barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík. „Þetta er í fyrsta sinn sem jógakennsla er höfð sem hluti af skóladeginum í grunnskóla sem er virkilega aðdáunarvert framtak,“ segir Eva Rún. Leikurinn er í aðalhlutverki og sögur notaðar til að kenna börnunum jógastöður. Tímarnir verða því mjög líflegir og skapandi hugmyndir flæða frá börnunum. „Stundum verða til nýjar jógastöður í tímum. Ef þeim finnst eitthvað vanta í sögurnar, bæta þau því bara við svo til verður ný jógastaða. Einu sinni fannst einhverjum vanta blómavasa í söguna svo úr varð ný staða sem heitir blómavasinn. Jóga er þeim svo eðlislægt, þau eru einlæg og algjörlega til staðar.“

Eva segir mikinn mun á fullorðnum og börnum þegar kemur að jóga. Börnin séu frjálsari og opnari og ritskoði sig ekki, heldur lifi í leiknum og njóti augnabliksins. „Ég byrjaði að ræða við þau um það sem við finnum mest fyrir, líkamann, lungun og hjartað, og útskýri að við gerum öndunaræfingar og jógastöður til að stuðla að heilbrigði og vellíðan. Næsta vetur mun ég fá meiri tíma með eldri börnunum og tek fyrir hugleiðslu og slökun.“ Mikilvægi slökunar og hugleiðslu í nútímasamfélagi ætti að vera flestum ljóst. Oft halda fullorðnir að börn verði ekki fyrir teljandi áhrifum en raunin er oft önnur.

Spurð hvort jóga nýtist börnum í þessum hversdagsleika segir Eva mikilvægt að kenna þeim leiðir til slökunar og minna á þær með því að stunda jóga reglulega. „Ef börn vilja fá næði, verða reið eða pirruð er mikilvægt fyrir þau að læra að öðlast hugarró á eigin spýtur. Það að anda djúpt og leggjast niður virkar oft vel. Með því að nota einfaldar jógaæfingar getur barnið vel lært að róa líkamann og hugann.“

■ **vidir@365.is**

**LEIKUR OG SÖGUR**
Eva Rún segir leikinn í aðalhlutverki í jógakennslunni og sögur notaðar til að kenna börnunum.
MYND/VALGARÐUR GÍSLASON

## KENNIR Í YOGA SHALA

***Eva Rún er kennari hjá Yoga Shala-jógastöðinni á Engjateigi í Reykjavík. Hún hefur kennt á fjölda námskeiða fyrir börn og fullorðna síðustu misseri.***


**Frábær fyrir stóru stelpuna**



teg Asia - í D,DD,E,F,FF,G,GG skálum á kr. 8.770,- boxer buxur í stíl á kr. 4.550,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

Eirberg
**Rafskutlur**
hagkvæmur ferðamáti



Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

praxis
...þegar þú vilt þægindi



Boston
leður
svart, hvítt st. 35-48
rautt st. 36-42
blátt st. 36-47
Verð: 11.900 kr.

Roma
Rúskinn
lj.blátt d.blátt
36-42
Verð: 6.990 kr.

Monako
leður
svart, hvítt
rúskinn og microfib.
st. 36-46
Verð: 7.990 kr.

Paris
leður
svart, hvítt, blátt
m/microfib og rúskinnssóla
st. 36-42
Verð: 10.900 kr.

Verona
svart, hvítt
st. 36-41
Verð: 8.600 kr.

Amsterdam
leður m/míkrófíber sóla
svart, hvítt
st. 36-42
Verð: 7.690 kr.

Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–18. Lokað á laugardögum

**INFRA-RAUÐIR SAUNA KLEFAR**
- Ný sending komin til landsins



Verð: 330.000kr
Stærð:175x120x210cm
Kanadískur hemlock viður
8mm gler
11stk infra-rauðir hitarar
2235w
Aukabúnaður (innifalið):
FM/AM | Útvarp CD spilari
Fjarstýring
2x hátalarar
Tengi fyrir USB
LED lýsing
2x Stjórnborð



Verð: 238.000kr
Stærð:120x105x210cm
Kanadískur hemlock viður
8mm gler
7stk infra-rauðir hitarar
1710w
Aukabúnaður (innifalið):
FM/AM | Útvarp CD spilari
Fjarstýring
Tengi fyrir USB
2x hátalarar
LED lýsing
2x Stjórnborð

Dekraðu við þig
Hreinsun – slökun – vellíðan

ShopChina.is

ShopChina ehf | Sími: 7720409 | info@shopchina.is




## 5 MILLJÓNIR GLASABARNA

**Ekki lengur feimnismál**

**■ TÆKNINNI FLEYGIR FRAM** Fimm milljónir glasabarna hafa nú fæðst í heiminum öllum frá því fyrsta glasabarnið, Louise Brown, kom í heiminn í Bretlandi árið 1978. Þetta er á meðal þess sem kemur fram á ráðstefnu sérfræðinga á sviði frjósemislækninga sem haldin er í Istanbúl um þessar mundir. „Tækninni hefur fleygt fram. Um það bil 1,5 milljónir tæknifrjóvgana eru framkvæmdar á ári hverju og úr þeim verða til 350 þúsund börn," segir Dr David Adamson, stjórnarformaður ICMART. Stuart Lavery, framkvæmdastjóri glasameðferðadeildar Hammersmith-sjúkrahússins í London, segir glasafrjóvganir mun viðurkenndari en áður og ekki lengur feimnismál.



# UPPLIFUNIN MIKILVÆG

**GOTT AÐ HREYFA SIG Í NÁTTÚRUNNI** *Tilgangur hreyfingar þarf að vera skýr svo fólk nenni að stunda hana reglulega. Að ganga í vinnuna er gott dæmi.*

Í síðasta hefti Læknablaðsins birtist grein eftir Hávar Sigurjónsson þar sem vitnað er í breska heimilislækninn William Bird sem var aðalfyrirlesari á málþingi á vegum landlæknisembættisins og Umhverfistofnunar. Málþingið var haldið undir yfirskriftinni: Er hægt að auka útiveru Íslendinga? Bird hefur verið í ráðgjafarvinnu fyrir samtökin Natural England sem eru að þróa nokkurs konar náttúrulega heilbrigðisþjónustu sem miðar að því að nýta náttúruna sem uppsprettu hreyfingar og stuðla að betri heilsu fólks.

Bird segir þrjú atriði hafa afgerandi áhrif á heilsufar fólks; félagslegar aðstæður, aðgang að grænum svæðum og tilgang hreyfingar. Rannsóknir sýni að fólk sem ekki hefur aðgang að grænum svæðum þjáist frekar af streitu sem leiði svo af sér líkamlega og andlega sjúkdóma. Bird segir tilgang hreyfingar verða að vera skýran og helst fela í sér einhvers konar samskipti svo hvatinn fyrir henni virki. Til dæmis séu litlar líkur á að fólk endist í því að hlaupa á hlaupabretti í hálftíma á dag þar sem umhverfið sé lítt hvetjandi og tilgangurinn óljós. Fljótlega muni fólk gefast upp á því og falla í gamla farið. Ef hins vegar sé gengið í vinnuna um grænt og fallegt svæði sé strax kominn tilgangur auk snertingar við náttúruna. Upplifunin af hreyfingunni þurfi að vera sterkari en tilgangurinn.

Bird segir það hreyfingarleysi ef einstaklingur hreyfi sig minna en 30 mínútur á viku. Í sumum hverfum Lundúna eigi þetta við um allt að 40% íbúanna. Þeir fari inn og út um útidyr og inn og út úr bíl á leið í vinnuna og það sé öll hreyfingin sem þeir stundi. Bird bendir á að ekki sé hægt að bæta sér upp heillar viku hreyfingarleysi við skrifborð með því að fara í fjallgöngu á laugardögum. Betra sé að ganga eða hjóla daglega til og frá vinnu, ganga upp og niður alla stiga eða teygja úr sér reglulega yfir daginn. Bird segir of mikla áherslu í samfélaginu á að grennast eða léttast, en heilsa einstaklings batni við hreyfingu þó hann léttist ekki neitt. Offita í samfélaginu er lítið vandamál í samanburði við hreyfingarleysið. En með því að einblína á þyngd og útlit verði tilganginum ekki alltaf náð þó að heilsan batni til muna.

■ vidir@365.is

**GOTT AÐ HAFA AÐGANG AÐ GRÆNUM SVÆÐUM** Félagslegar aðstæður, aðgangur að grænum svæðum og tilgangur hreyfingar eru atriði sem hafa afgerandi áhrif á heilsufar fólks.
MYND/TEITUR

## SAMSKIPTI VIRKA HVETJANDI

***Tilgangur hreyfingar verður að vera skýr og helst að fela í sér einhvers konar samskipti svo hvatinn fyrir henni virki.***







# NÝ MEGRUNARPILLA LEYFÐ

*Bandarísk heilbrigðisyfirvöld hafa samþykkt megrunarpillu í fyrsta skipti í þrettán ár. Lyfjafyrirtækið Arena þróaði lyfið Belviq.*

Fullorðið fólk sem þjáist af offitu, þ.e. er með BMI-þyngdarstuðul yfir 30, fær að nota Belviq. Einnig geta þeir sem eru í ofþyngd, með þyngdarstuðul yfir 27, fengið að nota lyfið ef þeir hafa líka of háan blóðþrýsting, sykursýki tegund 2 eða of hátt kólesteról. Lyfið er væntanlegt á markað árið 2013.

Þeir sem tóku þátt í tilraunum á lyfinu náðu þó aðeins hóflegum árangri með notkun þess. Þeir misstu að meðaltali um fimm prósent af líkamsþyngd sinni með hjálp lyfsins. Belviq er hannað til þess að loka á þau merki sem heilinn gefur frá sér um hungur. Notendum lyfsins finnst þeir því verða saddir af minna magni af mat en áður.

Leyfi fyrir Belviq var hafnað árið 2010 vegna æxla sem tilraunadýr fengu eftir notkun þess. Eftir að lyfjafyrirtækið Arena skilaði nýrri umsókn fyrir lyfið með meiri upplýsingum um það taldi bandaríska matvælaeftirlitið litlar líkur á að fólk sem notaði lyfið fengi æxli vegna þess. Arena þarf að framkvæma sex rannsóknir á lyfinu eftir að það verður sett á markað, þar á meðal rannsókn á langtímaáhrifum þess á hjartasjúklinga.

Fjöldi þeirra sem þjáist af offitu í Bandaríkjunum nálgast nú 35 prósent og samfara því hefur kostnaður við heilbrigðiskerfið aukist. Margir læknar hafa því hvatt yfirvöld til að leyfa nýjar megrunarmeðferðir. Matvælaeftirlitið hefur sett ströng skilyrði fyrir því að veita leyfi vegna megrunarlyfja vegna þess að þess konar lyfjum hafa fylgt ýmiss konar vandræði í gegnum tíðina. Belviq á ekki að hafa sömu hættu í för með sér þrátt fyrir að notkun þess hafi þekktar aukaverkanir svo sem þunglyndi, mígreni og minnisglöp.



**OF FEITUR** Þeir sem eru með hærri þyngdarstuðul en 30 geta fengið megrunarpilluna Belviq þegar hún kemur á markað 2013.
NORDIC PHOTO/GETTY




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







Sólpallar, skjólgirðingar og öll almenn smíðavinna. Góð verð og vönduð vinna. Brynjar s:862-8621

**Viðhald fasteigna.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479

## Tölvur




## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar




Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.


## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir


# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottavéla. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, þurkarar, frystikystur. Einnig ódýr reiðhjól, barnahjól, þríhjól og hlaupahjól. S. 896 8568.



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503



**Gróðurhús TILBOÐ !!!**
6fm með hertu gleri 230þ. 9fm með hertu gleri 330þ. KLIF ehf, S:552-3300.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Verslun



**Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ.**
Æðislegu þunnu peysurnar komnar aftur í öllum númerum. 9 litir. Flottar vörur frá frá EIK design. Opið 13-18 þrið-föstud Velkomin í Beauty in Black. Sími 695-6679

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskút, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Hreinræktaðir Labradorar til sölu. Orðnir 10 vikna og vel þjálfaðir. Ættbækur fylgja, örmerktir og bólusettir. Sólveig 778 2404

## Húsgögn



Rococo húsgögn til sölu, sófasett og sófaborð, borðstofuborð og stólar, glerskápar. Tilboð óskast.S:848-1718

Til sölu hluti af búslóð. Borðstofuborð + 6 stólar, leðursófasett 3+1+1, sófaborð, vínskápur, veggspegill, kommóða, hjónarúm 160x200, 2 leðurstólar, ísskápur með frysti, sjónvarp 24", 3 innskotsborð, lítil hillu samstæða og 2 litlar bókahillur. Sími 865 8558

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

2 herb. í miðbæ RVK. Húsgögn fylgja. Sameiginl. eldhús, bað og þvottaherb. í 4ja herb íbúð. V. 75 þ. s. 895 0482

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

Mjög rúmgott herbergi í 101 Rvk. til leigu. 55 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 695 7276.

## Húsnæði óskast

**Íbúð óskast miðsvæðis**
Óskum eftir 4ja herbergja íbúð, helst nálægt HÍ eða í nágrenni. Reyklaus og reglusemi. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 772 6238

Við hjónin erum að rækta bréfdúfur og erum með nokkrar mínílup kanínur líka. Okkur vantar aðstöðu fyrir dýrin og óskum því eftir gömlum sumarbústað eða gömlum útihúsum til sölu. Skilyrði, aðstaðan verður að vera í nánasta nágrenni við höfuðborgarsvæðið og það verður að vera rafmagn. Ekki of dýrt, allt kemur til greina. Endilega hafið samband S. 562-5013

## Sumarbústaðir



Til Sölu frábært Gestahus eða lítill sumarbústaður. Stærð 24fm Húsið er fullklarað að utan einangrað og plastað að innan getur verið fullklárað að innan með samkomulagi Verð 2,7 milj.



Í Skorradal er sumarbústaður til sölu. Draumaútsýni. Uppl. sími 897-7121.


# Sérhæfð vörudreifing

Við bjóðum upp á klæðskerasniðnar lausnir í vörudreifingu fyrirtækja.
Hagstæð, örugg og gæðavottuð þjónusta.

**Hafðu samband til að fá nánari upplýsingar í síma 585 8300 eða 585 8330.**

**Póstdreifing** - Suðurhraun 1 - 210 Garðabær - Sími 585 8300 - www.postdreifing.is



## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.




## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Italiano Pizzeria**

Italiano er að leita að duglegum, snyrtilegum starfsmanni í hlutastarf og fullt starf. Góð íslenskukunnátta og mikil hæfni í mannlegum samskiptum áskilin. Sæktu um á staðnum eða sendu okkur mail á italiano@italiano.is

Guesthouse requesting employee in 100% work to conduct housekeeping. The applicant must be well organized and efficient. Driving license is desirable. Please send your application rs29@simnet.is

## Tilkynningar



**Komdu í klippingu**
Eva Katrín er byrjuð að vinna hjá okkur. Topphár Dvergshöfða 27 sími. 5872030




## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN Reykjavík**
Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali
Frá 1957 — Elsta starfandi fasteignasala landsins
Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

### Heiðarhjalli 45

**Glæsileg efri sérhæð – Laus strax**




Glæsileg efri sérhæð í tvíbýlishúsi með frábæru útsýni til austurs, suðurs og vesturs. Hæðin er 145,7 fm, sérgeymsla er 8,3 fm og innbyggður bílskúr er 25,8 fm, samtals 179,8 fm. Sér inngangur. Allar innréttingar eru hannaðar af Tryggva Tryggvasyni arkitekt og eru sérsmíðaðar úr spónlagðri eik eða hvítsprautaðar. **Verð 47,9 millj.**
**OPIÐ HÚS í dag ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17:00 - 18:00.**

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

### Þorláksgeisli 27, íbúð 306 - 113 Reykjavík




**Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 17:30 til 18:00**
Mjög falleg 113,5 m2, 4ra herbergja íbúð með fallegu útsýni á efstu hæð í 3.ja hæða lyftuhúsi, ásamt bílastæði í bílakjallara við Þorláksgeisla 27 í Reykjavík. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi með sturtu og baðkari, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir 7,5 m2 sérgeymsla í kjallara. **V. 29,9 m.**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Eikjuvogur 22

**Efri sérhæð auk bílskúrs**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00- 18.00**




Falleg 200,8 fm. sérhæð á tveimur hæðum auk 34,3 fm. bílskúrs. Eign sem hefur fengið gott viðhald í gegnum tíðina. Rúmgott eldhús. Tvær samliggjandi stofur með útgengi á suðvestursvalir. Fjögur herbergi. Allar raflagnir og töflur eru endurnýjaðar og húsið var málað og viðgert fyrir um 5 árum síðan. Stór lóð með timburveröndum. **Verð 48,5 millj. EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG. VERIÐ VELKOMIN**

## Atvinna

**Splass** — Engin venjuleg bílaþvottastöð!

### Starfsfólk óskast

Auglýsum eftir starfsfólki við bílaþrif.
Áhugasamir sendi tölvupóst með upplýsingum á splass@splass.is

## Tilkynningar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR
ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025

Í samræmi við 2. mgr. 32. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir sveitarstjórn eftirfarandi niðurstöðu sína vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti eftirfarandi bókun á fundi sínum 27.06.2012:
„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025 hvað varðar Norðurbæ Hafnarfjarðar dags. 11.07.11 og að farið verði með breytinguna skv. 2. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin telst óveruleg þar sem afmörkun hverfisverndarsvæða er í samræmi við markmið Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025 um verndun menningar og náttúruminja með áherslu á verndun óraskaðs hrauns. Afleiðing af þessari breytingu telst vera jákvæð og ekki er talið að um nein neikvæð áhrif verði að ræða."

Þetta tilkynnist hér með, Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri/ skipulags- og byggingarfulltrúi.

*Skipulags-og byggingarsvið Hafnarfjarðar.*

**ÁSBYRGI ehf** — Sími 568 2444
ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík

### Vegghamrar – Grafarvogur



Vorum að fá í einkasölu góða og vel skipulagða 2ja herbergja 62,5 fm íbúð á 2. Hæð með sér inngangi af svalagangi. Í íbúðinni er m.A. Sólstofa með flísum á gólfi og útgengt úr stofu á suðursvalir. Íbúðin er laus strax. Góð eign á góðum stað.
Nánari uppl. Í síma: 568-2444. **Verð: 16.2 Millj.**

### Heilsárshús í landi Hests við Kiðjabergsgolfvöll

Fallegt 60 fm. heilsárshús á 8300m2 ræktaðri eignarlóð með stórri verönd í landi Hests við Kiðjabergsgolfvöll. Húsið er staðsett á lokuðu svæði með stórkostlegu útsýni yfir Hvítána og Kiðjaberg. Húsið er byggt árið 1997 og skiptist í 3 svefnherbergi, baðhergi, stofu og eldhús ásamt svefnlofti. Auk þess er 15 fm. geymsla sem er auðvelt að breyta í gestahús.
Verð 25 m.kr.
Upplýsingar í síma 895-8538 og netfangið rut.helgad@gmail.com










### Kirkjugerði 15

190 Vogum
Fallegt einbýli, 20mín frá bænum

Stærð: 292 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1976
Fasteignamat: 31.150.000
Bílskúr: Já

**RE/MAX Alpha**








**OPIÐ HÚS FIMMTUD. 5.JÚLÍ 17.30-18.00**
**Verð: 44.900.000**

RE/MAX ALPHA KYNNIR :
Fallegt 292m2 einbýlishús í Vogunum. Í húsinu eru fjögur rúmgóð herbergi öll með parketi úr rauðeik. Stofan er með arinn , bar og gluggakistur úr stuðlabergi. Eignin er í Vogunum sem er aðeins 20min. akstur frá bænum og þekktur sem sérstaklega góður staður fyrir börn.

Nánari upplýsingar veitir Páll Heiðar í 7754000 eða palli@remax.is



Páll H Pálsson
Sölufulltrúi
**7754000**
palli@remax.is



Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

## AF NETINU

### Vinnslustöðin stjórnar

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum rak fjörutíu starfsmenn í vikunni og greiddi í leiðinni hluthöfum tæpan milljarð í arð. Sigurgeir B. Kristgeirsson kenndi hækkun veiðigjalds um brottreksturinn. Sagði hins vegar ekki, hverjum arður fyrirtækisins væri að kenna. Hinir gráðugu kvótagreifar hafa völd í landinu. Fengu frumvarpið um veiðigjald til meðferðar, áður en sátt náðist um það á Alþingi.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

### Met í aukningu kaupmáttar

Það er einungis eitt ár síðan 1990 sem var með meiri kaupmáttaraukningu en síðasta árið, þ.e. árið 1998 (5,6% á móti 5,3% núna). Á „góðærisárinu 2007" var meira að segja ívið minni kaupmáttaraukning, þó litlu muni. Þetta er auðvitað gott, þó það þýði ekki að kreppan sé að fullu að baki.

blog.pressan.is/stefan

**Stefán Ólafsson**





VERTU ÚTI

Taktu þátt í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins um útivist. Sendu inn mynd sem tengist útivist með einum eða öðrum hætti og þú getur unnið miða fyrir tvo til Evrópu!

Skilafrestur á mynd er til klukkan tólf á hádegi þann 4. júlí. Vinningsmyndin verður á forsíðu helgarblaðsins þann 7. júlí og sigurvegarinn fær að auki tvo flugmiða til einhvers af áfangastöðum WOW Air. Annað og þriðja sæti fá miða fyrir tvo í Borgarleikhúsið.

Sendu inn mynd á ljosmyndakeppni@frettabladid.is



WOW air FRÉTTABLAÐIÐ


# Eru verðtryggð húsnæðislán ólögleg?

**Efnahagsmál**



**Guðmundur Franklín Jónsson**
viðskiptafræðingur og formaður Hægri grænna, flokks fólksins

Með lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti sem tóku gildi 1. nóvember 2007, var innleidd í íslenskan rétt MiFID-tilskipun Evrópusambandsins. Með nýjum verðbréfaviðskiptalögum breyttust ýmsar mikilvægar reglur sem lutu að því hvernig standa átti að viðskiptum með verðbréf. MiFID-tilskipunin náði til allra ríkja á EES-svæðinu. Markmið laganna var að setja samræmdar reglur um neytendavernd fjárfesta og skapa sameiginlegan innri markað með fjármálaþjónustu. Lögð er áhersla á aukið eftirlit, faglega framkvæmd og upplýsingagjöf. Þá var löggjöfinni ætlað að tryggja að þeir viðskiptavinir fjármálafyrirtækja, sem eiga í verðbréfaviðskiptum, fái ávallt viðeigandi upplýsingar og ráðgjöf.

**FME setur skýrar línur**

Í upplýsingabæklingi Fjármálaeftirlitsins sem gefinn var út í sambandi við þessa nýju löggjöf og heitir „Upplýsingarit um MiFID fyrir neytendur – Að fjárfesta í fjármálaafurðum" segir: „Sem dæmi um einfaldar afurðir eru hlutabréf og ýmsar tegundir skuldabréfa. Sem dæmi um flóknar afurðir má nefna: Valréttarsamninga, framtíðarsamninga, skiptasamninga og aðrar afleiður, samninga um fjárhagslegan mismun, breytanleg skuldabréf. Samkvæmt MiFID-reglunum ber fjármálafyrirtækjum einnig að skipta viðskiptavinum sínum í þrjá meginflokka: 1) viðurkennda gagnaðila, 2) fagfjárfesta og 3) almenna fjárfesta. Síðastnefndi flokkurinn um almenna fjárfesta nýtur mestrar verndar, sem m.a. felst í því að þeim er óheimilt að taka þátt í flóknum fjármálagjörningum á borð við afleiðuviðskipti. Það er einnig ljóst að fjármálastofnunum ber að kynna sér í hvaða flokki fjárfesta hver viðskiptavinur á heima."

**Verðtryggð húsnæðislán eru afleiður**

Eru verðtryggð húsnæðislán afleiður? Verðtryggð lán eru í rauninni svo flókin fjármálaafurð að jafnvel seljandi lánsins getur ekki gefið viðskiptavininum upp í hverju skuldin stendur eftir eitt ár, hvað þá 30 ár. Hækkun lánsins er afleiðing hækkandi neysluverðsvísitölu sem fjöldi afleiddra þátta verkar á t.d. skattahækkanir, eldneytisverð, launakjör, hrávöruverð, hagstjórn, gengi krónunnar o.s.frv. Áhætta lánsins er að öllu leyti á lántakandanum en ekki seljandanum. Almennir fjárfestar hafa engar forsendur til að meta þá áhættu, sem fylgir verðtryggðu láni og einstaklingum er ekki boðið að kaupa sér verðbólguvarnir. Sló botninn úr tunnunni þegar vísitala neysluverðs hækkaði um 0,5% frá fyrra mánuði vegna 11% hækkunar á flugfargjöldum til útlanda, en ekkert flugfélag kannast við þessa hækkun.

> Sló botninn úr tunnunni þegar vísitala neysluverðs hækkaði um 0,5% frá fyrra mánuði vegna 11% hækkunar á flugfargjöldum til útlanda, en ekkert flugfélag kannast við þessa hækkun.

**Ólögleg söluvara**

Strangar reglur gilda um afleiðusamninga og fjármálafyrirtækjum er ekki heimilt að stofna til viðskipta með afleiður við hvern sem er. Hér á landi hafa verðtryggð íbúðalán og önnur neytendalán verið seld um áratugaskeið yfir borðið. Þessi lán hafa ekki verið talin heyra undir lög um verðbréfaviðskipti. Verðtryggð lán eru ekkert annað en flóknir afleiðusamningar og þar af leiðandi ættu þau að heyra undir þá neytendavernd sem lög um verðbréfaviðskipti og MiFID veita. Að mati Hægri grænna, flokks fólksins, hafa verðtryggð húsnæðislán verið seld ólöglega frá 1. nóv. 2007 og ætlar flokkurinn, ef færi gefst, að leiðrétta öll verðtryggð húsnæðislán með svokallaðri „Kynslóðasátt" eða amerísku TARP-aðferðinni að loknum næstu alþingiskosningum.

# Skilaboðin eru skýr

**Jafnréttismál**



**Hrafnhildur Ragnarsdóttir**
formaður kvennahreyfingar Samfylkingarinnar

Sjálfstæðiskonan Sirrý Hallgrímsdóttir segir í grein um jafnréttismál að sjálfstæðiskonur hafi verið „brautryðjendur á sviði jafnréttismála". Sirrý fer aftur til upphafs síðustu aldar til að finna konur sem gegnt hafa mikilvægum embættum í nafni Sjálfstæðisflokksins og nefnir þar sérstaklega Ingibjörgu H. Bjarnason, en hún tók sæti á þingi fyrst kvenna fyrir sérstakan Kvennalista, þó síðar hafi hún gengið til liðs við íhaldið.

Ef við lítum okkur nær þá má benda á að undir forystu jafnaðarmanna, Samfylkingarinnar, hafa í fyrsta sinn konur orðið forsætisráðherra og fjármálaráðherra, hlutfall kynja í ráðherrahópnum er jafnt og mikið hefur áunnist í baráttunni gegn vændi og kynferðisofbeldi. Innleidd hefur verið aðgerðaráætlun gegn mansali og kaup á vændi bönnuð. Búið er að lögbinda 40% hlutfall hvors kyns í stjórnum lífeyrissjóða og fyrirtækja, setja jafnlaunastaðal til að vinna gegn kynbundnum launamun og beitir ríkisstjórnin kynjaðri hagstjórn í efnahagsmálum. Svona má lengi telja upp árangur jafnaðarmanna í jafnréttismálum.

Það er rétt hjá Sirrý að vinstri og hægri konur hafa viljað fara ólíkar leiðir til að stuðla að jafnrétti kvenna og karla. Vinstri konur hafa einfaldlega viljað ganga lengra en frjálslyndisstefnan og láta sér ekki nægja að setja lög og trúa því að þá verði allt gott. Við vitum betur. Við vitum að sértækar aðgerðir þarf til að uppræta rótgróið kynjamisrétti. Lagasetningar einar og sér nægja ekki til. Þar greinir okkur á og það hefur ítrekað reynt á samstöðu kvenna þegar sjálfstæðiskonur setja sig upp á móti sértækum aðgerðum í þágu kynjajafnréttis. Rannsóknir hafa sýnt að nauðsynlegt er að heimila sértækar aðgerðir til að fjölga konum í áhrifastöðum. Samfara þessari niðurstöðu hafa einkenni frjálslyndisstefnu að mestu horfið úr jafnréttislöggjöfinni. Þrátt fyrir það hefur umræða um að hið fullkomna jafnrétti sé eingöngu tímaspursmál verið langlíf meðal frjálshyggjumanna.

Ummæli Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra, eru mjög lýsandi fyrir viðhorf frjálslyndisstefnu Sjálfstæðisflokksins í jafnréttismálum: „Aukin sókn kvenna í menntun og barátta þeirra mun skila sér í algjöru jafnrétti á næstu tuttugu árum [...] Brýnasta mál jafnréttisbaráttunnar í dag er að konur sjálfar sannfærist um að kynferði þeirra skipti ekki máli fyrir laun þeirra." (Ríkisútvarpið: 17.4.2004). Þá sagði Björn Bjarnason, þáverandi dómsmálaráðherra, að jafnréttislögin væru „barn síns tíma", en þá hafði kærunefnd jafnréttismála komist að þeirri niðurstöðu í áliti sínu að ráða hefði átt konu, sem væri jafn hæf eða hæfari en aðrir umsækjendur í stöðu hæstaréttardómara. Ráðherrann skipaði hins vegar frænda forsætisráðherra (Davíðs Oddsonar) í embættið og sagði m.a.: „Ég tel að miðað við núverandi stöðu í okkar þjóðfélagi sé það tímaskekkja að gera kröfur á þessum forsendum til þeirra sem hafa veitingarvaldið, að binda hendur þeirra á þennan veg. Það er óneitanlega mjög erfitt að fikra sig eftir þessum lögum." (Morgunblaðið: 7.4.2004).

Á svipuðum tíma kallaði höfundur leiðara Morgunblaðsins kynjakvóta skyndilausnir. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra og sjálfstæðiskona, kom samráðherrum sínum til bjargar þegar þeir voru gagnrýndir fyrir ráðningu frænda Davíðs og hafði þetta um jafnréttislögin að segja: „Ég tel að ég nái betri árangri með skoðunum mínum og baráttuaðferðum heldur en með beitingu öfgakenndra aðferða þar sem beitt er handafli. Jafnréttið á að koma frá grunninum, rótunum og hjartanu en ekki að vera skellt inn með margs konar valdboðum sem láta konur iðulega standa berskjaldaðar og líta illa út fyrir vikið." (Nýtt líf, 2004). Ég sé því ekki enn hvernig sjálfstæðiskonur hafa verið brautryðjendur í jafnréttismálum.

Nú er svo komið að forsætisráðherra okkar, Jóhanna Sigurðardóttir, hefur gerst brotleg gagnvart jafnréttislögum. Jóhanna Sigurðardóttir fór eftir hæfnismati og réð á grundvelli þess hæfasta einstaklinginn, í stað þess að veita fyrrum flokkssystur sinni starfið. Úrskurður kærunefndar jafnréttismála kveður á um að að hæfnismatið hafi verið ófaglegt og að forsætisráðherra hafi brotið á konunni. Hún fékk ekki dæmdar skaðabætur, en henni voru dæmdar miskabætur sökum fréttatilkynningar sem forsætisráðuneytið sendi frá sér. Úrskurðurinn er bindandi, þökk sé Jóhönnu Sigurðardóttur, sem barðist fyrir því að kærunefnd jafnréttismála hefði raunverulegt vægi. Jóhanna Sigurðardóttir reyndi ítrekað að ná sáttum í þessu máli. Hún hefur ákveðið að virða úrskurðinn í stað þess að áfrýja og beðist opinberlega velvirðingar á því að hafa valdið miska. Jóhanna Sigurðardóttir hefur axlað fulla pólitíska ábyrgð í þessu máli og þannig eru hennar viðbrögð skýr. Hún gerði mistök, viðurkennir þau og bætir fyrir þau. Það gera góðir stjórnmálamenn. Hvað gerði Björn Bjarnason þegar hann gekk framhjá hæfari konu til að ráða vin sinn og frænda forsætisráðherra í valdamikið embætti? Hvað gerðu sjálfstæðiskonur þá?




ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 2 NETFRELSI AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**FRANS KAFKA** rithöfundur (1883-1924) fæddist þennan dag.

*„Það er oft betra að vera fjötraður en frjáls."*

---



Ástkær móðir okkar,

**ÁSTA SIGURJÓNSDÓTTIR**
**fyrrum húsfreyja á Breiðabóli, Svalbarðsströnd,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, sunnudaginn 1. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Börn hinnar látnu.**

---



Ástkær sonur okkar, bróðir, faðir, tengdafaðir og afi,

**KRISTINN H. BENEDIKTSSON**
**ljósmyndari, Grindavík,**

lést laugardaginn 23. júní á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði miðvikudaginn 4. júlí kl. 15.00.

**Benedikt Sveinsson** — **Þórdís Kristinsdóttir**
**Steinunn M. Benediktsdóttir** — **Sverrir Friðbjörnsson**
**Svava B. Benediktsdóttir** — **Gestur Kristjánsson**
**Jóel Kristinsson** — **Linda Þóra Grétarsdóttir**
**Hildur Sigrún Kristinsdóttir** — **Pétur L. Lentz**
**Rakel Kristinsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR JÓHANN JÓHANNSSON**
**Lindasíðu 2, Akureyri,**

lést miðvikudaginn 27. júní á Sjúkrahúsi Akureyrar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 5. júlí kl. 13.30.

**Svava Valdimarsdóttir**
**Lovísa Sigurðardóttir** — **Þorsteinn Guðnason**
**Jóhanna Hartmannsdóttir**
**Bjarki Sigurðsson** — **Hólmfríður Jónasdóttir**
**Valdimar Sigurðsson**
**afa- og langafabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við fráfall og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SIGURJÓNU SÍMONARDÓTTUR**
**Lautasmára 2, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir til Önnu Þórhildar Salvarsdóttur læknis, Brynju Hauksdóttur hjúkrunarfræðings og starfsfólks kvennadeilda Landspítalans fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Elísabet Harpa Steinarsdóttir** — **Ástþór Ragnarsson**
**Sigríður Steinarsdóttir** — **Einar K. Þórhallsson**
**Gróa Dagmar Gunnarsdóttir** — **Þórhallur Ólafsson**
**Ragnheiður Gunnarsdóttir** — **Bergsveinn Jóhannesson**
**Ragnar Victor Gunnarsson** — **Sveindís D. Hermannsdóttir**
**Guðrún Björk Gunnarsdóttir** — **Jón Ingi Magnússon**
**og fjölskyldur.**

---



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**RANNVEIG ÁRMANNSDÓTTIR**
**Lindasíðu 2, Akureyri,**

lést á dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 23. júní 2012. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð. Bestu þakkir til starfsfólks Hlíðar og Bakkahlíðar fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur.

**Hákon Aðalsteinsson**
**Ármann Þ. Björnsson** — **Ellen Þorvaldsdóttir**
**Aðalsteinn Hákonarson** — **Sigurlína Hilmarsdóttir**
**Elías Hákonarson** — **Dröfn Jónsdóttir**
**Hákon Hákonarson** — **María B Ívarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og dóttir,

**ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR**

er lést á Landspítalanum Fossvogi, deild B7, þann 27. júní sl. verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 5. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gigtarfélag Íslands.

**Sigurður Vilhjálmsson**
**Brynjar Hólm Sigurðsson** — **Anna María Sveinsdóttir**
**Guðrún Lilja Sigurðardóttir**
**Hafliði Már Brynjarsson** — **Sigurður Hólm Brynjarsson**
**Guðrún Stefanía Jóhannsdóttir**

---



Okkar ástkæra

**KRISTÍN G. SIGURÐARDÓTTIR**

lést aðfaranótt 2. júlí.

**Sigrún H. Karlsdóttir** — **Kristján Sveinsson**
**Sigurður Karlsson** — **Ellen María Ólafsdóttir**
**Magnús Þór Karlsson** — **Margrét H. Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**SIGURÐUR JÓNSSON**
**fyrrverandi prentsmiðjustjóri, Hlíf II, Ísafirði,**

sem lést á Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ 23. júní, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju föstudaginn 6. júlí kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

**Árni Sigurðsson** — **Guðrún Halldórsdóttir**
**Jón Ólafur Sigurðsson** — **Jóhanna Oddsdóttir**
**Málfríður Þ. Sigurðardóttir**
**Þórhildur S. Sigurðardóttir** — **Guðmundur Hafsteinsson**
**afabörn, langafa- og langalangafabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**AUÐUR ELÍASDÓTTIR**
**Dvalarheimilinu Höfða,**

lést á Sjúkrahúsi Akraness aðfaranótt 28. júní. Jarðað verður frá Akraneskirkju föstudaginn 6.júlí kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Kjartan H Guðmundsson**
**Kolbrún Kjartansdóttir**
**Elín Hanna Kjartansdóttir** — **Jón Vestmann**
**Hafsteinn Kjartansson** — **Þuríður S. Baldursdóttir**
**Hörður Kjartansson** — **Þórunn Elídóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA ÞORKELSDÓTTIR**
**Kleppsvegi 62,**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 30. júní.

**Una Sigurðardóttir** — **Ólafur Gíslason**
**Sigfús Jón Sigurðsson** — **Ragnheiður Sæland Einarsd.**
**Zophanías Þorkell Sigurðsson** — **Guðrún Ívars**
**Alma Sigurðardóttir** — **Magnús Ægir Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður míns og afa,

**HINRIK AÐALSTEINSSON**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Mörkin fyrir einstaka umönnun.

**Klara Berta Hinriksdóttir**
**Róbert Arnar Sigurþórsson**

---



Ástkæri faðir, fósturfaðir, afi og bróðir,

**HANNES EINAR JÓHANNSSON**
**kranamaður,**
**til heimilis að Langagerði 23,**

lést á heimili sínu þann 14. júní síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að hans vilja. Við viljum koma þökkum til Heimahlynningu Líknardeildar.

**Ingveldur Marion Hannesdóttir**
**Anna Margrét Hannesdóttir**
**dætur hennar eru Elena Eir og Alexandra Ýr**
**Sigríður Kjördís Friðriksdóttir og fjölskylda**
**Guðmundur Helgi Jóhannsson og fjölskylda**
**Hulda Hanna Jóhannsdóttir og fjölskylda**
**Jóhanna Björg Steinsdóttir**

---



**EVA BENEDIKTSDÓTTIR OG BALDUR SIGURÐSSON** Leiða áhugasama um slóðir Þórbergs Þórðarsonar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FRAMHJÁGANGAN: 100 ÁRA AFMÆLI

## Feta í fótspor Þórbergs

„Framhjáganga Þórbergs Þórðarsonar er hápunkturinn í Íslenskum aðli, perla í íslenskum bókmenntum og ferðalýsing sem á sér ekki hliðstæðu í þeim," segir Baldur Sigurðsson sem ásamt eiginkonu sinni Evu Benediktsdóttur hefur skipulagt göngu þar sem fetað er í fótspor Þórbergs Þórðarsonar og gengið alla leið frá Norðurfirði á Ströndum til Reykjavíkur.

Þórbergur segir frá göngunni með eftirminnilegum hætti í Íslenskum aðli, dagleiðum og gististöðum er lýst með nokkuð nákvæmum hætti. Ferðalangar munu fylgja Baldri og Evu heim að bæjum þar sem minningin um heimsókn Þórbergs lifir enn þrátt fyrir að 100 ár séu liðin síðan hann gekk leiðina. „Þórbergur gisti á tólf stöðum á þessari leið sinni. Þar af eru sex farnir í eyði en af þeim sem enn eru í byggð eru nokkrir þar sem sama fjölskyldan býr og átti þar heima fyrir 100 árum. Og þar er minningunni um heimsókn Þórbergs haldið á lofti. Þegar Íslenskur aðall kom út árið 1938 þá var fólk enn á lífi sem tók á móti honum og heimsóknin lifnaði við í minningunni. Bæirnir komust í bókmenntirnar og sögurnar af Þórbergi voru sagðar næstu kynslóðum," segir Baldur sem lengi hefur verið áhugamaður um menningu og ferðalög. Framhjágangan fangar þetta tvennt.

> Þessi ganga er okkar Jakobsvegur.

„Framhjágangan er svo einstök. Hún er ekki bara gönguferð frá stað A til B heldur eru í frásögn Þórbergs alltaf einhver fyrirheit handan við hornið, hamingjan eða ástin. Stúlkan hans, sem hann ætlaði sér að heimsækja á Bæ í Hrútafirði, er þarna innan seilingar en gufar upp eins og regnboginn. Þessi ganga er eins og okkar Jakobsvegur," bætir Baldur við og á þá við hina klassísku pílagrímaleið sem lýkur í dómkirkjunni í Santiago de Compostela á Norður-Spáni.

Framhjáganga Baldurs og Evu er farin á vegum Ferðafélags Íslands og er henni skipt í þrjá hluta. Ferðalangar geta því valið að fara alla gönguna, sem er um 250 kílómetrar, eða hluta hennar. Nánari upplýsingar um ferðina er að finna á heimasíðu Ferðafélagsins Fi.is en þess má geta að ferðin hefst 31. júlí og lýkur 12. ágúst fyrir þá sem fara alla leið.

sigridur@frettabladid.is

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sonar míns og bróður,

**HINRIKS HINRIKSSONAR.**

**Friðlín Valsdóttir**
**Klara Berta Hinriksdóttir**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, ömmu og tengdamóður,

**SIGRÍÐAR BJARGAR EGGERTSDÓTTUR**
**Skjólvangi 6, Hafnarfirði.**

**Guðmundur Geir Jónsson**
**Jón Eggert Guðmundsson**
**Jóhannes Geir Guðmundsson** — **Pamela Perez**
**Björgvin Guðmundsson**
**og barnabörn.**




**BYLGJULESTIN Í SUMAR**

| | |
|---|---|
| **9. JÚNÍ** | Kótelettan á Selfossi |
| **16. JÚNÍ** | Sólstöðuhátíð Víkinga á Fjörukránni í Hafnarfirði |
| **23. JÚNÍ** | Hveragerði - Blóm í bæ |
| **30. JÚNÍ** | Bylgjan í Bolungarvík |
| **7. JÚLÍ** | Goslokahátíð í Vestmannaeyjum |
| **14. JÚLÍ** | Bylgjuhátíð á Flúðum |
| **21. JÚLÍ** | Húnavaka á Blönduósi |
| **28. JÚLÍ** | Síldardagar á Siglufirði og Franskir dagar á Fáskrúðsfirði |
| **11. ÁGÚST** | Fiskidagurinn mikli á Dalvík |
| **18. ÁGÚST** | Menningarnótt í Reykjavík |

**BYLGJULESTIN ÞAKKAR** Bolvíkingum frábærar viðtökur um síðustu helgi. Nú um helgina verður Bylgjulestin á Goslokahátíð í Vestmannaeyjum.

**ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMA GUNN OG SVANSÍ**

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.
**Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.**

ÆVINTÝRA EYJAN olís BYLGJAN 989

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** steintegund, **6.** hljóm, **8.** slunginn, **9.** fjallaskarð, **11.** voði, **12.** vanvirðing, **14.** matarsamtíningur, **16.** drykkur, **17.** atvikast, **18.** rölt, **20.** tveir eins, **21.** ánægjublossi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kennimark, **3.** frá, **4.** fugl, **5.** bar, **7.** árstíð, **10.** uppistaða, **13.** skraf, **15.** keppni, **16.** verkur, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** talk, **6.** óm, **8.** fær, **9.** gil, **11.** vá, **12.** ósómi, **14.** snarl, **16.** te, **17.** ske, **18.** ark, **20.** ii, **21.** kikk.
**LÓÐRÉTT: 1.** lógó, **3.** af, **4.** lævirki, **5.** krá, **7.** misseri, **10.** lón, **13.** mas, **15.** leik, **16.** tak, **19.** kk.




# „Takk“

**BAKÞANKAR**
**Erlu Hlynsdóttur**



Einu sinni var pínulítið konungsríki norður í höfum. Þetta var samt ekkert venjulegt konungsríki því þarna hafði átt sér stað lýðræðisbylting og þess vegna fékk þjóðin að kjósa. Eitt sinn, þegar sami konungur hafði ríkt í 16 ár, ákváðu þrjár prinsessur og tveir prinsar, hvert fyrir sig, að steypa honum af stóli.

**FYRSTAN** skal nefna norska prinsinn. Hann sagði tíma til kominn fyrir sig að snúa heim og byggja upp samfélagið í litla ríkinu. „Ég vil leggja hönd á plóg,“ sagði hann með norskum hreim. Lögfræðiprinsessan kom önnur. Hún sagði mikilvægt að drottning landsins væri málsvari mannréttinda og lýðræðis: „Ég er óhrædd á þeim vettvangi.“ Þá var komið að sjónvarpsprinsessunni. Hún sagði að drottning landsins ætti ekki að taka afstöðu í einu eða neinu. „Sameinumst,“ sagði prinsessan. Jarðfræðiprinsinn var fjórði. Hann var sannfærður um að hann gæti beint samfélaginu „eitthvað á réttari brautir,“ og bætti við: „Ég held að ég geti gert samfélaginu gagn.“ Baráttuprinsessan var síðust til að gefa kost á sér. Hún sagði kosningarnar snúast um traust. „Ég tel að mjög stór hluti þjóðarinnar treysti mér,“ sagði hún.

**BRÁTT** leið að kjördegi þegar allir þúsund íbúar ríkisins greiddu atkvæði og konungurinn var endurkjörinn. Hann sagði um sín 530 atkvæði: „Ég er þakklátur fyrir þessa afgerandi niðurstöðu.“ En það voru fleiri þakklátir.

**LÖGFRÆÐIPRINSESSAN** fékk 26 atkvæði. Hún sagðist ekki sjá eftir neinu og þakkaði fyrir stuðninginn. „Ég er mjög þakklát,“ sagði hún. Norski prinsinn var kátur með sín 10 atkvæði. Honum fannst forréttindi fyrir sig og konuna sína að taka þátt í kosningabaráttunni: „Vonandi verðum við betra fólk fyrir vikið.“ Baráttuprinsessan fékk 18 atkvæði og var glöð. Hún túlkaði yfirburði konungsins þannig að fólk væri að kjósa með auknu beinu lýðræði: „Það er það sem ég vel að sjá út úr þessu og það vekur með mér von.“ Jarðfræðiprinsinn fékk 86 atkvæði. Hann sagðist fullur eldmóðs eftir baráttuna, vera kominn með „blóð á aðra vígtönnina“ og ætla í framtíðinni að verða enn gildari í samfélagsumræðunni. Sjónvarpsprinsessan fékk 330 atkvæði og fannst alveg hreint „frábært að ná þriðjungi atkvæða.“ Hún var þakklát: „Ég get ekki annað en verið glöð.“

**ÞAÐ** er þannig sem hún endar, sagan af kosningunum í konungsríkinu litla norður í höfum. Prinsarnir sem töpuðu voru himinlifandi og prinsessurnar sem töpuðu voru himinlifandi. Og öll lifðu þau hamingjusöm til æviloka.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BYLGJAN KYNNIR

STÓRTÓNLEIKAR Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM
Á LAUGARDAGINN KLUKKAN 18.00

# OF MONSTERS AND MEN

AÐGANGUR ÓKEYPIS
OG ALLIR VELKOMNIR

Í BEINNI Á BYLGJUNNI
LAY LOW & MAMMÚT



NJÓTUM KVÖLDSINS SAMAN MEÐ VINSÆLUSTU HLJÓMSVEIT LANDSINS.
MUNIÐ BÍLASTÆÐIN VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS, STRÆTÓ OG REIÐHJÓL.

BYLGJAN 989

# menning

menning@frettabladid.is

**SCHOLA CANTORUM HALLGRÍMSKIRKJU** Kammerkórinn Schola cantorum syngur íslenska og erlenda kirkjutónlist undir stjórn Harðar Áskelssonar í hádeginu á morgun, miðvikudag. Tónleikarnir fara fram í Hallgrímskirkju og hefjast klukkan tólf.

# Óvenjuleg uppfærsla á óperunni Don Giovanni

**Kvennabósinn Don Giovanni ryðst grímuklæddur inn á þjóðlagahátíðina á Siglufirði sem stendur frá 4. til 8. júlí. Um óvenjulega uppfærslu á samnefndri óperu er að ræða. Gunnsteinn Ólafsson stjórnar henni og listrænum þætti hátíðarinnar.**



**EINSÖNGVARAR OG STJÓRNANDI DON GIOVANNI** Bjarni Thor, Steinþór Jasonarson, Lilja Guðmundsdóttir, Fjölnir Ólafsson, Valdís G. Gregory, Rannveig Káradóttir, Þorsteinn Freyr Sigurðsson og Gunnsteinn Ólafsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Okkar útgáfa af Don Giovanni er mun einfaldari en þær tvær uppfærslur sem sýndar hafa verið af Íslensku óperunni, án þess að slegið sé af músíkölskum kröfum,“ byrjar Gunnsteinn Ólafsson að lýsa óperusýningunni Don Giovanni sem er á dagskrá næsta sunnudag í íþróttahúsinu á Siglufirði og 10. júlí í Eldborgarsal Hörpu. Hann segir lítið um leikmuni á sýningunni og að í henni tengi bassasöngvarinn Bjarni Thor söngatriðin saman sem sögumaður. „Bjarni er í hlutverki föðurins sem er drepinn í upphafi óperunnar, hann lýsir síðan atburðarásinni, meðal annars því hvernig faðirinn nær fram hefndum.“

Auk hlutverks Bjarna eru einsöngshlutverkin sjö, öll í höndum ungra söngvara sem flestir eru í framhaldsnámi. „Mér finnst frábært að gefa unga fólkinu tækifæri til að takast á við þetta stórkostlega verk án þess að einhver þurfi að axla manndrápsklyfjar í peningamálum,“ segir Gunnsteinn. „Fjölnir Ólafsson, sonur Ólafs Kjartans Sigurðarsonar söngvara, fer með hlutverk flagarans Don Giovanni. Fjölnir er 22 ára, eins og sá sem frumflutti hlutverkið á sínum tíma í Prag.“

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, sem Gunnsteinn stjórnar, stendur fyrir sýningunni og einnig kemur fram 50 manna kór. Gunnsteinn þýddi óperuna fyrir nokkrum árum og notar þá þýðingu núna í fyrsta skipti. „Eflaust geta einhverjir ekki hugsað sér að hlusta á þessa óperu nema á ítölsku – bara af trúarástæðum – en í þessum búningi passar það ágætlega og færir hana nær áhorfendum,“ segir hann. „Söngvararnir segja að það sé allt öðruvísi að takast á við verkið á móðurmálinu því margt sem þeir skauti yfir á ítölskunni, án þess að pæla mikið í, fái merkingu og dýpt sem skili sér í leiktúlkuninni.“

Þjóðlagahátíðin hefst á morgun á Siglufirði. Þetta árið ber hún yfirskriftina Söngvaskáldin góðu. Þau söngvaskáld sem koma þar fram eru meðal annarra Hörður Torfa, Benni Hemm Hemm og Svavar Knútur. Svo passar Don Giovanni ágætlega inn í þemað, eins og Gunnsteinn bendir á, því flagarinn treður upp sem söngvaskáld og reynir með því að heilla konur alveg til hægri og vinstri.

Tónleikakortið sem kostar 12.500 krónur gildir á 18 tónleika, reyndar eru nokkrir á sama tíma en fjórtán þeirra stangast ekki á. Svo er boðið upp á nokkur námskeið. „Við erum alltaf með námskeið í rímnakveðskap,“ nefnir Gunnsteinn. „Núna er líka námskeið í búlgörskum dönsum og ukuleleleik. Svo eru tveir frábærir Svíar með kennslu í sænskri þjóðlagatónlist og einnig er handverksnámskeið í orkereingu sem aðeins örfáir kunna núna og líka í ullarþæfingu. Námskeið fyrir börn og unglinga eru ókeypis ef forráðamenn þeirra eru á námskeiðum svo þeir þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að börnunum sé ekki sinnt.“

Af fjölmörgum spennandi atriðum á hátíðinni má nefna Söngva úr Samabyggðum, Fley og fagrar árar – íslensk alþýðulög frá 1012-2012 og Tangó fyrir lífið – evrópskar ballöður og vísur. Einnig verður Hofsóssbúinn Alexandra Chernyshova með söngdagskrána Stúlkan frá Kænugarði – þjóðlög frá Úkraínu og hljómsveitin Kerala flytur frumsamið efni en undir áhrifum frá tyrkneskri og búlgarskri tónlist. „Sérstakur heiðursgestur á laugardagskvöldið verður Kjuregej frá Jakútíu sem hefur dvalið langdvölum hér á Íslandi,“ segir Gunnsteinn. „Mér finnst Kjuregej vera okkur Íslendingum fyrirmynd í að varðveita eigin menningu og fóstra hana þrátt fyrir að búa fjarri ættjörðinni.“

Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar eru á http://www.folkmusik.is/is/page/thjodlagahatidin-2012.

gun@frettabladid.is



# Orgelandakt í Kristskirkju

Helga Þórdís Guðmundsdóttir ríður á vaðið í hádegistónleikaröð Kristskirkju í sumar. Þar verður orgelandakt í hádeginu á hverjum miðvikudegi í júlí og ágúst eins og undanfarin þrjú sumur. Tónleikarnir hefjast klukkan tólf og standa í hálftíma og er aðgangur ókeypis.

Helga Þórdís hefur starfað sem organisti Ástjarnarkirkju í Hafnarfirði frá árinu 2007 og vinnur nú að uppbyggingu barna- og kirkjukóra þar. Helga Þórdís stundaði orgelnám hjá Herði Áskelssyni veturinn 1993-1994, lauk kirkjuorganistaprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar vorið 2008 og framhaldsprófi í orgelleik vorið 2009 með Guðmund Sigurðsson sem kennara. Hún lauk síðan kantorsprófi 2010 og einleiksáfanga og burtfararprófi vorið 2011 með Björn Steinar Sólbergsson sem kennara. Áður hafði hún lokið píanókennaraprófi og burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík.


HELGA ÞÓRDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

# Örlygur þekkir Viðey

Sumarganga verður um Viðey í kvöld, 3. júlí og í henni býðst gestum færi á að kynna sér sögu eyjarinnar. Örlygur Hálfdanarson bókaútgefandi mun leiða gönguna en hann er fæddur og uppalinn í Viðey og þekkir eyjuna gerst manna.

Saga Viðeyjar er merk og nær allt frá landnámstíð til dagsins í dag og þar hafa búið menn sem hafa haft mikil áhrif á sögu Reykjavíkur og landsins alls.

Frásögn Örlygs er fræðandi og skemmtileg og alltaf stutt í kímnina hjá þessum sagnameistara.

Gangan hefst klukkan 19.30 við Viðeyjarstofu og tekur eina og hálfa til tvær klukkustundir. Ferjan fer frá Skarfabakka klukkan 19.15.


**VIÐEY** Saga Viðeyjar nær frá landnámstíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**ÞINGVALLAKIRKJA** Tríó Vei flytur fjölbreytta tónlist þar í kvöld.

# Tríó Vei leikur í Þingvallakirkju

Tríó Vei býður upp á fjölbreytta efnisskrá af trúar- og veraldlegum toga á fjórðu tónleikunum í tónleikaröðinni Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju sem haldnir verða í kvöld. Það eru þau Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran, Valgerður Andrésdóttir harmóníum og Einar Jóhannesson klarínett sem skipa tríóið.

Í upphafi tónleikanna leika þau klassísk verk eftir meistara Schubert og Bach, þá verða og flutt verk eftir Cherubini og Atla Heimi Sveinsson, Jón Ásgeirsson og Tryggva Baldvinsson.

Tónleikarnir hefjast klukkan átta, aðgangur er ókeypis en frjáls framlög í tónleikasjóð kirkjunnar eru vel þegin.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 03. júlí 2012**

### Tónleikar



**12.15** Björg Þórhallsdóttir sópran, Elísabet Waage hörpuleikari og Hilmar Örn Agnarsson orgel/harmóníumleikari leika íslensk sönglög á tónleikum í Akureyrarkirkju. Aðgangseyrir er kr. 2.500.

**20.00** Tríó Vei spilar á tónleikaröðinni Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju. Fjölbreytt efnisskrá af trúar- og veraldlegum toga. Aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

**21.00** Hljómsveitin Kex Collective kemur fram á tónleikum jazztónleikaraðarinnar á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Þeir munu leika grúv-, spuna- og bræðingstónlist. Aðgangur er ókeypis og eldhús Kex er opið.

**21.00** Karlarnir á tunglinu halda djasstónleika á Café Rosenberg. Miðaverð er kr. 1.000.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**





Hið virta sænska neytendablað Råd & Rön gerði fyrir stuttu úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og lagði mat sitt á þær. Siemens uppþvottavélin SN45M205SK* kom þar einstaklega vel út og hlaut 1. sætið. Hún þykir þvo og þurrka á sérlega skilvirkan og áhrifaríkan hátt (Råd & Rön, apríl 2012). Matið var byggt á nokkrum þáttum, m.a. hve vel vélin þvær óhreint leirtau, þvottatíma, þurrkun, orkunotkun, vatnsnotkun og hversu hátt heyrist í henni. Þessi uppþvottavél er í **ecoPLUS**-flokknum hjá Siemens, en í honum eru aðeins mjög sparneytin heimilistæki.

**Einnig fáanleg í stáli.*

Smith & Norland er rótgróið fyrirtæki sem veitir góða þjónustu og býður vandaðar vörur á góðum kjörum.
Umboðsmenn um allt land.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 5.35 - 8 - 10.25 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING LÚXUS | KL. 5.35 - 8 | L |
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| MADAGASCAR 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 3D LÚXUS | KL. 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 2D | KL. 10 | 16 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| PIRANHA 3D | KL. 8 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| STARBUCK | KL. 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 5.35 - 8 - 10.25 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN... | KL. 5.45 - 8 - 10 | L |
| PIRANHA 3D | KL. 10.20 | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 5.45 - 8 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| WHAT TO EXPECT | 5.50, 8, 10.15 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8, 10.20 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4, 6 |
| MADAGASKAR 3 2D | 4 |
| SNOW WHITE | 7, 10 |

SAMBÍÓIN
ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| CHERNOBYL DIARIES VIP | KL. 10:40 | 2D | VIP |
| ROCK OF AGES | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| ROCK OF AGES LUXUS VIP | KL. 5:20 - 8 | 2D | VIP |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL.TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL.TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ENSKU.TALI | KL. 3:40 - 10:10 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| LOL | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL.TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| ROCK OF AGES | KL. 8 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| RAVEN | KL. 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | | |
|---|---|---|---|
| LOL | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL.TALI | KL. 6 | 2D | L |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 8 - 10:35 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 5:25 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| PROMETHEUS | KL. 8 - 10:35 | 3D | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 5:25 | 2D | 16 |
| SNOW WHITE | KL. 10 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 5:30 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL | KL. 8 | 2D | L |
| THE AVENGERS | KL. 5:20 | 2D | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL.TALI | KL. 5:50 - 8 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL.TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 10:10 SÝND Í SÍÐASTA SINN | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 10:30 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 5:50 | 3D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |




**KÖFLÓTTAR SKYRTUR** Halli trommari virðist ekki hafa fengið tölvupóstinn með upplýsingum um klæðaburð á æfingunni.

# Rokk og ról í Hafnarfirði

**Botnleðja hélt opna æfingu í Lækjarskóla í Hafnarfirði í gær. Hljómsveitin vaknaði nýlega til lífsins á ný og kemur meðal annars fram á Bestu útihátíðinni, Eistnaflugi og Þjóðhátíð í sumar. Ljósmyndari Fréttablaðsins leit við á æfingunni.**



**HÁVAÐI** Þrátt fyrir að meðlimir Botnleðju séu komnir á fertugsaldurinn hafa læti ekkert minnkað. Þessi hélt fyrir eyrun á æfingunni, en virtist þó kunna vel við rokkið.



**ENGU GLEYMT** Ljóst er að gráu hárin hafa ekki lækkað rostann í Heiðari, söngvara Botnleðju.



**ÞETTA REDDAST** Raggi bassaleikari var bassamagnaralaus skömmu fyrir æfinguna, en náði að toga í nokkra spotta og redda málunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Johnny Depp kominn með nýja

Leikkonan Amber Heard er hætt með kærustu sinni til margra ára og kynda fréttirnar enn frekar undir þann orðróm að Heard eigi í ástarsambandi við leikarann Johnny Depp.

Uppi hefur verið orðrómur um að Depp og Heard eigi í sambandi allt frá því í janúar á þessu ári, en þau kynntust við tökur á kvikmyndinni The Rum Diaries. Depp og sambýliskona hans, franska söngkonan Vanessa Paradis, slitu sínu sambandi fyrir skömmu.

Tímaritið US Weekly segir Depp og Heard vissulega eiga í sambandi og vera afar hamingjusöm saman.



**VANGAVELTUR** Orðrómur er uppi um að Johnny Depp og Amber Heard eigi í sambandi.

NORDICPHOTOS/GETTY


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




ÞRIÐJUDAGUR: BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 17:50, 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 20:00, 22:10 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME* 22:00

FRÁ 5. JÚLÍ: **GLASTONBURY THE MOVIE**!

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!



# Costa del Sol

17. júlí í 2 vikur og 31. júlí í viku

Costa del Sol er tvímælalaust vinsælasti áfangastaður Íslendinga í sólinni, enda býður enginn annar áfangastaður á Spáni jafn glæsilegt úrval gististaða, veitingastaða og skemmtunar.

**Verðdæmi með gistingu í 7 nætur:**

## TIMOR SOL

Frá kr. 79.400

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 99.900 á mann. 31. júlí í viku.

**Verðdæmi með gistingu í 14 nætur:**

## BAJONDILLO

Frá kr. 103.200

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2 -11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 109.100 á mann. 17. júlí í 2 vikur.



# Mallorca

10. og 24. júlí í 2 vikur

Mallorca hefur verið ókrýnd drottning ferðamanna undanfarin 40 ár, enda státar eyjan af heillandi umhverfi, gullfallegum ströndum og frábærri aðstöðu fyrir ferðamanninn.

**Verðdæmi með gistingu í 2 vikur:**

## CLUB CALA D´OR PARK

Frá kr. 69.900

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi. Verð m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 109.900 á mann. 10. júlí í 2 vikur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM53311

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

# sport

sport@frettabladid.is



**TVEIR STÓRLEIKIR** fara fram í Pepsi-deild kvenna í kvöld. ÍBV tekur á móti Íslandsmeisturum Stjörnunnar klukkan 18.00 í Eyjum og bikarmeistarar Vals fara í heimsókn til Breiðabliks í Kópavoginum (klukkan 19.15). ÍBV hefur unnið fjóra deildarleiki í röð og er einu stigi á eftir toppliðum Þórs/KA og Stjörnunnar sem hafa bæði 16 stig. Blikar hafa 14 stig og Valskonur eru með 13 stig eftir þrjá deildarsigra í röð. Aðrir leikir kvöldsins eru: Selfoss-Þór/KA, Fylkir-FH og Afturelding-KR.

**STJARNAN 4-2 FRAM**

Stjörnuvöllur, áhorf.: 701 — Garðar Örn Hinriksson (6)

**1-0 Garðar Jóhannsson (6.), 1-1 Sveinbjörn Jónasson (17.), 2-1 Kennie Chopart (37.), 2-2 Steven Lennon (49.), 3-2 Garðar Jóhannsson (58.), 4-2 Ellert Hreinsson (65.)**

**Skot (á mark):** 8-7 (5-4)
**Varin skot:** Ingvar 2 - Ögmundur 1.

**STJARNAN (4-3-3):** Ingvar Jónsson 6 - Jóhann Laxdal 7,Baldvin Sturluson 6, Daníel Laxdal 7, Hörður Árnason 6 - Alexander Scholz 7, Halldór Orri Björnsson 6, Atli Jóhannsson 6 - Kennie Knak Chopart 6 (60. Bjarki Páll Eysteinsson 5), Ellert Hreinsson 6, ***Garðar Jóhannsson 8**, (90. Tryggvi Sveinn Bjarnason-).

**FRAM (4-4-2):** Ögmundur Kristinsson 4 - Kristinn Ingi Halldórsson 5, Kristján Hauksson 5, Hlynur Atli Magnússon 4 - Sam Tillen 5, Alan Lowing 5, Halldór Hermann Jónsson 4, Almarr Ormarsson 6, Samuel Hewson 3 - Steven Lennon 6, Sveinbjörn Jónasson 6.

* MAÐUR LEIKSINS

**KEFLAVÍK 2-2 SELFOSS**

Nettóvöllurinn, áhorf.: óuppg. — Örvar Sær Gíslason (5)

**1-0 Jóhann Birnir Guðmundsson (38.), 2-0 Arnór Ingvi Traustason (46.), , 2-1 Babacar Sarr (84.), 2-2 Jón Daði Böðvarsson (90.).**

**Skot (á mark):** 12-15 (4-9)
**Varin skot:** Ómar 7 - Duracak 1.

**KEFLAVÍK (4-5-1):** Ómar Jóhannsson 7 – Jóhann Ragnar Benediktsson 5, Haraldur Freyr Guðmundsson 6, Gregor Mohar 6, Kristinn Björnsson 6 – Jóhann Birnir Guðmundsson 7 (73., Bojan Stefan Ljubicic -), Denis Selimovic 6, Frans Elvarsson 7, Sigurbergur Elísson 6, Arnór Ingvi Traustason 6 (69., Magnús Sverrir Þorsteinsson 5) – Guðmundur Steinarsson 7.

**SELFOSS (4-5-1):** Ismet Duracak 5 – Andri Freyr Björnsson 5 (54., Agnar Bragi Magnússon 6), Babacar Sarr 6, Stefán Ragnar Guðlaugsson 5, Sigurður Eyberg Guðlaugsson 4 – Joe Tillen 4 (62., Moustapha Cisse 5), Robert Sandnes 5, Jon Andre Royrane 4, Tómas Leifsson 6 (62., Ólafur Karl Finsen 6), ***Jón Daði Böðvarsson 8** – Viðar Örn Kjartansson 5.

* MAÐUR LEIKSINS

Alfreð Finnbogason í gær:

## Skoraði þrennu

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason skoraði þrennu í 4-1 sigri Helsingborg á Gefle í sænsku úrvalsdeildinni í gær. Alfreð var búinn að skora 3 mörk í síðustu tíu leikjum en er nú kominn með 8 mörk í 13 leikjum. **-óój**

# Stjörnumenn upp í þriðja sætið

Garðar Jóhannsson fann markaskóna á ný þegar Stjarnan vann Fram í Pepsi-deild karla í gær en Framarar töpuðu þarna fjórða leiknum í röð. Selfyssingar skoruðu tvö mörk í lokin í Keflavík og tryggðu sér sitt fyrsta stig síðan í maí og Jóhann Þórhallsson kom í veg fyrir fjórða sigur Blika í röð.

**FÓTBOLTI** Stjörnumenn ætla að fylgja efstu liðunum eftir í Pepsi-deildinni eftir að hafa haft betur á móti Fram í markaleik í Pepsi-deild karla í gær en Garðbæingar eru fjórum stigum á eftir toppliði FH eftir að níunda umferðin kláraðist í gær. Selfyssingar og Fylkismenn tókst að tryggja sér stig með því að skora á lokamínútum sinna leikja.



**MARKAVEISLA Á GERVIGRASINU Í GÆR** Stjörnumaðurinn Halldór Orri Björnsson reynir hér að stoppa Framarann Almarr Ormarsson en Stjörnumenn voru sterkari og unnu 4-2 heimasigur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Garðar fann markaskóna

Stjörnumenn fóru upp í þriðja sætið eftir 4-2 sigur á Fram. Garðar Jóhannsson fann markaskóna og skoraði tvö mörk fyrir heimamenn. Stjörnumenn sýndu á köflum frábæran sóknarleik og var sigur þeirra lítið í hættu. Slæmt gengi Framara heldur áfram og liðið í harðri fallbaráttu. Stjörnumenn eru aftur á móti komnir í þriðja sætið með 16 stig og útlitið bjart í Garðabænum.

„Ég er virkilega ánægður með þennan sigur og hvernig mínir menn léku í kvöld,“ sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, eftir sigurinn í gær.

„Við byrjuðum vel í kvöld og skorum snemma leiks. Liðið fær aftur á móti fljótlega mark á sig en ég er ánægður með hvernig strákarnir svöruðu mótlætinu. Við höfum verið í vandræðum með síðari hálfleikinn að undanförnu en það var ekki að sjá í kvöld og liðið hélt einbeitingu allan tímann,“ sagði Bjarni.

### Sanngjörn úrslit í Árbænum

Jafntefli var sanngjörn niðurstaða í leik Fylkis og Breiðabliks í Árbænum í gærkvöldi.

Fyrri hálfleikur var ekki mikið fyrir augað en bæði lið bættu leik sinn í seinni hálfleik og munaði mjóu á seinustu mínútunum að annað hvort liðið næði að stela sigrinum.

„Þetta var hörkuleikur, sótt á báða bóga og bæði liðin hefðu getað tekið þetta í lokin. Eitt-eitt var niðurstaðan og bæði liðin eiga að geta verið sátt með það en mér fannst við eiga að geta tekið þetta hérna undir lokin,“ sagði Ásgeir Börkur Ásgeirsson, hjá Fylki.

### Jón Daði reddaði stigi

Jón Daði Böðvarsson tryggði Selfyssingum 2-2 jafntefli í Keflavík með því að skora jöfnunarmarkið á lokamínútu leiksins en heimamenn í Keflavík voru 2-0 yfir þegar aðeins sjö mínútur voru eftir af leiknum.

Það var Jóhann Birnir sem kom Keflavík yfir undir lok fyrri hálfleiks og Arnór Ingvi Traustason bætti svo um betur á fyrstu mínútu seinni hálfleiks. Selfyssingar neituðu þó að gefast upp og uppskáru mark á 84. mínútu þegar Babacar Sarr skoraði með skalla eftir hornspyrnu. Þegar leiktíminn var við það að fjara út skoraði Jón Daði Böðvarsson síðasta mark leiksins.

„Þetta endaði ágætlega. Við vorum klaufar í fyrri hálfleik að gefa Jóhanni Birni það pláss sem hann vinnur best í. Þetta er þó vonandi viðsnúningur í okkar leik því við höfum verið að tapa leikjum í uppbótartíma en náum í stig hér í dag. Það er góð teikn á lofti í okkar leik,“ sagði Logi Ólafsson, þjálfari Selfoss.

Jóhann Birnir Guðmundsson var ekki eins sáttur: „Þetta voru hrikalega vonbrigði en ég held að þetta hafi bara verið sanngjarnt, þeir voru bara miklu betri í seinni hálfleik. Ég veit ekki hvað gerist síðustu 30 mínúturnar, menn fara bara að líta á klukkuna, það gerist stundum. Selfyssingar voru bara grimmari.“ **- sáp, -en, -kpt, -óój**




Helgi Már Magnússon og Brynjar Þór Björnsson í KR:

## Kunna allt upp á tíu

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmennirnir Helgi Már Magnússon og Brynjar Þór Björnsson hafa ákveðið að koma heim og spila með KR í Dominos-deildinni í körfubolta á næstu leiktíð. Þetta er gríðarlegur liðstyrkur fyrir KR-liðið en báðir þessir leikmenn eru uppaldir KR-ingar og því á leiðinni heim í Vesturbæinn. Helgi Már er 30 ára framherji en Brynjar er 24 ára skotbakvörður.

„Já, þetta er alveg pottþétt, við eigum bara eftir að fá þá til að kvitta undir samning,“ sagði Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR við Fréttablaðið í gær.

„Það eru frábærar fréttir fyrir alla að fá eitthvað af þessum íslensku strákum heim í deildina. Eru ekki allir búnir að fá upp í háls af einhverjum þremur til fjórum útlendingum í liði? Þetta eru bara tveir heimatilbúnir KR-ingar sem eru að mæta til leiks sem vita um hvað þetta snýst í Vesturbænum og vita hvaða kröfur og hvaða metnað klúbburinn hefur. Þeir kunna þetta allt upp á tíu,“ sagði Böðvar. Báðir urðu þeir Íslandsmeistarar með KR þegar þeir spiluðu síðast í íslensku deildinni, Helgi veturinn 2008-9 og Brynjar 2010-11.

Helgi Már hefur leikið í Svíþjóð undanfarin þrjú tímabil með Solna, Uppsala og 08 Stockholm en Brynjar Þór reyndi fyrir sér með Jämtland í sænsku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili.

„Þetta er mjög jákvætt fyrir Vesturbæinn og ég held að það séu miklu fleiri sem vilja koma að leiki hjá okkur eftir að þessir tveir strákar komu,“ sagði Böðvar.



**BRYNJAR OG HELGI** Urðu Íslandsmeistarar saman 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Brynjar segir það aðeins formsatriði að ganga frá þessu.

„Það er lítið búið að vera að gerast úti og þetta er örugga leiðin. Það er samt einhver fyrirvari í þessu að ég geti farið ef það kemur eitthvað spennandi,“ sagði Brynjar.

„Ég er búinn að vera vanur því að vinna síðustu árin sem ég hef spilað með KR og ef við Helgi komum báðir þá er þetta orðinn ágætlega sterkur mannskapur,“ sagði Brynjar. „Það verður sterkur kjarni af KR-ingum í liðinu og það er það sem KR-ingar vilja. Að vera með nóg af KR-ingum í liðinu og vera að berjast um titla,“ sagði Brynjar. **- óój**

**FYLKIR 1-1 BREIÐABLIK**

Fylkisvöllur, áhorf.: 1100 — Kristinn Jakobsson (7)

**0-1 Petar Rnkovic (53.), 1-1 Jóhann Þórhallsson (80.)**

**Skot (á mark):** 6-8 (3-4)
**Varin skot:** Bjarni Þórður 3 - Sigmar Ingi 2

**FYLKIR (4-5-1):** Bjarni Þórður Halldórsson 6 – Andri Þór Jónsson 6, Davíð Þór Ásbjörnsson 7, ***David Elebert 7**, Kjartan Ágúst Breiðdal 4 – Ásgeir Börkur Ásgeirsson 6, Finnur Ólafsson 5(84.Elís Rafn Björnsson), Oddur Ingi Guðmundsson 4 (69.Ingimundur Níels Óskarsson 5), Árni Freyr Guðnason 4(77. Jóhann Þórhallsson), Magnús Þórir Matthíasson 4 – Björgólfur Takefusa 6.

**BREIÐABLIK (4-5-1):** Sigmar Ingi Sigurðsson 4 – Gísli Páll Helgason 6 (49. Þórður Steinar Hreiðarsson 5), Renee Troost 6, Sverrir Ingi Ingason 6, Kristinn Jónsson 7 – Finnur Orri Margeirsson 6, Andri Rafn Yeoman 6, Rafn Andri Haraldsson 5 (54.Árni Vilhjálmsson 4), 7, Tómas Óli Garðarsson 5, Olgeir Sigurgeirsson 4 (84.Jökull Elísabetarson) – Petar Rnkovic 6.

* MAÐUR LEIKSINS

## PEPSI-DEILDIN

**STAÐAN EFTIR 9. UMFERÐ**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **9** | **6** | **2** | **1** | **27-9** | **20** |
| KR | 9 | 6 | 1 | 2 | 20-12 | 19 |
| **Stjarnan** | **9** | **4** | **4** | **1** | **20-16** | **16** |
| ÍBV | 9 | 4 | 2 | 3 | 17-9 | 14 |
| **Breiðablik** | **9** | **4** | **2** | **3** | **8-8** | **14** |
| ÍA | 9 | 4 | 2 | 3 | 14-20 | 14 |
| **Fylkir** | **9** | **3** | **4** | **2** | **11-16** | **13** |
| Valur | 9 | 4 | 0 | 5 | 13-12 | 12 |
| **Keflavík** | **9** | **3** | **2** | **4** | **14-15** | **11** |
| Selfoss | 9 | 2 | 2 | 5 | 12-17 | 8 |
| **Fram** | **9** | **2** | **0** | **7** | **9-16** | **6** |
| Grindavík | 9 | 0 | 3 | 6 | 12-27 | 3 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **Grindavík-Valur** | **fim. 5. júlí Kl: 19.15** |
| Breiðablik - Keflavík | fim. 5. júlí Kl: 19.15 |
| **KR - Fylkir** | **fim. 5. júlí Kl: 19.15** |
| Selfoss - Stjarnan | fim. 5. júlí Kl: 19.15 |
| **Fram - ÍA** | **fim. 5. júlí Kl: 20.00** |
| Keflavík - KR | fim. 12. júlí Kl: 19.15 |



**SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON** Fagnar hér einum af sigrunum á ÓL fyrir fjórum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Handboltalandsliðið á ÓL:

## Byrja á tveimur morgunleikjum

**HANDBOLTI** Nú er orðið ljóst hvernig leikjadagskrá íslenska handboltalandsliðsins verður á Ólympíuleikunum í London en íslensku strákarnir munu spila á tveggja daga fresti.

Fyrsti leikur Íslands verður á móti Ameríkumeisturum Argentínu sunnudaginn 29. júlí en tveimur dögum síðar mæta strákarnir Afríkumeisturum Túnis. Fyrstu tveir leikirnir byrja klukkan 8.30 um morguninn að íslenskum tíma en hinir þrír leikirnir í riðlinum eru síðan seinna um daginn eða á móti Svíþjóð (fimmtudagur 2. ágúst, klukkan 20.15), Frakklandi (laugardagur 4. ágúst, klukkan 18.30) og Bretlandi (mánudagur 6. ágúst, klukkan 15.15). Átta liða úrslitin fara síðan fram miðvikudaginn 8. ágúst.

Íslenska landsliðið byrjaði að æfa í gær en Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari, þarf að tilkynna 14 manna hópinn fyrir lok vikunnar. **- óój**



**GAMAN** Andrés Iniesta fagnar titlinum með félögum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

EM í fótbolta gert upp:

## Iniesta bestur

**FÓTBOLTI** Spánverjinn Andres Iniesta var valinn besti leikmaðurinn á EM í fótbolta en UEFA tilkynnti val sitt í gær.

Þetta er annað Evrópumótið í röð sem leikmaður númer átta hjá Spáni er valinn bestur því fyrir fjórum árum spilaði Xavi í treyju númer átta. Xavi og Iniesta, sem hafa alla tíð verið liðsfélagar hjá Barcelona, skiptu um númer fyrir þessa keppni. Iniesta byrjaði alla sex leiki Spánar á EM og átti frábært mót þrátt fyrir að hafa ekki náð að skora í keppninni. Iniesta var síðan einn af tíu Spánverjum sem voru valdir í 23 manna úrvalslið keppninnar. **- óój**

**Úrvalslið EM 2012:**

**Markmenn:** Gianluigi Buffon (Ítalía), Iker Casillas (Spánn), Manuel Neuer (Þýskaland)

Varnarmenn: Gerard Pique (Spá), Fabio Coentrao (Portúgal), Philipp Lahm (Þýsk.), Pepe (Port), Sergio Ramos (Spá), Jordi Alba (Spá).

**Miðjumenn:** Daniele De Rossi (Íta.), Steven Gerrard (England), Xavi (Spá.), Andres Iniesta (Spá.), Sami Khedira (Þýsk.), Sergio Busquets (Spá.), Mesut Ozil (Þýsk.), Andrea Pirlo (Íta.), Xabi Alonso (Spá.)

**Framherjar:** Mario Balotelli (Íta.), David Silva (Spá.), Cesc Fabregas (Spá.), Cristiano Ronaldo (Port.), Zlatan Ibrahimovic (Svíþjóð).

Jakob Jóhann Sveinsson keppir í London og bætist því í fámennan hóp íslensks íþróttafólks:

# Keppir á Ólympíuleikum í fjórða sinn

**SUND** Sundsambandi Íslands bárust í gær þau góðu tíðindi að Jakob Jóhann Sveinsson fengi keppnisrétt í 100 m bringusundi á Ólympíuleikunum í Lundúnum sem hefjast þann 27. júlí næstkomandi. Þar með er ljóst að Jakob Jóhann mun keppa á sínum fjórðu Ólympíuleikum frá upphafi og þar með bætast í fámennan hóp íslensks íþróttafólks sem hefur náð þeim árangri.

Guðmundur Gíslason sundkappi var fyrstur til að afreka það þegar hann keppti á sínum fjórðu leikum árið 1972. Bjarni Friðriksson náði því árið 1992 og svo Vésteinn Hafsteinsson fjórum árum síðar. Skíðakappinn Kristinn Björnsson bættist svo í hópinn árið 2002 en hann er sá eini sem hefur náð því sem keppt hefur á vetrarleikunum.

Jakob Jóhann er nú við æfingar í Englandi ásamt sex öðrum úr íslenska sundlandsliðinu. Þau eru nú að undirbúa sig fyrir Opna franska meistaramótið um helgina en eftir það fara Ólympíufararnir í æfingabúðir í Canet í Frakklandi.

Sem stendur eru fimm íslenskir sundmenn komnir inn á leikana og er Jakob Jóhann eini karlinn. Hörður Oddfríðarson, formaður Sundsambands Íslands, sagði við Fréttablaðið í gær góðar líkur á að Árni Már Árnason og Anton Sveinn McKee kæmust einnig inn en að það myndi vonandi skýrast í dag. Margir þættir ráða því hverjir komast inn og því erfitt að spá fyrir um það.

Reikna má með að endanlegur þátttakendalisti liggi fyrir þann 9. júlí næstkomandi en þó mun FINA, Alþjóðasundsambandið, halda því opnu alveg fram að leikunum að bjóða sundfólki þátttökurétt ef einhver þátttakandi skyldi forfallast á síðustu stundu. **- esá**



**JAKOB JÓHANN** Þessi þrítugi sundkappi keppti á sínum fyrstu leikum í Sydney árið 2000.






Sígilda Óskajógúrtin sem enginn verður leiður á.

Létta Óskajógúrtin án viðbætts sykurs.

Óskajógúrt þjóðarinnar í 40 ár

Í gegnum súrt og sætt hefur Óskajógúrt verið kærkominn kostur íslensku þjóðarinnar, hvort sem er í ferðalaginu, á róló, í vinnu, hjá dagmömmu, í vegasjoppunni eða sem morgunmatur heima við. Þín óskastund getur verið hvar sem er.

MJÓLKURSAMSALAN

> Stöð 2 kl. 20.25

## The Big Bang Theory

***Það er alltaf gaman að gáfnaljósunum í The Big Bang Theory á Stöð 2. Í þættinum í kvöld kemst Amy að því að fyrrverandi kærasti Penny kveikir einhvern blossa í henni á meðan Koothrappali og Wolowitz reyna að komast að því hvor væri betri ofurhetja.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ NÝTUR

# *Albúmið lifir enn*

Það er fylgifiskur þess að eldast að hugsa með söknuði til liðinnar tíðar. Hver man til dæmis ekki eftir þeirri tilfinningu að kaupa sér nýja plötu? Bera hana í fanginu og skoða umslagið í strætó, fara svo heim og stíga inn í þann hljóðheim sem hljómsveitin eða tónlistarmaðurinn höfðu skapað frá upphafi til enda. Þetta er liðin tíð, en á móti er aðgangur að tónlist mun betri sem er gott.

Þessar stundir koma reglulega upp í hugann þegar hlustað er á þá Jón Ólafsson og Kristján Frey Halldórsson í þættinum Albúmi, sem er á dagskrá Rásar 1 á laugardögum. Þeir félagar taka eina plötu fyrir í hverjum þætti, fara yfir sögu hennar, leika lögin og spjalla um allt sem tengist plötunni. Þar sem þeir eru báðir tónlistarmenn veita þeir oft á tíðum nýja innsýn í verkin og opna dyr sem áður stóðu lokaðar. Ekki skemmir fyrir að þeir eru húmoristar miklir.

Þátturinn Albúm er æði og sýnir, svo ekki verður um villst, að albúmið lifir enn á tímum stafrænnar útgáfu.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sveiflan sem sigraði heiminn **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Í garðinum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bankað upp á **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tríó **19.40** Náttúrupistlar **20.00** Leynifélagið **20.30** Handan grafar **21.10** Íslendingasögur **21.30** Kvöldsagan: Innansveitarkronika **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Djassvisjón Evrópu **23.05** Bóndi er bústólpi **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Teitur**
**17.30 Með afa í vasanum**
**17.42 Skúli skelfir**
**17.53 Kafað í djúpin**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** (2:8) (Helga Margrét Þorsteinsdóttir) Þáttaröð þar sem ungu og áhugaverðu fólki er fylgt eftir í sínu daglega lífi.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 2012** (2:7) (Twenty Twelve)
**20.05 Litbrigði lífsins** (1:10) (Lark Rise to Candleford) Myndaflokkur frá BBC byggður á skáldsögum eftir Floru Thompson sem segja frá lífinu í sveitaþorpunum Lark Rise og Candleford í Oxfordskíri upp úr 1880. Aðalpersónan er ung kona, Laura Timmins, sem á von á miklum breytingum í lífi sínu.
**21.00 Gulli byggir - Í Undirheimum**
**21.30 Golfið** Í þættinum kynnumst við golfíþróttinni með Gunnari Hanssyni.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Hafinn yfir grun - Banvænn ásetningur** (2:3) (Above Suspicion III) Bresk sakamálamynd. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Lewis – Hulduefni** (1:4) (Lewis: Dark Matter) (e) Bresk sakamálamynd. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.40 Fréttir**
**00.50 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.45 The Man With One Red Shoe**
**10.15 Little Nicky**
**12.00 Lína Langsokkur**
**14.00 The Man With One Red Shoe**
**16.00 Little Nicky**
**18.00 Lína Langsokkur**
**20.00 The Abyss**
**22.45 Aliens**
**01.00 Shoot 'Em Up**
**02.25 Gettin' It**
**04.00 Aliens**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.40 Malcolm in the Middle** (2:16)
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (77:175)
**10.20 The Wonder Years** (7:24)
**10.50 The Middle** (20:24)
**11.20 Hot In Cleveland** (3:10)
**11.45 The Amazing Race** (3:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (17:40) (18:40)
**15.15 Sjáðu**
**15.45 iCarly** (4:45)
**16.10 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (12:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Simpsons** (17:22)
**19.40 Arrested Development** (9:18)
**20.00 Two and a Half Men** (19:24)
**20.25 The Big Bang Theory** (10:24)
**20.45 How I Met Your Mother** (13:24)
**21.10 The Crimson Petal and the White** (2:2)
**22.45 Eastbound and Down** (5:7)
**23.15 The Daily Show: Global Edition** (22:41)
**23.40 New Girl** (20:24)
**00.05 2 Broke Girls** (8:24)
**00.30 Drop Dead Diva** (4:13)
**01.15 Gossip Girl** (20:24)
**02.00 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (4:7)
**02.55 Entourage** (10:12)
**03.25 Hung** (1:10)
**03.55 Breaking Bad** (10:13)
**04.40 Two and a Half Men** (19:24)
**05.05 The Big Bang Theory** (10:24)
**05.25 How I Met Your Mother** (13:24)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi-mörkin**
**08.10 Pepsi-mörkin**
**16.05 Pepsi-deild kk: ÍA - FH**
**17.55 Pepsi-deild kvk: ÍBV - Stjarnan** BEINT
**20.10 Herminator Invitational** (1:2) Sýnt frá stórskemmtilegu góðgerðargolfmóti sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stendur fyrir í Vestmannaeyjum. Fjölmargir þekktir kappar taka þátt í mótinu.
**20.55 Sterkasti maður Íslands**
**21.25 Pepsi-mörkin**
**22.35 Pepsi-deild kvk: ÍBV - Stjarnan**

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Sunderland - Stoke**
**19.40 PL Classic Matches: Southampton - Tottenham, 1994**
**20.10 Premier League World**
**20.40 Tottenham - Newcastle**
**22.25 Liverpool - Arsenal**

### 2 EXTRA

**19.35 The Doctors** (149:175)
**20.15 Monk** (16:16)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 How I Met Your Mother** (16:24)
**21.50 The Crimson Petal and the White** (1:2)
**23.25 Glee** (12:22)
**00.15 Suits** (4:12)
**01.00 Monk** (16:16)
**01.45 Íslenski listinn**
**02.10 Sjáðu**
**02.35 The Doctors** (149:175)
**03.15 Fréttir Stöðvar 2**
**04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 Eldhús sannleikans** (8:10) (e)
**16.20 Innlit/útlit** (6:8) (e)
**16.50 Life Unexpected** (9:13) (e)
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Live To Dance** (1:8) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (9:48) (e)
**19.30 30 Rock** (9:23) (e)
**19.55 Will & Grace** (15:27) (e)
**20.20 Seven Ages of Drinking** Skemmtilegur þáttur þar sem breska sjónvarpskonan Cherry Healey kynnir sér drykkju sjö kvenna á misjöfnum aldri, en kannanir sýna að konur drekka nú meira en nokkru sinni fyrr. Hún kannar hvað konur drekka, hvar þær drekka og hvernig smekkur þeirra breytist með tímanum. Hún talar við táninga sem stelast til að drekka í herberginu sínu, ungar konur á djamminu, miðaldra mömmur og gamlar ömmur sem staupa sig reglulega.
**21.10 Design Star** (1:9) Bandarísk þáttaröð þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr.
**22.00 Unforgettable** (11:22)
**22.45 Jimmy Kimmel**
**23.30 In Plain Sight** (10:13) (e)
**00.15 Teen Wolf** (4:12) (e)
**01.05 Unforgettable** (11:22) (e)
**01.55 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** AT&T National - PGA Tour 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** AT&T National - PGA Tour 2012 (2:4) **15.50** Ryder Cup Official Film 1997 **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (24:45) **19.45** Arnold Palmer Invitational 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2008 - Official Film **23.50** ESPN America

### N4

**18.00** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

### BBC entertainment

**06.40** Keeping Up Appearances **07.40** One Foot in the Grave **08.10** Dalziel and Pascoe **09.40** Deal or No Deal **10.15** EastEnders **10.45** Come Dine With Me **11.35** QI **12.35** Keeping Up Appearances **13.35** One Foot in the Grave **14.40** Top Gear **15.30** QI **16.35** Come Dine With Me **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.50** Nighty Night **21.50** Live at the Apollo **22.35** Top Gear **23.30** The Graham Norton Show **00.15** Nighty Night **01.15** Live at the Apollo **02.00** QI

### DR 1

**11.35** Aftenshowet **12.30** 80'erne tur retur **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie Saves Our Bacon **14.00** Professor Balthazar **14.10** Olivia **14.20** Timmy-tid **14.30** Lille Nørd **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Hammerslag **18.30** So F***ing Special **19.00** TV Avisen **19.30** Aftentour 2012 **20.00** Wallander. Skyggerne **21.05** Lulu og Leon **21.06** Lulu og Leon **21.50** Damages **22.35** Arvingen til Glenbogle

### NRK 1

**12.00** Danmark fra kyst til kyst **13.00** NRK nyheter **13.05** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.05** Matador **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommeråpent **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Tegnspråknytt **16.10** Team Bachstad **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **18.00** Herskapelig redningsaksjon **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Frå Lark Rise til Candleford **21.15** Kveldsnytt **21.30** I skotlinja **22.20** Ari og Per

### svt1

**10.20** Pappas pengar **10.40** Pappas pengar **11.00** Viktoriafallen **11.50** Jonssons onsdag **12.05** Anslagstavlan **12.10** Damen i svart **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Ett annat sätt att leva **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Sidenvägen på 30 dagar **17.00** Semester, semester, semester **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.30** Glömda brott **20.40** Extra gnälligt **21.10** Rapport **21.15** Clockers

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Félag Fasteignasala
vísir

# Rýmum til fyrir nýjum vörum

## Sýningarrúm með 30% afslætti

Nýttu þér tækifærið!




elegante
bed-linen fashion
JOOP!
McGREGOR
McGregor Fashion Group N.V.

## SÆNGURVERASETT Í MIKLU ÚRVALI!

**30-50% afsláttur af völdum sængurverasettum !**
**20% afsláttur af öllum nýjum settum !**

20-50% afsláttur

Charlotte & Julien
Dream your world™

Vandaðar heilsudýnur á frábæru verði!



**C&J Platinium**
dýna, botn og lappir

| | Verð | Júlí-tilboð |
|---|---|---|
| 140x200 | kr. 124.800,- | **99.840,-** |
| 160x200 | kr. 140.800,- | **112.640,-** |
| 180x200 | kr. 153.800,- | **123.040,-** |

Aukahlutir á mynd gafl og lappir

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR

## Fyrir þínar bestu stundir!

Krónur 49.900 afborgun á mánuði*

Charlotte & Julien
Dream your world™



TEMPUR® Orginal eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

**JÚLÍ-TILBOÐ Kr. 578.550,-**

Verð 749.875,- **Þú sparar 171.325,-**



**Felix** svefnsófi

**TILBOÐ Kr. 368.900,-**

**Verð 461.125,-**

**Breidd:** 209 cm
**Dýpt:** 95 cm
**Pokagormadýna:** 140x200 cm

Júlí TILBOÐ



*Miðað við 12 mán. vaxtalaust lán. Lántökugjald 3,5%

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

## SUMARFRÍIÐ



*Ég stend vaktina í vinnunni fram að Ólympíuleikunum og fer á frjálsíþrótta- og hestamót auk hefðbundinna vakta. Svo verður törn á ÓL í London, en eftir þá ætlum við Drífa kærastan mín til Rimini á Ítalíu í eina viku. Svo tekur maður því bara rólega á Íslandi þar til ég sný aftur til vinnu í september.*

Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson, íþróttafréttamaður á RÚV.

# Með þriggja ára umboðssamning í Svíþjóð

„Ég hitti Victoriu fyrst í desember og við vorum að ganga frá samningnum núna, svo þetta er búið að vera langt ferli," segir söngvarinn Daníel Óliver sem skrifaði nýlega undir þriggja ára samning við eina virtustu umboðsskrifstofu Svíþjóðar, Victoria Ekeberg Management.

Daníel fluttist til Svíþjóðar fyrir tæpu ári og hefur verið að gera góða hluti þar ytra. „Það fyrsta sem Victoria sagði við mig þegar við hittumst var að ég liti út eins og blanda af James Dean og Elvis Presley og að ef ég hefði sönghæfileika ofan á það þá gæti ég sigrað heiminn," segir Daníel og hlær.

Victoria þessi hefur komið mörgum listamönnum á kortið, þar á meðal söngkonunni September sem hefur verið að gera það gott í Bretlandi og Bandaríkjunum. Auk Victoriu sjálfrar mun umboðsmaðurinn Karl Batterbee vinna með Daníel, en hann rekur tónlistarsíðuna og sjónvarpsstöðina Scandipop í Bretlandi.

Það er margt í gangi hjá söngvaranum í kjölfar undirritunar samningsins. Ekki nóg með að hann muni koma fram á tónlistarhátíðinni Malmö Beach um næstu helgi og vera á stóra sviðinu á Stockholm Pride í ágúst ásamt Eric Saade og söngkonunni Agnesi, heldur er hann búinn að vera á fullu að taka upp síðustu vikurnar og stefnir á útgáfu stuttskífu fljótlega. „Ég er að taka upp lag með Jonas von der Burg núna og er að fara í stúdíó til Thomas G:son bráðlega," segir hann, en Thomas G:son er maðurinn á bak við Eurovision-smellinn Euphoria með Loreen.

- trs



**GERIR ÞAÐ GOTT** Daníel Óliver var að skrifa undir samning við einn stærsta umboðsmann Svía, Victoriu Ekeberg. MYND/LALLI SIG.






HARALDUR NELSON: GÁTUM EKKI SAMIÐ BETRA HANDRIT SJÁLFIR

# Gunnar í viðræðum við UFC-bardagasambandið

Bardagakappinn Gunnar Nelson á nú í samningaviðræðum við UFC (Ultimate Fighting Championsship), stærsta bardagasamband heims.



**HARALDUR NELSON**

„Þetta er langstærsta keppnin í heiminum og Gunnar er kominn á þann stað sem hann hefur stefnt á leynt og ljóst. Aðaltakmark margra bardagamanna er að fá samning við UFC, það má líkja þessu við að spila í Meistaradeildinni í fótbolta," segir Haraldur Nelson, faðir og umboðsmaður Gunnars.

Haraldur segir Gunnar geta fengið mannsæmandi laun fyrir samninginn þótt hann vilji ekki nefna neinar tölur.

„Keppendur í þessu sporti eru ekki að fá sömu upphæðir og menn eru að fá í hnefaleikum eða fótbolta. Í mörgum öðrum íþróttagreinum eru laun íþróttamanna líka komin langt út fyrir öll velsæmismörk. Launin mættu vissulega vera betri, ekki síst miðað við hvað keppendur eru að leggja á sig, en þetta þýðir að hann getur stundað sitt sport og þarf ekki að hafa áhyggjur af kostnaði. Gunnar verður þó ekki ríkur af þessu nema honum gangi svakalega vel," segir Haraldur sem ítrekar þó að samningurinn sé á borðinu en ekki undirritaður.

Ekki er komið á hreint hvenær Gunnar muni berjast fari svo að hann semji við UFC. Þó má búast við því að fyrsti bardaginn verði í Nottingham í lok september.

Haraldur segir að ef af samningnum verði sé það mikil lyftistöng fyrir bardagaíþróttaklúbbinn Mjölni, þar sem Gunnar æfir. Svo heppilega vill til að félagið er nýbúið að ráða Írann John Kavanagh sem aðalþjálfara Mjölnis en hann er einnig þjálfari Gunnars.

„Það að fá John hingað til lands var algjör lottóvinningur og ekki síst núna þegar þessi samningur liggur á borðinu. Peningarnir sem Gunnar fær verða líka til þess að hann getur æft meira heima en ella og John mun sjá um stóran hluta undirbúningsins. Hann hefur reynslu úr UFC og það skiptir ekki bara Mjölni miklu máli heldur Gunnar persónulega. Þetta virðist allt vera að falla með okkur – ég held að við hefðum ekki getað skrifað þetta handrit betur sjálfir."

kristjan@frettabladid.is




MYND/JÓN VIÐAR ARNÞÓRSSON

### HVAÐ ER UFC?

UFC, Ultimate Fighting Championship, er stærsta samband heims í blönduðum bardagalistum og hefur flesta af bestu bardagamönnum heims á sínum snærum. Keppninni var komið á fót árið 1993 en hugmyndin að baki henni er að láta keppendur úr ólíkum bardagalistum reyna sig hver gegn öðrum. Keppt er í átthyrndu búri og eru spörk, kýlingar, hálstök, glímubrögð og fleira leyft. Sigur fæst með uppgjöf, rothöggi, tæknilegu rothöggi eða með ákvörðun dómara. Þótt keppni í blönduðum bardagalistum sé ansi harðger er ekki allt leyfilegt í henni. Keppendur mega meðal annars ekki bíta andstæðinginn, skalla, pota í augu, sparka í höfuð liggjandi manns og svo mætti lengi telja.

# Aftur í So You Think You Can Dance

Lag með hljómsveitinni Steed Lord hljómaði undir dansatriði í sjónvarpsþættinum So Yo Think You Can Dance sem sýndur var á Fox-sjónvarpsstöðinni á miðvikudagskvöld í síðustu viku. Þetta er í annað sinn sem lag með sveitinni er notað í þættinum.

Dansatriðið var úr smiðju danshöfundarins Sonyu Tayeh sem er góð vinkona og samstarfskona söngkonunnar Svölu Björgvinsdóttur og félaga hennar í Steed Lord.

„Við höfum unnið mikið með Sonyu, bæði við gerð tónlistarmyndbanda og að nokkrum danssýningum hér í Los Angeles. Sonya bað okkur um tónlist við atriðið og við útsettum útgáfu af nýjasta laginu okkar, Precognition, sérstaklega fyrir þáttinn sem var sýndur á miðvikudagskvöldið. Dansatriðið var ótrúlega fallegt og viðtökurnar svakalega góðar," útskýrir Svala.

Lagið Vanguardian með Steed Lord var notað í þættinum í fyrra og í kjölfarið rauk lagið upp raftónlistarlistann á iTunes og sat hæst í ellefta sæti. Svala segir hljómsveitina hafa fengið ágæta summu frá Fox Network fyrir notkunina á laginu en vildi ekki gefa upp nákvæma upphæð. „Maður fær auðvitað borgað fyrir þetta allt og svo er þetta óneitanlega mjög góð auglýsing fyrir hljómsveitina og getur opnað margar dyr."

Lög með sveitinni hafa einnig heyrst í þáttum á borð við Keeping Up With The Kardashians, MTV's Real World og fleiri raunveruleikaþáttum sem sýndir eru á E!, VH1 og MTV.

- sm



**Í SJÓNVARPIÐ** Hljómsveitin Steed Lord var með lag í sjónvarpsþættinum vinsæla, So You Think You Can Dance. Hér sjást meðlimir hennar ásamt danshöfundinum Sonyu Tayeh.

www.dominos.is sími 58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S 1.000KR.

Þegar þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum.



Það er fljótlegt og einfalt að panta pizzu með Domino's appinu
Nánar á **dominos.is/app**

GÆÐI ALLA LEIÐ!



**Kjúklingabaka:** Léttbotn, græn paprika, minni sósa, minni ostur, laukur, kjúklingur og sveppir

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Síðbúnir útgáfutónleikar

**Krummi Björgvinsson** og Halldór A. Björnsson, félagarnir sem skipa rafpoppdúettinn Legend, halda sínu fyrstu útgáfutónleika á Faktorý við Smiðjustíg á föstudaginn kemur. Einhverjum kynni að þykja tónleikarnir heldur seint á ferðinni, enda heilir þrír mánuðir síðan platan Fearless kom út í byrjun apríl. Gripurinn hefur hlotið afbragðsdóma og aðdáendur geta byrjað að hlakka til tónleikanna, því að þar verður platan leikin í heild sinni. Gleðin hefst klukkan ellefu að kvöldi og drengirnir eru hógværir í verðlagningu – rukka ekki nema þúsund krónur inn.



### Hann á afmæli í dag

**Tom Cruise** er fimmtugur í dag, en hann hefur eflaust oft verið kátari á afmælisdaginn. Katie Holmes, eiginkona hans, sótti um skilnað á dögunum, skömmu eftir að hún hitti hann hér á landi. Til stóð að Tom Cruise héldi upp á afmælið sitt hér á landi í dag, en óvíst er hvort áformin standi, í ljósi nýjustu frétta. Connor, sonur Toms Cruise og Nicole Kidman, ferðaðist með föður sínum um landið í síðustu viku og nú hefur Isabella, systir hans, slegist í för. Eins og Connor er Isabella dugleg við að skrásetja ferðalagið á vefnum og virðist hafa ferðast víða.

**- sh, afb**



### Mest lesið vísir

1. Telpurnar fluttar til Danmerkur í gær
2. Leyndarmál úr herbúðum Facebook opinberuð
3. Berbrjósta mótmæli á undan Evrópuleiknum
4. Guðmundur: Forsetinn kominn í pólitík
5. Einn látinn á Hróarskelduhátíðinni





FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

# SUMAR ÚTSALA

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

Gerið gæða- og verðsamanburð

**20-50%**
**AFSLÁTTUR**
Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.

**SVEFNSÓFAR**



Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. 329.900

**NÝTT**
**BOSS**
HUGO BOSS
home

**SAGA/FREYJA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



**SAGA/FREYJA**
Queen rúm, nú aðeins 129.900
**ÞÓR** Queen rúm, nú aðeins 149.900

**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi



**Queen rúm nú aðeins kr. 179.900**

**VALHÖLL**
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900



**BOAS**
**Leður hægindasófi 3 sæta 179.900**
**Leður hægindastóll 89.900**
**Lyftu hægindastóll 159.900**

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**



**TERNABOX - ÚTSALA**
2x90x200
299.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI**
Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla. Lök, hlífðardýnur, sængur, sængurver, handklæði og sloppar
**Gerið gæða- og verðsamanburð**

Baldursnesi 6



AKUREYRI

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal



REYKJAVÍK

*3,5% lántökugjald

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**